



Bændablaðið

5. tölublað 2016 • Fimmtudagur 10. mars • Blað nr. 462 • 22. árg. • Upplag 32.000



Ný stjórn Bændasamtaka Íslands sem kosin var á búnaðarþingi til tveggja ára. Talið frá vinstri: Gunnar K. Eiríksson í Túnbergi, Eiríkur Blöndal frá Jaðri, Einar Ófeigur Björnsson í Lóni II, Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum og Sindri Sigurgeirsson, Bakkakoti 2, sem var endurkjörinn formaður BÍ. Fyrsta verkefni nýju stjórnarinnar var að funda um tollasamninginn við ESB og stöðuna sem upp er komin vegna hertra aðbúnaðarreglna. Myndir /HKr.

Búvörusamningarnir:

Bændur funda um allt land

Um þessar mundir standa yfir bændafundir um allt land þar sem forystumenn bænda ræða nýgerða búvörusamninga. Metmæting er á fundina sem liðnir eru og þar skiptast menn á skoðunum um ágæti samninganna.

Alls voru 140 manns á fundi í Borgarnesi á þriðjudaginn var. Í máli Sigurðar Loftssonar, formanns Landssambands kúabænda, kom fram að margar áskoranir væru fram undan hjá kúabændum. Nýr samningur skapaði ýmis tækifæri og margir varnaglar væru slegnir, m.a. með endurskoðunarákvæðum. Endanleg ákvörðun um afnám kvótakerfis í mjólk verður tekin samhliða endurskoðun samningsins og atkvæðagreiðslu á meðal bænda árið 2019.

Einar Ófeigur Björnsson, stjórnamaður í BÍ, sagði að rauði þráðurinn í sauðfjársamningnum væri að treysta á aukið virði afurða og selja meira kjöt til sívaxandi hóps ferðamanna og í útflutning. Hann hvatti bændur til að hafa heildarhagsmuni íslensks landbúnaðar í huga þegar þeir greiddu atkvæði um samningana.

Atkvæðagreiðsla um sauðfjár- og nautgriparéktarsamning er hafin á meðal bændu en hún fer fram á Bændatorginu og lýkur á miðnætti fimmtudaginn 17. mars. Atkvæði verða talin 22. mars og niðurstaðan tilkynnt samdægurs. Sjá bls. 2 og 4.

Einhugur var í harðri gagnrýni á tollasamning íslenskra stjórnvalda við Evrópusambandið á nýafstöðnu búnaðarþingi:

Tollasamningur ekki til þess fallinn að efla matvælaframleiðsluna

— metinn verði kostnaður við nýjar aðbúnaðarreglugerðir fyrir landbúnaðinn — Miklar áhyggjur af stöðu svína- og alifuglabænda

Á lokadegi búnaðarþings 2. mars sl. samþykktu bændur harðorða ályktun vegna tollasamnings stjórnvalda við ESB sem gerður var í haust. Samningurinn er ekki í samhengi við fyrirætlanir stjórnvalda um eflingu innlendirar matvælaframleiðslu að mati bændu.

Var þessi ályktun gerð í ljósi þess að við upphaf búnaðarþings lýsti Ingvi Stefánsson, bóndi á Teigi í Eyjafirði og fulltrúi svínabænda á búnaðarþingi, yfir megnri óánægju með nýgerðan búvörusamning.

Mikil vonbrigði

„Það voru okkur mikil vonbrigði að ekki skyldi tekið á tollamálum og styrkir auknir vegna herts aðbúnaðar svína í nýjum búvörusamningi. Það

er í raun efni í sér kafla hvernig hægt er að gera svo langan samning þar sem engin skýr stefna liggur fyrir í tollamálum landbúnaðarins,“ sagði Ingvi m.a. í ræðu sinni. Að máli sínu loknu yfirgaf hann samkomuna.

Samstaða um gagnrýni á tollasamninginn

Miklar umræður urðu um málið á lokadegi þingsins og kom þar sterklega fram að bændur stæðu allir saman í þessu máli. Þeir styddu jafnframt sjónarmið svína- og alifuglabænda sem munu verða illa fyrir barðinu á minnkaðri tollvernd auk þess að þurfa á sama tíma að takast á við umtalsverðan kostnaðarauka vegna nýrra aðbúnaðarreglugerða. Bent var á að í öðrum nágranna-

löndum sem þurfa að mæta sams konar kostnaði vegna krafna um bættan aðbúnað dýra komi stjórnvöld verulega til móts við bændur, ólíkt því sem hér eigi að gera. Kom einnig fram að bændur telji sjálfsagt að hafa allan aðbúnað sem bestan. Hins vegar þurfi að aðstoða bændur við að takast á við kostnaðarþyngjandi reglugerðir þar að lútandi af hálfu yfirvalda. Að öðrum kosti standi íslenskir bændur engan veginn jafnfætis í samkeppni við innfluttar landbúnaðarafurðir. Í ályktuninni segir:

„Þingið krefst þess að stjórnvöld skipi þegar í stað starfshóp með fulltrúum bænda þar sem mat verður lagt á hvernig einstaka búgreinar geta tekist á við afleiðingar samningsins. Sérstaklega verði horft til

svína- og alifuglaræktar, enda tekjuþapið gríðarlegt í þeim greinum.“

Meta á kostnað við nýjar aðbúnaðarreglugerðir

Starfshópurinn á sömuleiðis að meta kostnað og áhrif sem nýjar aðbúnaðarreglugerðir hafa fyrir landbúnaðinn. Horfa skal til þess sem tíðkast í nágrannalöndunum þar sem stuðningur fylgir hertum kröfum.

Í ályktuninni segir jafnframt að unnin skuli fagleg úttekt á áhrifum breytinga á tollaumhverfinu og aðbúnaðarkröfum sem gerðar eru í landbúnaðinum. Á grundvelli hennar verði bændum sköpuð eðlileg starfs-skilyrði inn í framtíðina, enda er það forsenda þess að bændur sjái sér fært að ráðast í þær dýru og umfangs-

miklu framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla reglugerðir sem settar hafa verið.

Vilja ekki fullgildingu tollasamnings fyrr en upplýsingar ligga fyrir um áhrifin

Stjórn Bændasamtakanna var falið að setja málið í forgang og fara fram á að tollasamningurinn verði ekki fullgildur fyrr en starfshópurinn hefur skilað niðurstöðum sínum og gripið hefur verið til nauðsynlegra mótvægisáðgerða af hálfu stjórnvalda.

Kynnti Sindri Sigurgeirsson við þetta tækifæri að ný stjórn BÍ yrði strax kölluð saman í kjölfar búnaðarþings til að fylgja málinu eftir.

/TB/HK.

Fréttir

Kosningar um nýja búvörusamninga

Atkvæðagreiðsla er hafin á meðal sauðfjár- og kúabændum um nýja búvörusamninga. Kosningin fer fram rafrænt á Bændatorginu en allir sem eru á kjörskrá og voru ekki búnir að opna aðgang að Bændatorginu 3. mars hafa fengið send skrifleg kjörgögn.

Atkvæðagreiðslan hófst mánudaginn 7. mars og lýkur fimmtudaginn 17. mars á miðnætti. Frestur til að póstleggja atkvæði er til 17. mars nk. Atkvæði verða talin 22. mars og úrslit kunngerð kl. 18.00 þann dag. Á kjörskrá um nautgriparéktarsamning eru 1.234 og um sauðfjársamning 2.881.

Rétt er að undirstrika að áður en skrifleg atkvæði eru talin er farið yfir hvort kjósandi hefur greitt atkvæði rafrænt. Sé svo fellur skriflegt atkvæði dautt.

Upplýsingar um kosningarnar veitir kjörstjórn í síma 563-0300 og í netfangið kjorstjorn@bondi.is

Norðlenska: Hættir á Höfn

Norðlenska hefur ákveðið að hætta rekstri sláturhússins á Höfn í Hornafirði.

Stjórn Norðlenska tilkynnti stjórn Sláturfélagsins Búa, sem á um 70 prósent í sláturhúsinu, um þetta á fundi fyrir viku; að sauðfjárlátrun yrði ekki á þeirra vegum í næstu sláturtíð.

Stjórn Búa fundaði á þriðjudaginn síðastliðinn um stöðu mála og eru nú skoðaðir möguleikar á að heimamenn haldi rekstrinum áfram.

Á Höfn í Hornafirði er starfrækt sauðfjár- og stórgripasláturhús. /smh



Undirbúningur vegna Landsmóts hestamanna á Hólum gengur vel og hafa þegar verið seldir um 3.500 miðar. Mynd / MÞB

Landsmót á Hólum: Nægt gistirými í Skagafirði

Tæpir fjórir mánuðir eru nú í að Landsmót hestamanna hefjist á Hólum í Hjaltadal. Undirbúningur gengur mjög vel, tæplega 3.500 miðar eru þegar seldir á mótið og sala á tjaldstæðum með rafmagni fer vel af stað.

Einn mikilvægur þáttur í skipulagi stór viðburðar er fyrirkomulag á gistingu og ferðamöguleikum til og frá mótsstað. Ferðaskrifstofan Northwest Adventures í Skagafirði annast utanumhald á öllu sem viðkemur gistingu og ferðum. Stefnt er að því að rútuferðir verði í boði innan Skagafjarðar á meðan á mótinu stendur og dagsferðir verða í boði frá Reykjavík. Þá hyggja margir mótsgestir á hestaferð ýmist fyrir eða eftir Landsmót. Anna Lilja Pétursdóttir framkvæmdastjóri Northwest Adventures segir á landsmótsvefnum að mjög vel hafi gengið að koma fólki í gistingu og staðan núna sé sú að nægt gistirými sé í boði í Skagafirði á meðan á Landsmóti stendur. /MÞB

Sauðfjárræktin í nýju búvörusamningunum:

Stuðningur færður frá tómstunda-búskap til fjárbænda á lögbýlum

— réttmæt breyting að mati Sveins Hallgrímssonar, frístundabónda og fyrrv. skólastjóra á Hvanneyri

Umræður hafa verið líflegar meðal bænda á samfélagsmiðlum um nýju búvörusamningana sem undirritaðir voru 19. febrúar síðastliðinn. Bændur kjósa nú um samninginn og lýkur kosningu á miðnætti 17. mars.

Sveinn Hallgrímsson, frístundabóndi og fyrrverandi skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri, segir m.a. í umræðunni á Facebook-síðu að hann hafi verið að reyna fóta sig í umræðunni um sauðfjársamninginn. Þar segir hann m.a.:

„Eitt sem virðist vera ljóst er að ég tapa á honum. Á sínum tíma keypti ég framleiðslurétt, til að geta fengið lán úr Lánasjóði landbúnaðarins. Ég keypti 50,6 ærgilda rétt, en það var það lágmark sem þurfti til fá jarðakaupalán. Með nýja samningnum þurfum við að vera með 100 kindur til að njóta beingreiðslunnar, að mér skilst. Það getum við ekki nema byggja ný fjárhús. Ég/við töpum því þessum greiðslum. Ég/við erum náttúrllega bara „hobbybændur“ og því ekki hægt að gagnrýna þessa breytingu. Hér er því verið að færa stuðning frá tómstundabúskap til alvöru fjárbænda. Mér dettur ekki í hug að vera á móti samningnum vegna þessa ákvæðis, enda er hér um að ræða að flytja stuðninginn til alvöru bænda. Ég tel þetta réttmæta breytingu,“ segir Sveinn.

Best væri ef það þyrfti engan stuðning

Hann sagði í samtali við Bændablaðið að stærsta breytingin væri að nú erfðu menn ekki réttinn til beingreiðslna lengur, heldur yrðu að berjast fyrir því að fá stuðning með því að búa. Best væri auðvitað að bændur þyrftu engan stuðning, en þá yrðu menn um leið að taka tillit til þess alþjóðlega samkeppnisumhverfis sem íslenskir bændur störfuðu í.

Bændafundur standa yfir alla þessa viku þar sem efni búvörusamninganna er til umræðu. Um er að ræða fjóra samninga, eða rammamasamning, búvörusamning um sauðfjárrækt, nautgriparékt og garðyrkju. Þeir gilda til 10 ára eða frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2026 með endurskoðunarákvæði 2019 og 2023.

Um 140 sunnlenskir bændur mættu á opinn fund í félagsheimilinu Þingborg í Flóa þriðjudagskvöldið 8. mars. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, og Jóhann Nikulásen, bóndi í Stóru-Hildisey II, kynntu nýju búvörusamningana, sem bændur kjósa nú um. Báðir gerðu þeir grein fyrir samningunum og svöruðu fjölmörgum spurningum fundarmanna. Fjöldi bænda fór í ræðustól og lýsti skoðun sinni á samningnum og sitt sýndist hverjum.

Fullt hús í Borgarnesi

Á sama tíma og fundurinn í Þingborg var haldinn komu jafnmargir bændur, eða 140 talsins, saman á Hótel Borgarnesi. Forystumenn bænda, þeir Einar Ófeigur Björnsson, sauðfjárbóndi og stjórmaður í BÍ, og Sigurður Loftsson, kúabóndi og formaður Landssambands kúabænda, héldu framsögu á þeim fundi.



Sveinn Hallgrímsson.

Einungis lögbýli með skráða starfsemi fá stuðning

Í ljósi orða Sveins er rétt að hafa í huga að nýir búvörusamningar útiloka ekki stuðning við bú með minna en 100 fjár. Skilyrðið verður aftur á móti miðað við að búið sé á lögbýli, að viðkomandi sé með opið virðisaukaskattsnúmer og að búið sé með ÍSAT-númer í landbúnaði.

Keppa við ríkisstuddan búskap í öðrum ríkjum

Sveinn og margir fleiri hafa bent á að ekki sé sanngjarnt annað en að samkeppnin sé á jafnréttisgrundvelli. Því sé ósanngjarnt að afnema stuðningskerfi á Íslandi, á meðan bændur í samkeppnislöndunum njóti verulegra styrkja.

Benti Sveinn á tilurð þessa stuðningskerfis í upphafi. Það hafi orðið til eftir aðra heimsstyrjöldina m.a. vegna kröfu Alþýðuflokks og sósíalista um lækkun matarverðs í verðbólgu sem þá ríkti. Í kjölfarið var farið að greiða niður verð úr ríkissjóði á saltfiski, kartöflum og dillkakjöti til að skaffa alþýðu manna ódýran mat. Þetta varð síðan upp-



Að frumkvæði Bandaríkjahers var farið að styrkja bandaríska sauðfjárbændur til að framleiða ull vegna ullahskorts eftir aðra heimsstyrjöldina. Varð það til að tryggja hermönnum þjóðarinnar góð hlífðarföt. Mynd / sheepusa.org

hafið að beitingu niðurgreiðslna til að hafa áhrif á verðlagsvísitölu og þar með verðbólgu í landinu. Var þróunin hér í takt við það sem var að gerast í Evrópu og Bandaríkjunum og er nú ríkjandi um allan heim.

Sveinn segist hafa barist á móti kvótasetningu í sauðfjárrækt fyrir 1980 ásamt Katli Hannessyni búaðarhagfræðingi. Þeirra sjónarmið var að sauðfjárræktin væri betur sett til að hefja útflutning á kjöti án styrkja. Tuttugu árum síðar voru þeir á sömu skoðun en bættu við að um leið þyrfti Evrópusambandið og aðrar Evrópuþjóðir að hætta að greiða niður sinn landbúnað.

Miklir styrkir í samkeppnislöndum

Flestar þjóðir heims eru nú með einhvers konar stuðning við landbúnað og reyndar einnig sjávarútveg. Árið 1994 var Sveinn í Bandaríkjunum í eitt ár þegar Bill Clinton ætlaði að afnema styrki til landbúnaðar, m.a. til ullarframleiðslu. Sagði Sveinn að mikill styrkur sé þar í landi til ullarframleiðslu sem rekja mætti til árána eftir stríð þegar ullarframleiðsla í heiminum snarminnkaði. Hermálayfirvöld í Bandaríkjunum óttuðust þá að ekki yrði nægt framboð af ull til að framleiða ullarnærföt fyrir hermenn sem störfuðu m.a. á Grænlandi. Var þá farið að greiða styrki til bænda til að framleiða ull. Þessar styrk-

veitingar voru þó ekki skilgreindar í fjárlögum Bandaríkjanna, heldur fóru í gegnum fjárveitingar til hermálaráðuneytisins. Skrifaði Sveinn grein m.a. um málið í tímaritið Frey á sínum tíma.

Líta verður á stóra samhengið

Þegar rétt er um að leggja niður stuðningsgreiðslur til bænda á Íslandi verða menn því að mati Sveins að horfa á stóra samhengið. Þá verði einnig að hafa í huga að stór hluti stuðningsgreiðslna í öðrum löndum, eins og í Bandaríkjunum komi ekki fram í opinberum gögnum. Þar sé bændum m.a. greitt fyrir að nota ekki land til ræktunar.

Í ESB er svipað kerfi upp á teningnum. Þar eru meðal annars greiddri háir styrkir til hrossabænda til þess eins að beita land sem ekki er í ræktun svo þar vaxi ekki upp villtur gróður. Er það væntanlega gert til að hægt sé að grípa til þess lands ef og þegar þörf verður á auknu landi til matvælaframleiðslu. Er það í samræmi við CAP, landbúnaðarstefnu ESB, um að tryggja verði fæðuöryggi innan sambandsins. Litið er á það sem varnagla, í ljósi skelfilegrar reynslu liðinnar aldar, ef einhver óáran kemur upp þannig að ekki verði hægt að treysta á innflutning til að brauðfæða þjóðirnar.

/HKr.

Skiptar skoðanir um nýja búvörusamninga



Sigurður Loftsson í pontu á Borgarnesfundinum. Þórhildur Þorsteinsdóttir fundarstjóri og Einar Ófeigur Björnsson hlýða á.

Í máli þeirra kom fram að samningarnir væru ekki framlenging eða beint framhald af fyrri samningum. Um nýja samninga væri að ræða þar sem miklar breytingar væru fram undan í starfsumhverfi bænda. Um sóknarsamninga væri að ræða þar sem áhersla væri m.a. lögð á nýliðun, auknið virði afurða, dýravelferð og fjölbreyttari stuðning við bændur.

Óttast ekki offramleiðslu

Sigurður Loftsson sagði margar

áskoranir fram undan hjá kúabændum.

Hann sagðist ekki óttast offramleiðslu á mjólk því það væru slegnir ýmsir varnaglar innan samningsins.

„Við erum ekki að leggja kvóta-kerfið niður og það verður ekki gert af hendi bænda fyrr en að lokinni atkvæðagreiðslu 2019.“ Hann sagðist sjálfur vera sannfærður um að kúabændur gætu lifað án kvótakerfis en nú hefðu menn tíma til þess að meta hvort það verði við lýði eftir fyrstu endurskoðun samningsins.



Pétur Diðriksson á Helgavatni.



Einar Gestsson á Hæli II og Ágúst Gunnarsson á Stærri-Bæ voru í Þingborg.

Stjórnvöld velviljuð landbúnaði

Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni, óskaði bændum til hamingju með það að ná samningi við ríkið um rekstrarskilyrði landbúnaðar á Íslandi. „Samningurinn lýsir ákveðnum velvilja stjórnvalda til landbúnaðarins. Þjóðin vill reka landbúnað á Íslandi en spurningin er með hvaða hætti,“ sagði Pétur.

Nánar er fjallað um Bændafundina í máli og myndum á bbl.is. /MHH & TB

CONEXX®

30 ÁRA
REYNSLA

STÁLGRINDARHÚS

Conexx® hefur í yfir 30 ár hannað og smíðað stálgrindakerfi til byggingar á fjósum og öðrum gripahúsum. Conexx® var í upphafi stofnað af bændum og byggir reynslu sína fyrst og fremst á samskiptum og samstarfi við bændur. Kerfið er hannað með mjög stuttan byggingatíma í huga og býður upp á lausnir fyrir stór jafnt sem smærri kúabú.

Conexx® stálgrindakerfið uppfyllir ýrustu kröfur sem gerðar eru til nútíma-fjósa með megin áherslu á náttúrliga lýsingu og fullnægjandi loftræstingu.

• VÉLASKEMMUR - GRIPAHÚS - REIÐSKEMMUR



REYNSLA OG ÞEKKING



40 ÁRA
REYNSLA

FJÓSAINNRÉTTINGAR

BYKO býður innréttingar í fjós og önnur gripahús í samstarfi við hollenska fyrirtækið **Spinder**. Í meira en 40 ár hefur **Spinder** verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á fjósainnréttingum. Allar vörur eru hannaðar og prófaðar með ströngustu gæðakröfur í huga og miða að velferð bæði dýra og manna.

Áralöng reynsla **Spinder** hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútíma fjósa. Leitaðu tilboða og berðu saman verð og gæði.

• BURÐARSTÍUR - BÁSAINNRÉTTINGAR - BRYNNINGARKERFI



50 ÁRA
REYNSLA

GÓLF Í GRIPAHÚS

Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld framleitt gólflausnir fyrir allar gerðir gripahúsa. Gólfín frá **Swaansbeton** eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands. Hafðu samband við sölumenn BYKO og fáðu nánari upplýsingar.

Swaansbeton er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

• NAUTGRIPIR - HROSS - SVÍN - SAUÐFÉ

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÉRFRÆÐINGAR OKKAR



Kai Storgaard
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4123 / 821 4080
kai@byko.is



Helgi Svanur Guðjónsson
Sölustjóri á Selfossi.
Sími: 480 4602 / 821 4041
helgis@byko.is



Halldór Th. W. Kristinsson
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4187 / 821 4186
halldorthor@byko.is



Stefán Erlingsson
Sölustjóri á Akureyri
S: 460 4862 / 821 4058
stefaner@byko.is

Opnunartímar

www.byko.is



Aðalsímanúmer
515 4000

Verslun Breidd
515 4200

Tímburverslun Breidd
515 4100

Leigumarkaður BYKO
515 4020

Lagnaverslun Breidd
515 4040

BYKO Grandi
535 9400

BYKO Akureyri
460 4800

BYKO Reyðarfjörður
470 4200

BYKO Suðurnes
421 7000

BYKO Selfoss
480 4600

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttir

Dagsetningar	Svæði	Fundarstaður	Tími	
fimmtudagur	10. mars	Barðaströnd	Birkimelur	12:00
fimmtudagur	10. mars	Vopnafjörður	Kaupvangur	12:00
fimmtudagur	10. mars	Skagafjörður	Langamýri	12:00
fimmtudagur	10. mars	Egilsstaðir	Hótel Icelandair	20:30
fimmtudagur	10. mars	Eyja fjörður	Hlíðarbær	20:30
föstudagur	11. mars	Kópasker	Fjallalamb	12:00
föstudagur	11. mars	S-Pingeyjarsýsla	Breiðamýri	12:00
föstudagur	11. mars	Breiðdalsvík	Hótel Bláfell	12:00

Bændafundir standa yfir

Forystumenn bænda hafa á síðustu dögum kynnt nýju búvörusamningana á bændafundum. Alls voru skipulagðir 19 fundir víðs vegar um landið.

Efni samninganna er aðgengilegt á vefsíðu Bændasamtakanna og í síðasta tölublaði Bændablaðsins. Glærur með efni bændafundanna eru jafnframt aðgengilegar á Bændatorginu. Minnt er á reiknivél inni á vefsíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, rml.is, þar sem bændur geta mátað sín bú inn í reiknilíkan.



Fundataflan er birt með fyrirvara um breytingar en bændur eru hvattir til að skoða bondi.is þar sem upplýsingar um fundina eru uppfærðar jafnóðum.

/TB

Landsmót á Hólum: Nægt gistirými í Skagafirði

Tæpir fjórir mánuðir eru nú í að Landsmót hestamanna hefjist á Hólum í Hjaltadal. Undirbúningur gengur mjög vel, tæplega 3.500 miðar eru þegar seldir á mótið og sala á tjaldstæðum með rafmagni fer vel af stað.

Einn mikilvægur þáttur í skipulagi stórs viðburðar er fyrirkomulag á gistingu og ferðamöguleikum til og frá mótsstað. Ferðaskrifstofan Northwest Adventures í Skagafirði annast ut anumhald á öllu sem við-

kemur gistingu og ferðum. Stefnt er að því að rútuferðir verði í boði innan Skagafjarðar meðan á mótinu stendur og dagsferðir verða í boði frá Reykjavík. Þá hyggja margir mótsgestir á hestaferð ýmist fyrir eða eftir Landsmót. Anna Lilja Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Northwest Adventures, segir á landsmótsvefnum að mjög vel hafi gengið að koma fólki í gistingu og staðan núna sé sú að nægt gistirými sé í boði í Skagafirði meðan á Landsmóti stendur.

/MPÞ

Nýtt hestamannafélag í Skagafirði

— Guðmundur Sveinsson kosinn formaður

Stofnfundur fyrir Skagfirðing, sem er nýtt hestamannafélag í Skagafirði, var haldinn á dögnum. Formaður er Guðmundur Sveinsson, sem segir við Feyki að um mikið framfaraskref sé að ræða fyrir hestamenn í firðin-um.

Kosið var í stjórn félagsins en auk Guðmundar skipa hana Ása Hreggviðsdóttir, Skapti Steinbjörnsson, Haraldur Þór Jóhannsson og Pétur Örn Sveinsson. Varamenn eru Elvar Einarsson og Ragnar Pálsson.

Stjórn á eftir að skipta með sér verkum.

Félögin þrjú, Léttfeti, Stígandi og Svæði, sem nú sameinast í einu öflugu félagi halda sína aðalfundi á næstu dögum og verða þá formlega lögð niður. Eftir þann gjörning verður efnt til annars fundar hjá Skagfirðingi og línur lagðar.

Á fundinum voru gerðar nýjar samþykktir, rætt um nýtt lógó félagsins og var stjórninni falið að vinna það mál áfram. Einnig var rætt um framtíðina og hvað menn sjá fyrir sér.

/MPÞ



Bændaferð til Skotlands í júní

Í undirbúningi er bændaferð í júní í sumar til Skotlands þar sem farið verður m.a. á Royal Highland Show-landbúnaðarsýninguna í nágrenni Edinborgar.

Þessi ferð er byggð sérstaklega upp sem ferð fyrir íslenska sauðfjárbændur. Sýningin var fyrst haldin árið 1822 og hefur verið reglulegur viðburður síðan.

Þetta er ein virtasta og vinsælasta sýning sinnar tegundar í Evrópu og á mikið erindi við íslenska bændur.

Farið verður út fimmtudaginn 23. júní og komið heim á ný þriðju-

daginn 28. júní en í ferðinni verður auk heimsóknar á sýninguna farið í heimsóknir til skoskra bænda og til viðbótar gefst góður tími til þess að skoða bæði Edinborg og Glasgow.

Fararstjóri í þessari ferð verður Snorri Sigurðsson en það er ferðaskrifstofan GJ Travel sem heldur utan um ferðina og veitir allar nánari upplýsingar um verð sem og nánari upplýsingar um þessa áhugaverðu ferð.

Áhugasömum er bent á að hringja í GJ Travel í síma 511 1515 og biðja um utanlandsdeild.



Frá Landsmóti hestamanna á Hellu 2014.

Mynd / HKr.

Landsmót hestamanna: Verður haldið á Hellu 2020 og í Kópavogi 2022

Stjórn Landssambands hestamannafélaga tók ákvörðun á fundi sínum þann 3. mars varðandi landsmótsstaði fyrir árin 2020 og 2022.

Alls bárust umsóknir frá fimm aðilum um þessi tvö mót og sóttu sumir um bæði mótin.

Niðurstaða stjórnar var sú að

Landsmót hestamanna 2020 verður á Gaddstaðflötum við Hellu og Landsmótið 2022 verður á félagssvæði Spretts. Niðurstaðan er þó með þeim fyrirvara að samningar náist við mótshaldara varðandi rekstrarfyrirkomulag mótanna.

Með þessum góða fyrirvara gefst mótshöldurum nægur tími

til undirbúnings þessa stóra og mikilvæga viðburðar hestamanna. Samkvæmt lögum LH á að liggja fyrir með 5 ára fyrirvara hvar landsmót skulu haldin, sem þýðir að næst verður auglýst eftir umsóknum um landsmót árið 2019, fyrir landsmótið árið 2024.

/HKr.

Starfsemi sláturhússins og afurðastöðvarinnar í Seglbúðum stöðvuð

— um samskiptaörðugleika að ræða segja eigendur sláturhússins

Í tilkynningu sem Matvælastofnun hefur sent frá sér kemur fram að starfsemi sláturhússins í Seglbúðum í Skaftárhreppi hafi verið stöðvuð og markaðssetning afurða þaðan einnig.

Í tilkynningunni segir að eftirlitsmönnum Matvælastofnunar hafi nýlega verið meinaður aðgangur að húsnæðinu og því muni stofnunin ekki heimila dreifingu afurða frá sláturhúsinu fyrr en nauðsynlegt eftirlit hafi farið fram.

„Tilgangur eftirlitsins var m.a. að fylgja eftir kröfum um úrbætur frá fyrri eftirlitsheimsóknum Matvælastofnunar. Ef ekki er unnt að framkvæma eftirlit getur stofnunin ekki sannreynt að framleiðslan uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti í matvælaframleiðslu. Á meðan slíkt ástand varir er ekki hægt að heimila dreifingu matvæla og var markaðssetning stöðvuð á grundvelli 3. mgr. 30. gr laga nr. 93/1995 um matvæli,“ segir enn fremur í tilkynningunni.

Samkvæmt upplýsingum frá Einari Thorlacius, lögfræðingi hjá Matvælastofnun (MAST), hafði ítrekað verið krafist úrbóta. Um var að ræða kröfur um bætta merkingu afurða og framsetningu upplýsinga, bætta skráningu á hitastigi í kæli- og frystigeymslu og almennt bætta umgengni.

Einar segir að áminningu hafi ekki verið beitt, en það sé þó eitt af svonefndum þvingunarúrræðum samkvæmt matvælalögum. „Matvælastofnun hefur litið gripið til áminninga í gegnum árin en það hefur þó verið til umræðu innan stofnunarinnar að gera það oftfr framvegis þar sem það er talið eiga við,“ segir Einar.

Mistúlkun og samskiptaörðugleikar

Í tilkynningu sem Erlendur Björnsson og Þórunn Júlíusdóttir, ábúendur í Seglbúðum og eigendur sláturhússins, sendu frá sér á



Sláturhúsið í Seglbúðum.

Mynd / smh

Facebook-síðu Seglbúða kemur fram að ástæðu þess að eftirlitsmönnum hafi verið meinaður aðgangur sé hægt að rekja til mistúlkunar þeirra á lögnum. Stóðu þau í þeirri meiningu að Matvælastofnun þyrfti að gera boð á undan sér. Þá hafi þau bent á að engin kjötvinnsla eða slátrun væri í gangi sökum framkvæmda við sláturlínuna, þar sem aðlaga á hana að stórgripaslátrun.

„Við sáum ekki tilgang úttekta við þessar aðstæður. Þetta túlkðuð þeir sem svo að þeim væri meinaður aðgangur að byggingunni. Kvöddu þeir og fóru án frekari skýringa eða viðvarana.

Daginn eftir, þann 27.1. 2016, lýsir héraðsdýralæknirinn á Suðurlandi því síðan yfir í bréfi að eigendur hafi hindrað sig við eftirlit í Sláturhúsinu Seglbúðum. Í beinu framhaldi skrifar lögfræðingur MAST svo eigendum sláturhússins bréf þann 9.2.2016 og tilkynnir að til standi að stöðva markaðssetningu á afurðum fyrir- tækisins. Veittur var einnar viku frestur til andmæla frá dagsetningu bréfsins. Eigendur Sláturhússins Seglbúðum senda inn andmæli þann 15.2. 2016 vegna fyrirhugaðrar stöðvunar á starfsemi og svara efnislega þeim tilmælum um úrbætur sem málið snýst um. Loks kemur bréf frá MAST þann 23.2. 2016 þar sem tilkynnt er um ákvörðun stofnunarinnar um að stöðva markaðssetningu afurða Sláturhússins Seglbúðum og eigendunum gefinn

þriggja mánaða frestur til að kæra ofangreinda ákvörðun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Í bréfinu er öllum andmælum eigenda sláturhússins vísað á bug. Daginn eftir, þann 24.2.2016, sendu eigendur sláturhússins lögfræðingi MAST eftirfarandi bréf, sem hann svo staðfestir móttöku á þann 25.2.2016. [...] Okkur þykir miður hvernig málin hafa þróast og misskilnings virðist hafa gætt um hvort Matvælastofnun bæri að boða komu sína eður ei, þegar eftirlit væri annars vegar.“

Dyrnar standa Matvælastofnun ætíð opnar

„Við viljum þess vegna ítreka að dyrnar standa Matvælastofnun ætíð opnar og vonumst við til að eftirlitsaðilar sjái sér fært að mæta og framfylgja nauðsynlegu eftirliti sem fyrst, svo stöðvun markaðssetningar afurða geti verið aflétt“, segir í tilkynningunni.

Í lok tilkynningarinnar er þess getið að þetta sé ekki í fyrsta skiptið sem eigendur og starfsmenn sláturhússins upplifa samskiptaerfiðleika við eftirlitsaðila MAST, sem á að teljast óháður eftirlitsaðili og þjóna hagsmunum neytenda.

„Framhaldið er óljóst. Sláturhúsið Seglbúðum hefur ekkert að fela og bæði eigendum og starfsmönnum þykir miður hvernig erfiðleikar í samskiptum virðast ítrekað koma upp við þessa opinberu stofnun,“ segja þau Erlendur og Þórunn. /smh



Hjartanlega til hamingju, Grundarbændur!

Landstólpi afhenti núna í febrúar 750 fermetra lausagöngufjós fyrir 70 mjólkurkúr á Grund í Svarfaðardal. Óhætt er að segja að menn hafi látið hendur standa fram úr ermum við framkvæmdirnar því byrjað var að steypa undirstöður og mykjuhús í ágúst 2015 og starfsmenn okkar reistu húsið á tíu dögum í október.

Við óskum Sigurbjörgu Karlsdóttur og Friðriki Þórarinssyni á Grund innilega til hamingju og þökkum þeim fyrir afar ánægjuleg samskipti og samvinnu. Þau héldu sveitungum sínum og verk-


tökum veglega veislu í nýja fjósinu laugardagskvöldið 27. febrúar og við þökkum Svarfdælingum fyrir ánægjuleg kynni þar!

Í nýja Grundarfjósinu er eldisrými fyrir nýborna kálfa og svo afmarkað velferðarsvæði fyrir nýbærur, hið fyrsta sinnar tegundar hérlandis. Þar eru kýrnar út af fyrir sig en hafa fullt aðgengi að mjaltabjóni hvenær sem er.

Byggingin á Grund er áhugaverð og eftirminnileg af ýmsum ástæðum. Sigurbjörg og Friðrik ákváðu

að semja við Landstólpa um verkefnið í heild, það er að segja um hönnun, húsið, uppsetningu þess, loftræstibúnað og innréttingar.

Verktakar voru samhentir og verkskipulag til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst var vinnuframlag bændanna sjálfra óhemju mikið á framkvæmdatímanum, enda uppskáru þeir lægri byggingarkostnað en ella.



Heildarlausn Landstólpa

- Landstólpi hannaði fjósið á Grund, útvegaði húsið sjálft og sá um að reisa það.
- Loftræstikerfið fylgdi með, sömuleiðis steinbitar, básar og allar grindur í innréttingu.
- Slík heildarlausn er ódýrari. Það sýnir sig aftur og aftur, nú síðast í Svarfaðardal.



Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600, fax 480 5655
Opíð alla virka daga kl. 8 -17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 471 1901
Opíð alla virka daga kl. 9 -17

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbergsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Afl reiðinnar

Reiðin er vondur leiðtogi og ákvarðanir sem teknar eru í mikilli reiði eru yfirleitt þær sem enginn er stoltur af.

Íslenskt þjóðfélag logar af reiði, líkt og önnur samfélög heimsins. Þar á reiðin sér upptök í misskiptingu auðs og arðráni öfl-ugra fjármagnseigenda á óbreyttum borg-urum. Efnahagshrunið 2008 markaði eins konar þáttaskil í þessum efnum, en þá var gríðarlegu tapi af fífldjörfum fjárfesting-um peningamanna velt yfir á almenning. Eitt einkenni reiðinnar sem þá blossaði upp er óbeit á stjórnmalaflokkum sem með einum eða öðrum hætti höfðu stutt við þá þróun sem olli hruninu. Reiður almenn-ingur vill eitthvað annað, þó óskilgreint sé hvað það eigi nákvæmlega að vera.

Í Evrópu hafa pólitískar hreyfingar lengst til vinstri og hægri í pólitík dregið að sér óánægjufylgið og í Bandaríkjunum er það forsetaframbjóðandinn Donald Trump sem fleytir sér á öldufaldi reiðibylgjunnar. Á Íslandi eru það pólitísk samtök Pírata sem hagnast á sams konar reiðibylgju og það meira að segja án þess að hafa þurft að leggja fram nokkra heildstæða lausna-miðaða stefnu til að taka á raunverulegum vanda. Sama gerðist þegar Jón Gnarr vann stóran kosningasigur í Reykjavík þar sem reiðibylgja almennings fleytti honum í stól borgarstjóra. Þetta leysti þó greinilega ekki vandann, því enn kraumar bullandi reiði meðal borgarbúa. Því er vert að íhuga hvort það sama muni ekki endurtaka sig í næstu alþingiskosningum og þess vegna í næstu forsetakosningum.

Það virðist flest leggjast á árar þeirra sem auka reiðina í þjóðfélaginu þessa dagana, meðvitað eða ómeðvitað. Eins og Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávar-útvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur bent á þá hafa Samtök atvinnulífsins kynt undir með öflum sem hafa unnið þvert á hag almennings um langt árabil. Nægir þar að nefna bankautrásina, Evrópusambandsaðildarumsóknina, upp-töku evru og Icesavemálið. Á svipuðum nótum hafa forsvarsmenn fleiri samtaka talað, eins og forysta ASÍ, Samtaka versl-unar og þjónustu svo menn gleymi ekki ýmsum leiðtogum í pólitískum flokkum.

Það er augljóst að ýmislegt þarf að breytast í þjóðfélaginu til að almenning-ur geti orðið sáttur við sitt hlutskipti. Það var því eins og að skvetta olíu á eld þegar upplýst var um ákvarðanir tryggingafélaga um að greiða eigendum sínum óhóflegar arðgreiðslur. Þær ákvarðanir eru byggðar á innleiðingu á regluverki enn eins óskapn-aðarins, nefnilega ESB. Með reglum sem skrifinnar í Brussel hafa soðið saman til hagsbóta fyrir fjármagnseigendur, mega eigendur tryggingafélaga nú vaða „lög-lega“ í bótasjóði félaganna sem sækja allt sitt fjármagn í vasa tryggingartaka.

Þarna sýnir ESB yfirþjóðlegt vald sitt grímulaust. Þetta er samt fullkomlega rök-rétt, því ef einhverjir hafa ekki fattað það, þá er ESB í grunninn viðskiptabandalag fjármagnseigenda, en ekki félagsmála-stofnun, eins og ætla mætti af gerðum félagshyggjuflokkka á Íslandi á undan-förnum árum.

Það eina sem getur komið okkur út úr þeim ógöngum sem við erum nú í er lausnamiðuð pólitík. Þar er vert að hlusta á þá einstaklinga sem vilja til dæmis skoða það að breyta Landsbankanum í samfélagsbanka. Einnig að setja á fót tryggingafélag sem byggir á samfélags-legum forsendum líkt og alþingismaðurinn Frosti Sigurjónsson hefur bent á. Þar eiga Íslendingar sérstaklega tilkall í eitt félag, SJÓVÁ, sem ríkið lagði um 12 milljarða í að endurreisa á kostnað almennings.

/HKr.

Gömul og ný umræða um starfsskilyrði bænda

Sindri Sigurgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Nú standa yfir kynningarfundir um búvöru-samninga. Búið er að skipuleggja 19 fundi um land allt til að fara yfir innihald samn-inganna og möguleg áhrif þeirra í sveitun-um. Rammasamningurinn hefur þegar verið samþykktur á nýafstöðnu búnaðarþingi og garðyrkjusamningur á vettvangi Sambands garðyrkjubænda.

Atkvæðagreiðsla stendur yfir um samning-ana um starfsskilyrði nautgripa- og sauðfjár-ræktar. Hún stendur til 17. mars og ástæða til að hvetja þá sem hafa kosningarétt um samningana til að nýta hann. Það hefur mikla þýðingu fyrir samningana í heild að þátttaka í atkvæðagreiðsl-unní sé góð.

Stuðningur við landbúnað á sér langa sögu hérlandis. Árið 1943 hófust niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Þær voru liður í að draga úr verðbólgu, en einnig að tryggja bændum viðlíka laun og sambærilegar stéttir þjóðfé-lagsins höfðu. Landbúnaðarvörur höfðu hækkað í verði ári fyrir sem olli mikilli óánægju í samfélaginu og leiddi til verkfalla. Á þessum árum voru laun að miklu leyti verðtryggð og full verðlagsuppbót greidd á laun mánaðarlega samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Það var því sameiginlegur hagur stjórnvalda og neytenda að niðurgreiða búvörur til að halda niðri vísitölu og verðbólgu.

Bændur hafa lagt sitt af mörkum

Bændur voru á þessum tíma reiðubúnir til að ganga nokkuð langt til að böndum yrði komið á verðbólguna. Búnaðarþing samþykkti þannig árið 1944 að gefa eftir 9,4% hækkun á landbún-aðarafurðum sem átti að leggjast á lögum sam-kvæmt. Var sú ákvörðun tekin í trausti þess að fleiri tækju þátt í viðlíka aðgerðum, líkt og síðar gerðist í Þjóðarsáttinni árið 1990. Sú varð ekki raunin sem olli mikilli gremju meðal bænda. Þá er einnig mikilvægt að halda því til haga að við bændur lögðum okkar af mörkum við að koma koma þjóðinni í gegnum það erfiða ástand sem efnahagshrunið árið 2008 leiddi af sér. Annars vegar voru búvörusamningar teknir upp og hafði

í för með sér niðurskurð framlaga, sem hjálpaði ríkissjóði að koma aftur undir sig fótunum. Hins vegar hækkaði verð á íslenskum landbúnað-arafurðum mun minna en á öðrum vörum og hélt þannig aftur af verðbólgunni. Bændur hafa þannig, á ólíkum tímum, tekið virkan þátt í að bæta kjör landsmanna til viðbótar við að standa undir matvælaframléiðslu í landinu.

Miklar breytingar

Ótrúlegar breytingar hafa orðið á stuðnings-kerfi landbúnaðarins frá því að menn lögðu upp í vegferðina 1943. Hins vegar sækir oft að manni sú hugsun þegar hlustað er á marga gagnrýnendur landbúnaðarins að þeir séu ekki að gagnrýna landbúnað í íslenskum samtíma heldur þeirra ímynd á því hvernig landbúnaður var fyrr á árum og varpa þeirri ímynd inn í okkar samtíma. Staðreyndin er sú að gríðarlegar breytingar hafa orðið á íslenskum landbúnaði, innviðum hans, stuðningsumhverfi og viðskipt-um við útlönd á liðnum áratugum.

Útgjöld til landbúnaðar hafa snarlækkað

Samkvæmt skýrslum OECD hafa útgjöld til landbúnaðar á Íslandi lækkað úr 5% af lands-framléiðslu á tímabilinu 1986–88 niður í 1,1% á tímabilinu 2012–14. Þarna er átt bæði við bein fjárframlög úr ríkissjóði og tollvernd eins og OECD metur verðgildi hennar á hverjum tíma.

Beinn stuðningur er nú tæpir 13 milljarðar króna á ári. Metið verðgildi markaðsverndar eru rúmir 8 milljarðar til viðbótar. Værum við enn í 5% af landsframléiðslu eins og fyrir 25 árum væri samtalan tæpir 100 milljarðar. Það skal því enginn segja að ekkert hafi breyst. Og breytingarnar halda áfram. Í nýju búvöru-samningunum er áherslum breytt og í sumum tilvikum koma inn fjármunir til nýrra verkefna. Hins vegar er líka hagræðingarkrafa á samn-ingnum sem er um 8% á samningstímanum. Það þýðir að allar greiðslur lækka í þrepum á samningstímanum og verða svipaðar í lokin og þær eru á þessu ári.

Mikill velvilji í garð landbúnaðarins

Það er sjálfsagt og eðlilegt að rétt sé í samfé-laginu um stuðninginn, hvernig honum á að

vera háttað og hvað við viljum draga fram með honum. Sú umræða þarf þó að fara fram með sanngjörnum hætti. Það verður að fara yfir þá sögu sem að baki liggur og þær breytingar sem þegar hafa átt sér stað. Það er varla til sá staður í veröldinni þar sem að stjórnvöld hlutast ekki á einhvern hátt til um landbúnað, með stuðningi, verndaraðgerðum eða hvoru tveggja. Svo er einnig raunin hér. Landbúnaðurinn nýtur mikils og almenns stuðnings meðal landsmanna. Þegar það hefur verið mælt í könnunum hefur það komið skýrt fram. Nú eins og áður þýðir það ekki andstöðu við breytingar. Við höfum breyst og munum halda því áfram, en við skulum ganga að því verki með opin augu.

Breytingarnar sem nú hefur verið samið um snúast um að gera stuðninginn fjölbreyttari og almennari um leið og ætlunin er að létta kostnaði af landbúnaðinum við kaup á fram-leiðslurétti eða stuðningi. Slíkar breytingar koma vissulega misjafnlega við þá sem nú starfa í greininni, en ég tel að samningarnir séu sanngjörn málamiðlun sem sé líkleg til að skila landbúnaðinum fram á veginn.

Að loknu búnaðarþingi

Búnaðarþingi lauk í síðustu viku. Þingið sam-þykkti fjölmargar ályktanir. Meðal annars um umhverfisstefnu landbúnaðarins og kolefn-isjöfnun búskapar. Þar er gert ráð fyrir frek-ari stefnumótun. Landnýting kom einnig til umfjöllunar með öðrum hætti. Samþykktar voru ályktanir um lagningu raflína, verndun rækt-arlands, nýtingu jarðeigna ríkisins og fjallskil svo dæmi séu nefnd. Þá var einnig fjallað um merkingar búvara, landbúnaðarháskóla, smit-varnir og innflutning á hráu kjöti. Talsvert var einnig fjallað um innviði hinna dreifðu byggða eins og undanfarin ár. Samþykktimar má kynna sér nánar hér í blaðinu og á bondi.is.

Allnokkrar breytingar urðu á stjórn sam-takanna, en stjórnarmönnum var fækkað úr sjö í fimm. Um leið og ég þakka stuðninginn til áframhaldandi formennsku í samtökunum vil ég um leið þakka fráfarandi stjórnarmönnum og bjóða nýja velkomna. Búnaðarþing verður nú haldið annað hvert ár, þannig að næsta þing verður 2018. Næsta ár verður ársfundur BÍ sem verður dagsfundur með talsvert öðru sniði en búnaðarþing.

Ísland er land pitt



Úr Hveradölum í Kerlingarfjöllum. Hugmyndir eru nú uppi um að friðlýsa svæðið sem er víða mjög viðkvæmt fyrir átroðningi. Kerlingarfjöll er fjallgarður á hálendi Íslands nálægt Kili. Jarðefni úr hverum á svæðinu eru gul, rauð og græn. Vinsælt skíðasvæði var í Kerlingarfjöllum en það var aflagt árið 2000. Aðstaða er fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum. Afar slæmur malarvegur um Kjalveg og inn að Kerlingarfjöllum er þó stöðug ögn við náttúruna vegna mikillar rykmengunar og vegna þess að ferðamenn eru oft neyddir til að aka út fyrir þessa vegslóða.

Mynd / HKr.

Líf og starf



Jesper Krabbe og Sigurður Helgason, yfirmatreiðslumeistari Grillsins, hjálpast að við kjötréttinn; lamb, hvítlauksmauk og jurtir. Myndir / smh

Matarhátíðin Food and Fun var haldin í 15. skiptið:

Jesper Krabbe gestakokkur Grillsins bar sigur úr býtum

Fjórir bestu gestakokkarnir á matarhátíðinni Food and Fun kepptu til úrslita á laugardaginn síðastliðinn um nafnbótina Food and Fun-kokkur ársins 2016. Jesper Krabbe, gestakokkur á Grillinu, bar sigur úr býtum.

Jesper Krabbe starfar á veitingastaðnum Henne Kirkeby Kro á Vestur-Jótlendi í Danmörku. Síðastliðin tvö ár hefur hann komið með Paul Chunningham, sem er yfirmatreiðslumaður á Henne Kirkeby Kro, og aðstoðað hann sem gestakokkur á Grillinu. Að þessu sinni kom Jesper Krabbe með sinn matseðil og áhrif sem þykir falla vel að matreiðslu Grillsins. Hún einkennist af létt- og einfaldleika, þar sem mikið er lagt upp úr fyrsta flokks hráefni úr nærumhverfinu.

Matseðillinn samanstóð af humar, sandhverfu, lambi og handgerðu Omnom-súkkulaði.

Matarhátíðin stóð yfir frá 2.–6. mars, á mörgum af bestu veitingastöðum borgarinnar, en nítján staðir tóku þátt að þessu sinni.

Um 300 gestakokkar komið á Food and Fun

Þetta er 15. árið sem hátíðin er haldin, en upphaf hennar má rekja til þess að þeir félagar Sigurður L. Hall og Baldvín Jónsson vildu gæða veitingahúsaflöruna í borginni lífi á þeim árstíma þegar hvað daufast var yfir henni.

Baldvín segir að þegar hann horfi til baka standi það upp úr hvernig allt yfirbragð hátíðarinnar hafi breyst. Fyrsta árið áttu þeir í hálfgerðum vandræðum með að fá átta góða staði til að taka þátt, en núna leika þeir sér að því að fá 19 þátttakendur. Hann segir að það sé orðið mjög



Svíinn Gabriel Mellem Andersson var gestakokkur á Hausti og bar fram þennan fallega lambakjötsrétt á úrslitakvöldinu (sjá hér að neðan). Lambaframpartur, nípukrem, bleikjuhrogn og hnúðkál.



eftirsótt að koma og fá að taka þátt og honum reiknast til að um 300 gestakokkar hafi komið á þessum tíma. Færri komist að en vilja.

Hann segir það líka ánægjuefni að hann verði sífellt var við aukinn áhuga Íslendinga að fara út að borða á þessum tíma. Fólk skipuleggi það gjarnan með góðum fyrirvara í dagbókum sínum hvar og hvenær það ætli að fara út að borða og fórnir jafnvel utanlandsferðum. /smh



Á dómaraborðinu. Sigurði L. Hall og Ragnheiði E. Árnadóttur leiddist ekki að taka út alla þessa frábæru rétti sem bestu kokkarnir á Food and Fun 2016 buðu þeim upp á.

MÆLT AF MUNNI FRAM

149

Upp í hendur mínar barst giska gömul og góð bæjarnafnagáta. Höfundur gátunnar Eyfirðingur, Jón Ólafsson, var fæddur árið 1840, og bjó lengst á Hólum í Saurbæjarhreppi og reyndar víðar í Eyjafirði. Vísna gátuna færði mér **Páll Albert Magnússon**, f. 1937, nú búsettur á Akureyri, og er höfundur „Bæjarnafnagátunnar“ langalangafi hans. Nú læt ég lesendum eftir, að ráða fram úr þeim bæjarnöfnum sem er að finna í hverri línu gátunnar. Í einni línu gátunnar er reyndar að finna tvo bæi. Helst trúí ég að innfæddir Eyfirðingar átti sig á þeirri bæjarröð sem gefur að finna í gátunni. Réttu lausnina mun ég svo birta lesendum er tímar líða:

Gekk ég að galtarbekki.
Götu að bók þó ekki.
Heim að hræfuglsinni.
Hljóp ég enda á för minni.
Að ýmis beins búa sæti.
Brjósti og jurta fæti.
Þá að hegningar færi.
Og heim loks að jarðbandsmæri.

Lesendur fengu að líta fáein sýnishorn úr nýútkominni vísna bók sem „Leir“ heitir og hefur að geyma vísur þeirra hagyrðinga sem yrkja inn á Leirvefinn. **Björn Ingólfsson**, fyrrv. skólastjóri á Grenivík, yrkir mikið inn á vefinn. Eitt vorið er flugurnar voru komnar á kreik orti Björn:

Vorið kemur, vaknar dugur,
víkur burtu snjór og krap.
Úti í glugga fiskiflugur
farnar að sýna dónaskap.

Björn leit við á Reðursafninu á Húsavík og var hlutlaus í umsögn um staðinn:

Nú er farið fólki að sýna
í faðmi Þingeyinga
hana-,krumma-,hunda-, svína-,
hesta- og mústittlinga.

Vísindamenn reyndu að rækta baunir sem ekki yllu vindgangi. Birni leist illa á hugmyndina:

Magnast og aukast mannsins raunir.
Mörgum mun verða ofboðið
sem gleypst hefur í sig gular baunir
og getur svo ekki rekið við.

Þessar vikurnar eru sauðfjárbændur sem ákafast að láta telja fósturvísa í fé sínu. Mikil hagræðing er það, er að sauðburði kemur, að vita fyrir hvers er að vænta úr hverri kind. **Einar Kolbeinsson**, sauðfjárbóndi í Bólstaðarhlíð, lætur ekki telja fósturvísa í sínu fé, en orti þó inn á Leirinn bæði sæll og glaður á sauðburði:

Er til nokkur önnur lind,
sem auðinn veitir skár,
en þegar verða úr hverri kind,
kannski einar þrjár?

Hjálmar Freysteinnsson læknir fór að atast í Einari á Leirnum:

Að búskapurinn beri arð
til bóta er talið vera,
en undrandi þó Einar varð
er ærnar fóru að bera.

En **Einar** hélt bara áfram að upplýsa Leirverja um frjósemi fjárens:

Ógurlega aukast sé
auð í lífs míns högum,
af því ég á fleira fé
en fyrir nokkrum dögum.

Eins og byltingin étur börnin sín, þá gengur líka á auðinn hjá **Einari**, einkanlega þegar haustar:

Oft við matnum glaður gín,
þó græðgin valdi raunum.
Er að éta ána sín,
Einar Kol. með baunum.

Þónokkrir hafa haft samband við mig og lýst löngun sinni til að eignast **Leirbókina** sem hér hefur verið vitnað til. Áhugasömum skal á það bent, að bókina er að finna í mörgum bókabúðum og enn fremur hjá Óðinsauga, útgáfufélagi bókarnnar.

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir



Kattarfló hefur nú greinst í köttum á höfuðborgarsvæðinu og nú síðast í miðbæ Reykjavíkur. Talið er að útbreiðsla kunni þegar að vera orðin meiri en fólk gerir sér grein fyrir.

Dýraheilbrigði:
Kattarfló greinist á Íslandi

Kattarfló greindist á ketti á höfuðborgarsvæðinu fyrir skömmu. Flóin er ekki landlæg hér á landi en getur valdið bæði dýrum og mönnum miklum óþægindum og jafnvel veikindum.

Matvælastofnun hvetur fólk til að vera á varðbergi gagnvart þessari óværu og leggur áherslu á að reynt verði að uppræta hana.

Á heimasíðu Matvælastofnunar 12. febrúar var greint frá því að dýralæknar á Dýraspítalanum í Garðabæ hafi fengið grun um kattarfló á ketti og sent sýni til greiningar á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, sem staðfesti að um væri að ræða kattarfló, Ctenocephalides felis.

Matvælastofnun hefur haft samband við eiganda kattarins og gefið fyrirmæli um ráðstafanir til að hindra að flærnar breiðist út. Haft verður samband við alla sem vitað er að hafa haft einhver tengsl við viðkomandi kött á undanförmum mánuðum.

Hinn 3. mars var síðan birt önnur tilkynning um að kattarfló hafi greinst á fleiri köttum á höfuðborgarsvæðinu.

„Hætt er við að flóin sé útbreiddari en talið hefur verið. Matvælastofnun telur þó mögulegt að uppræta flóna en til þess þarf samstillt átak hunda- og kattaeigenda. Sérstaka smitgát skal viðhafa á dýrasýningum.

Tilkynning um grun barst í síðustu viku frá Dýralæknastofu Dagfinns, sem svo var staðfestur á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Um var að ræða kött af heimili í miðborg Reykjavíkur, sem fer út að vild. Þegar málið var kannað kom í ljós að eigandi hans hafði farið með hann til dýralæknis oftan en einu sinni á síðasta ári, m.a. vegna kláða og annarra einkenna. Kötturinn fékk meðhöndlun gegn flóm þar sem þetta var á þeim tíma sem fuglaflærnar eru á kreiki. Í ljósi greiningarinnar nú er talið líklegt að hann hafi verið með

flær um töluverðan tíma. Af þessu má sjá hversu erfitt getur reynst að finna flærnar og losna við þær.“

Ekki í fyrsta sinn sem kattarfló greinist hér á landi

Kattarfló hefur greinst í stökum tilfellum hér á landi. Hún greindist á hundum á árunum 1980 og 1984 og á innfluttri kanínu í einangrun árið 2012 og innfluttum hundi árið 2013. Í öllum tilvikum náðist að uppræta flóna.

Veldur óþægindum og jafnvel veikindum

Kattarflær geta valdið dýrum og mönnum miklum óþægindum og jafnvel veikindum. Hún getur jafnframt borið með sér sýkla sem ekki hafa greinst í dýrum hér á landi og geta valdið veikindum í köttum og jafnframt borist í fólk.

Ef dýrin klóra sér, sleikja eða bíta í húðina meira en venjulega er rétt að skoða feldinn vel. Flærnar eru dökkbrúnar, um 1 til 3 millimetrar að stærð og eru því sýnilegar með berum augum en stundum getur verið erfitt að koma auga á þær og auðveldara að sjá flóaskítinn.

Gott ráð er að setja hvítt handklæði undir dýrið og nudda feldinn eða kemma með flóakambi, ef svört korn falla úr feldinum er hugsanlegt að þau séu flóaskítur. Séu dýrin með fló þarf að meðhöndla þau og samhliða þarf að gera ráðstafanir á heimilinu til að uppræta flærnar.

Egg flónna falla af dýrinu og klekjast út til dæmis í teppum, húsgögnum og glufum í gólfi. Lirfurnar þrífast best við stofuhita og hátt rakastig. Lirfurnar púpa sig eftir nokkra daga og fullorðnar flær koma svo úr púpunum þegar aðstæður eru hentugar, svo sem þegar lifandi dýr eða manneskja er í hæfilegri nálægð. /VH/MAST

Íbúafundur í Svarfaðardal og Skíðadal:
Vegir verði lagfærðir, upphækkaðir og lagðir slitlagi

Íbúafundur sem haldinn var í Svarfaðardal og Skíðadal fyrir nokkrum skorar á sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar að vegir fram í Svarfaðardal og Skíðadal verði lagfærðir og upphækkaðir hið allra fyrsta og sett á þá bundið slitlag.

Enn fremur skoraði fundurinn á sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar að breyta reglum um mokstur heimreiða þannig að fyrsti klukkutíminn fyrir snjómokstur verði greiddur af sveitarfélaginu en mokstur þar umfram verði greiddur til helminga

af sveitarfélaginu og ábúendum. Þá skoraði fundurinn einnig á sveitarstjórn að mótmæla þeirri ákvörðun Íslandsþósts að draga úr þjónustu í dreifbýli Dalvíkurbyggðar.

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar fjallaði um erindi frá íbúafundinum og samþykkti á fundi að fela sveitarstjóra að gera tillögu til Vegagerðarinnar um vetarþjónustu og aðrar framkvæmdir og leggja fyrir næsta fund Byggðaráðs. Samþykkt var einnig að halda óbreyttum reglum varðandi heimreiðamokstur. /MPÞ



Loðmundur og Snækollur í Kerlingarfjöllum.

Mynd / HKr.

Umhverfisráðuneytið:
Vinna hafin við friðlýsingu Kerlingarfjalla

Sett hefur verið af stað vinna á vegum umhverfisráðuneytisins við undirbúning að friðlýsingu Kerlingarfjalla.

Í frétt á vef umhverfisráðuneytisins segir að Kerlingarfjöll búi yfir stórbrotinni náttúru og að þau séu vel afmarkaður fjallaklasi á hálendinu, með einstaka litadýrð. Þar eru fjölbreyttar og sérstæðar jarðmyndanir og merkilegt samspil jarðhita, íss og gróðurs. Innan Kerlingarfjallasvæðisins eru jafnframt fjögur svæði í verndarflokki rammaáætlunar.

Vinsælt útivistarsvæði

Kerlingarfjallasvæðið nýtur mjög

vaxandi vinsælda fyrir hvers konar útivist. Áður var þar vinsælt skíða-svæði en nú heimsækja gestir svæðið fyrst og fremst til útivistar þar sem víðerni og háhitasvæði eru helsta aðdráttarafl svæðisins.

Í Kerlingarfjöllum er jafnframt vaxandi ferðaþjónusta. Við undirbúning að friðlýsingu svæðisins er ætlunin að stuðla að því að starfsemi innan þess verði sem mest sjálfbær.

Vilja setja reglur tímanlega

Í umfjölluninni segir að í Kerlingarfjöllum geti skapast sérstaða sem sjálfbær áfangastaður sem skapar tengsl við nærsvæði á Suðurlandi

Alþýðusambandið leggst gegn nýjum búvörusamningum

— forsætisráðherra og fólk innan verkálýðshreyfingarinnar gagnrýna ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur skorað á Alþingi að hafna nýjum búvörusamningum. Í ályktun sem birt er á vef ASÍ segir að búvörusamningar til næstu tíu ára feli í sér óbreytt ástand og muni ekki bæta hag neytenda.

Skorað er á Alþingi að „taka tillit til sjónarmiða neytenda um aukna samkeppni í landbúnaði og móta sókjndjarfa stefnu í landbúnaði sem kæmi öllum til góða, bændum, starfsmönnum í greininni og neytendum“, svo vitnað sé orðrétt í ályktunina. Ályktun Alþýðusambandsins hreyfði við mörgum en meðal annarra brást Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra við málflutningi forsvarsmanna ASÍ í tengslum við málið.

ASÍ vill aukinn innflutning búvara

Í ályktun ASÍ segir að „... það hafi lengi verið skoðun sambandsins að þörf sé á auknum innflutningi landbúnaðarvara og þar af leiðandi aukinni erlendri samkeppni til að veita aðhald á markaði með íslenskar landbúnaðarvörur, markaði sem einkennist af fákeppni og einokun“. Þessir markaðsbrestir eru sérstaklega sýnilegir í mjólkurframleiðslu, að mati ASÍ, þar sem ríkjandi fyrirkomulag ásamt undanþágu frá samkeppnislögum hefur leitt til þess að stórir framleiðendur hafa kerfisbundið komið í veg fyrir innkomu nýrra aðila á markað og misnotað markaðsráðandi stöðu sína til að koma í veg fyrir samkeppni.

Forseti ASÍ úr tengslum við stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags í Þingeyjarsýslu, kom fram á Facebook í umræðum um ummæli



Gylfi Arnbjörnsson.



Aðalsteinn Árni Baldursson.

Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ, um búvörusamningana. Eitt af því sem Gylfi gagnrýndi við gerð búvörusamninga var samráðsleysi. Aðalsteinn Baldursson sagði hins vegar að forseti ASÍ hefði ekki haft samráð við stéttarfélag sem hafa innan sinna raða fjölmenna hópa starfsfólks í matvælaíðnaði áður en hann „gaf út þessa ömurlegu yfirlýsingu“. Orðrétt sagði Aðalsteinn svo: „Yfirlýsing þar sem talað er fyrir auknum innflutningi á landbúnaðarafurðum á kostnað innlendrar framleiðslu. Hann hefur áður talað fyrir því að neytendur sniðgangi íslenskar landbúnaðarvörur þegar bændur hafa farið fram á hækkanir á afurðaverði. Sem formaður



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

í stéttarfélagi með fólk sem á allt undir því að landbúnaður á Íslandi þrífist undrast ég þessi ummæli forseta ASÍ svo ekki sé meira sagt.“

Forsætisráðherra sendir tóninn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson birti pistil 3. mars á vefsíðu sinni, sigmundurdavid.is, þar sem hann gagnrýnir málflutning forseta ASÍ harðlega. Hann furðar sig á því hvað þeir sem síst skyldu atast mikið og lengi í bændum. Hann spyr m.a. hvernig vinnuaðstæður og kjör séu í mörgum þeirra verksmiðjubúa sem ráða verðlagningunni á matvæla-markaði erlendis og hvort það myndi þjóna hagsmunum íslenskra iðnaðarmanna að senda peninga úr landi til starfsmannaleiga, t.d. í Indónesíu. Sigmundur bendir á að búvörusamningar snúist ekki bara um að verja bændur heldur um samvinnu ólíkra stétta. Hann telur að minni stuðningur við innlenda matvælaframleiðslu bæti ekki kjör annarra hópa. „Á endanum myndi það þýða auknið gjaldeyristap og hærri álagningu á hinum innflutta matvælum eins og menn hafa kynnst í löndum sem gert hafa tilraunir í þessa veru,“ sagði Sigmundur Davíð.

Þingborgarhópurinn með lopapeysusamkeppni: Þemað er „Íslenska lopapeysan í nútíð og framtíð“

Ullarvinnslan í Þingborg fagnar 25 ára afmæli í sumar. Af því til-efni efnir Þingborgarhópurinn til lopapeysukeppni.

„Við erum að fagna tuttugu og fimm ára afmæli Ullarvinsslunnar í Þingborg í ár og ákváðum því að efna til lopapeysusamkeppni á meðal landsmanna en þema keppninnar er „Íslenska lopapeysan í nútíð og framtíð“, segir Margrét Jónsdóttir úr Þingborgarhópnum. Peysurnar eiga að vera úr íslenskum lopa og eða bandi, þær verða að vera frum-

samdar og peysan eða mynstrið má ekki hafa birst opinberlega.

„Síðasti dagur til að senda inn peysur er 13. maí og verða úrslit kynnt á sveitahátíðinni „Fjörri í Flóa“ í Flóahreppi, sem haldin verður helgina 27.–29. maí í vor. Allar innsendar peysur verða á sýningu í Félagsheimilinu Þingborg í Flóahreppi umrædda helgi og síðan verður sýningin færð yfir í Gömlu Þingborg þar sem Ullarvinnslan er til húsa, þar verða valdar peysur til sýnis til loka ágúst 2016.“ /MHH



Margrét með eina lopapeysu í Gömlu Þingborg þar sem Þingborgarkonurnar eru með vinnuáðstöðu og verslun. Reiknað er með mikilli þátttöku í lopapeysusamkeppninni. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.



DEUTZ-FAHR 5110C
með ámoksturstækjum og skóflu:

Verð frá

Kr. 9.100.000,-

án VSK

DEUTZ FAHR 5110C - alhliða traktor með nútíma þægindum

5C serían er hönnuð sem alhliða vél sem vinnur frábærlega með ámoksturstækjum. Við hönnun vélarinnar var þess gætt að hún væri notendavæn og þægileg en jafnframt einföld og laus við óþarfa rafbúnað og tækni.

5 góðar ástæður til þess að kaupa sér Deutz úr 5C seríunni:

- Þýskur 3,6L Deutz mótör - 110 hö.
- Stop&Go (turbokúpling) - hægt að hemla og stöðva án þess að kúpla
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
- Eco vökvaðæla sem skilar hámarksflæði við aðeins 1.600 snúninga
- SSD - tvöföld stýrisdæla, fækkar snúningum á stýri

Bændur, fáid tilboð í DEUTZ-FAHR 5110C með Stoll FZ20 ámoksturstækjum og skóflu hjá sölumönnum okkar.

Haumbaur ál og stálkerrur



750 kg álkerra opnast að fram og afturgaffli.

Verð kr. 275.000.- stgr.

Gerð 1374. stærð 251x131cm.

Einnig til með sturtum.

Gerð 1384. Verð kr. 325.000.-stgr.



Vélavagnar og bílakerrur í ýmsum stærðum og gerðum.



Ál og stál sturtukerru og flatvagnar margar gerðir og stærðir. Veitum upplýsingar og gerum tilboð



2500kg tveggja öxla kerra fyrir bændur og iðnaðarmenn.

Gerð 2331 stærð 303x150cm.


Verð kr. 560.000.- stgr m/vsk og skráningu.



Fyrir bændur og iðnaðarmenn 1300kg álkerra á einum öxli frábæru verði.

Gerð 1339 stærð 303x150cm.

Verð kr. 450.000.- stgr.m/vsk og skráningu.



Létt og sterk 750kg álkerra á frábæru verði kr. 149.900.- stgr. Gerð 1380 stærð 201x102cm

Topplausnir

www.Topplausnir.is - Sí 5177718

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: www.topplausnir.is



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Fréttir

Rannsóknamiðstöð ferðamála: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir nýr forstöðumaður

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála frá 15. maí næstkomandi.

Guðrún Þóra hefur aflað sér víðtækrar reynslu og þekkingar á ferðamálum undanfarin 20 ár. Hún er með meistaragráðu (MBA) í stjórnun ferðapjónustu frá University of Guelph, Ontario í Kanada og meistaragráðu frá University of Oregon, USA í samanburðarbókmenntum. Hún leiddi uppbyggingu ferðamáladeildar Háskólans á Hólum og var deildarstjóri þar í 13 ár. Hún hefur síðustu 7 árin gegnt starfi lektors við sömu deild. Guðrún Þóra sat sex ár í vísinda- og tækniráði og var um árábil fulltrúi Íslands í Norrænu Atlantshafsnefndinni (NORA). Guðrún Þóra mun sinna starfi for-



stöðumanns í fullu starfi frá 15. maí næstkomandi en í hlutastarfi þangað til.

Fráfarandi forstöðumaður, Kristín Sóley Björnsdóttir, mun sinna starfinu til 1. apríl og í kjölfarið taka við starfi kynningarstjóra hjá Menningarfélagi Akureyrar. /MPÞ



Tvö félagasamtök í Eiðapinghá vilja kaupa gamla barna- og leikskólann á Eiðum og reka þar ferðapjónustu. Mynd af vef Austurfrétt

Félagasamtök vilja kaupa barna- og leikskólann á Eiðum

Bæjarráð Fljótshálsdals hefur falið bæjarstjóra að ræða við tvö félagasamtök í Eiðapinghá sem vilja kaupa gamla barna- og leikskólann á Eiðum. Félagasamtökin eru Búnaðarfélag Eiðapinghár og Kvenfélag Eiðapinghár. Tilboð félaganna tveggja í skólahúsnæðið nemur 23 milljónum króna.

Farið var yfir drög að kaupsamningi við félögin á fundi bæjarráðs á dögunum en jafnframt voru lögð fram drög að samningi um afnot af íþróttasvæðinu á Eiðum sem og drög að samningi um fjarvarmaveituna sem staðsett er í húsnæði barnaskólans og lok starfsemi hennar.

Á fundinum var bæjarstjóra veitt

umboð til að ganga frá og undirrita samningana með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Afnot af íþróttavelli gegn því að hirða hann

Í tilboði búnaðarfélagsins og kvenfélagsins er einnig óskað eftir afnotum af íþróttavellinum sem fyrir er á Eiðum gegn því að félögin sjái um að hirða hann. Völlurinn hefur verið í eigu sveitarfélagsins um árábil, en í umsjá UÍA. Félögin tvö hafa hug á að reka ferðapjónustu í hluta húsnæðis sem fyrir eru á staðnum og nýta það að auki sem félagsaðstöðu fyrir nærsamfélagið. /MPÞ



Wasabi til sölu á fiskmarkaði í Tókíó.

Mynd /Wikimedia commons: hfordsa

Wasabi-ræktun í gróðurhúsum Barra

Nýverið bárust fregnir af því að íslenskt nýsköpunarfyrirtæki, Wasabi Iceland, hefði náð að ljúka fjármögnun sem nemur 50 milljónum króna, fyrir verkefni sem felst í því að hefja ræktun á wasabi-jurtinni í húsakynnum gróðrarstöðvarinnar Barra á Fljótshálsdalsþétti.

Fyrirtækið var stofnað af þeim Johan Sindra Hansen og Ragnari Atla Tómassyni á síðasta ári, en

gert er ráð fyrir að ræktun hefjist með vorinu. Gáfu þeir félagar ekki færi á viðtali en sögðust ætla að láta verkin tala.

Alvöru wasabi er afar eftirsótt og verðmætt hráefni til matargerðar – einkum er það notað í sushi-rétti – enda þykir jurtin mjög erfið í ræktun. Stöngullinn er þá raspaður niður þannig að úr verður mauk sem svo er notað í matargerðina. Blöðin eru einnig æt.

Bragðið þykir ekki ósvipað piparrót, enda er hún gjarnan notuð með sinnepi og öðrum hjálparefnum til að búa til eftirlíkingu af wasabi-mauki.

Í viðtali við Ríkisútvarpið frá því í byrjun febrúar síðastliðnum segir Skúli Björnsson, framkvæmdastjóri Barra, að aðstæður og búnaður í gróðurhúsum Barra henti vel til að stýra aðstæðum við ræktun á wasabi. Gert er ráð fyrir að fyrsta uppskera verði að vori 2017. smh



Hestarnir hurfu af túni á eyðibýlinu Gljúfrá í Borgarfirði um mánaðamótin október-nóvember 2015.

Dularfullt hvarf á tveimur hestum af girtu túni í Borgarfirði

— hurfu frá sjö hryssum úr girðingu á Gljúfrá

Þórdís Mjöll Reynisdóttir, hestakona í Borgarfirði, saknar tveggja hesta sem hurfu úr girðingu á eyðibýlinu Gljúfrá í Borgarfirði um mánaðamótin október-nóvember síðastliðinn. Þykir brotthvarf þeirra dularfullt í meira lagi.

Þessir hestar eru ótamdir og á sjötta vetri. Annar er dókkjarpur og heitir Garri. Hann er skráður í Worldfeng með númerið IS 2010 13 6611. Hinn er rauðjarpur og heitir Glæðir og er með númerið IS 210 13 6612.

Tilkynnt til lögreglu

„Ég var ekki á svæðinu þegar þeir hurfu og ég tilkynnti þetta til lögreglu,“ segir Þórdís. Hún segir að búið hafi verið að gelda þessa hesta og þeir hafi verið inni á túninu á Gljúfrá með sjö hryssum sem tilheyrðu henni líka.

„Ég hafði þá graða til þriggja vetra en þá geldði ég þá. Þeir voru

þarna á túninu og búnir að skipta með sér hryssunum og allt virtist í góðu lagi þegar þeir hverfa allt í einu. Það er óskiljanlegt að bara þeir tveir fari frá hryssunum út úr girðingunni. Þarna voru tvær hryssur sem þessir hestar komu með úr stóði og því undarlegt að þeir yfirgefi þær. Ég trúi því heldur ekki að brotthvarf þeirra sé einhver tilviljun.

Þetta er mjög tilfinningaríkt fyrir mig. Ég keypti þessa hesta, þá veturgamla fola, af Þorvaldi Jósepsyni sem bjó einu sinni í Sveinatungu og er annálaður hrossaræktandi. Það hafði verið draumur minn lengi að eignast hross frá honum. Ég keypti þessa tvo og þeir áttu að fara í tamningu þegar þeir hurfu af girtu túninu.“

Túnið girt með tveggja strengja rafgirðingu

Þórdís segir að túnið hafi verið með tveggja strengja rafmagnsgirðingu

og girt gaddavír að auki meðfram skurðum. Hún segist hafa keypt girðinguna af þeim sem þar voru áður. Segir Þórdís að þegar hrossin hafi verið búnir að vera þarna í mánuð, þá hafi farið að bera á því að klippt var á strengi og hrossin hafi fælst úr girðingunni með miklum tryllingi og inn á afréttinn við Langavatn og upp í Sauðhúsaskóg.

Flúði með hrossin niður í Leirársveit

„Það endaði með því að ég flúði þaðan með hrossin fyrir nokkru að Neðra-Skarði í Leirársveit. Ég tel sterkar líkur á að hestarnir tveir horfið af mannavöldum. Ég vil þó ekki vera að ásaka einhvern ákveðinn þótt ég hafi mínar grunsemdir,“ segir Þórdís.

Ef einhver verður hestanna tveggja var, þá er hægt að hafa samband við Þórdísi Mjöll Reynisdóttur í síma 868-1995. /HKR.

Fjögur námskeið í Fjárvís

Námskeiðin verða haldin sem hér segir:

22. mars á Hvanneyri í Vaði, Ásgarði - Lbhi.

29. mars á Selfossi, í fundarsal Búnaðarsambandsins að Austurvegi 1.

30. mars á Hvolsvelli í Hvolsskóla.

31. mars á Kirkjubæjarklaustri í Kirkjubæjarskóla.

Öll námskeiðin eru frá kl. 13:00-17:00 og þurfa þátttakendur að koma með eigin tölvur.

Námskeiðin eru einkum ætluð sauðfjárbændum sem eru þátttakendur í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt og hafi einhverja reynslu í færslu skýrsluhalds. Farið verður í helstu aðgerðir sem FJARVIS.IS býður upp á fyrir skýrsluhaldara m.a. skráningarþætti, gripaleit og skýrslur.

Kennari: Eyjólfur Ingvi Bjarnason ráðunautur hjá RML.

Námskeiðsgjald er kr. 15.000,-

Unnt er að sækja um styrk úr starfsmenntasjóði Bændasamtaka Íslands á móti námskeiðsgjaldinu.

Hámarksfjöldi þátttakenda á hverju námskeiði er 15.

Staðfesta skal þátttöku til RML í síma 516-5000 eigi síðar en 18. mars.

Námskeiðið er á vegum RML og tölvudeildar Bændasamtaka Íslands.

RML og Bændasamtök Íslands áskilja sér þann rétt að fella niður námskeið ef næg þátttaka næst ekki.



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



www.lyfja.is

Naglsveppir?



Amorolfín ratiopharm fæst án lyfseðils í apótekum Lyfju

Lyfjalakk á neglur

Amorolfín er breiðvirkt sveppalyf sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum og er ætlað á bæði fingur- og tåneglur.

Amorolfínið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og í gegnum nóglinu og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum.

Þar sem meðferðin er staðbundin eru aukaverkanir mjög sjaldgæfar og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.

Amorolfín ratiopharm er einungis notað einu sinni í viku - munið að lesa leiðbeiningar í fylgiseðli.



20% afsláttur

gildir til 31. mars 2016

Notkunarvið: Amorolfín ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfín og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nögnum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Fordæst skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nögnum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðgangi og brjóstgjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmun:** Lyfjalakkið er borið á syktar fingur- eða tåneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nóglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

Lágumla Laugavegi Nýbýlavegi
Smáralind Smáralind Borgarnesi
Grundarfirði Stykkishólmi Búðardal
Patreksfirði Isafirði Blönduósi
Hvammstanga Skagastönd Sandáarkróki
Húsvík Þórshöfn Egilstöðum
Svölufirði Neskaupstað Eskilfirði
Reyðarfirði Hófn Laugarási
Selfossi Grindavík Keflavík

Til sölu fallegur og hljómfagur flygill

Framleiðandi: Young Chang
Mjög vel með farinn og lítið notaður.

Á sama stað er til sölu frímerki og frímerkjasafn.

Upplýsingar gefa:

Flygill - Messíana sími 863-1642

Frímerki - Ásgeir sími 844-0172 eða í síma 456-3485



Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

radarcan®



Hátíðnifælur í hæsta gæðaflokki.
Gegn flugum, músum, rottum, köttum og hundum.

Sölustaðir:



Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

FROSTFRÍAR LAUSNIR

Polarflex Pirit Pro frostfríar slöngur



Slöngur með innbyggðan sjálfvirkan hitastilli sem hitnar þegar þörf er á.

Tilvalin lausn þegar færa þarf vatn og frárennsli frá A til B á kuldaslóðum!



Polarflex snjóbræðslumottur

Bræða klaka og snjó við snertingu þannig að svæði haldist snjólaus og klakalaus.

Enginn snjómokstur, klaki eða salt!



KJARAN ehf. | Síðumúla 12-14 | 108 Reykjavík | Sími 510 5500 | kjaran@kjaran.is | kjaran.is

KJARAN

BOSCH



-30%

BOSCH AQT 33, 100 bör,
L/klst max 300, 1300 W
13.855 kr.
74810233
Almennt verð: 19.795kr.

SPÚLUM EÐA SMÚLUM SAMAN?

KÄRCHER



KÄRCHER 120 bör,
L/klst max 420, 1800 W
39.495 kr.
59680100



BOSCH

BOSCH AQT 35, 120 bör,
L/klst max 350, 1500 W
27.695 kr.
74810235

BOSCH AQT 37, 130 bör,
L/klst max 370, 1700 W
34.595 kr.
74810237



SKIL

SKIL 105 bör,
L/klst max 370, 1400 W
12.995 kr.
74097000

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboðin gilda til 29. febrúar 2016.



byko.is

AUDVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttir

Matar- og landbúnaðarhátíð við setningu búnaðarþings:

Hátíð bænda í Hörpu

Búnaðarþing 2016 var sett 28. febrúar í Hörpu við hátíðlega athöfn. Af því tilefni var landbúnaðar- og matarhátíð slegið upp þar sem um 6.000 gestum gafst kostur á að kynna sér úrval íslenskra búvara hjá nokkrum úrvinnslufyrirtækjum bænda, skoða búvélar og virða fyrir sér mannlífið í Hörpu.

Tuddinn og dráttarvélar

Fyrir utan tónlistarhúsið var grillvagn sauðfjárbænda, hamborgarabíllinn Tuddinn, ásamt dráttarvélum og öðrum tækjabúnaði sem bændur nota í sínum störfum.

Meðal fyrirtækja sem kynntu vörur og þjónustu voru: Mjólkursamsalan, Sláturfélag Suðurlands, Sölufélag garðyrkjumanna, Biobú, Kraftvélar,



Sláturfélag Suðurlands kynnti kjötvörur sínar.

Vélfang, Fóðurblandan og Landbúnaðarháskóli Íslands.



Nýjustu græjur voru fyrir utan Hörpu á meðan gestir gæddu sér á búvörum innandyra.



Myndir / smh & HKr.



Kynning á námi við Landbúnaðarháskóla Íslands.



Biobú bauð upp á ís og feita osta.



Börnin sýndu grænmetinu frá Sölufélagi garðyrkjumanna áhuga.

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út

Þriðjudaginn 22. mars

Office 365

ÖRUGG
SKÝJALAUSNBETRI
SAMVINNAALLTAF Í
SAMBANDI

Þekking er tölvudeild yfir 300 fyrirtækja. Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögn og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.



Microsoft valdi þekkingu sem
Microsoft SMB partner ársins 2015

Kynntu þér málið:
460 3100 / sala@thecking.is / thecking.is

PEKKING
Tölvudeildin þín



Einar Freyr Elínarson, bóndi í Sólheimatungu og formaður Samtaka ungra bænda, brá á lek við afhendingu hvatningarverðlaunanna og tók eitt „snappchat“ í tilefni dagsins.

Mynd /HKr.

Hvatningarverðlaun BÍ afhent í fyrsta skiptið

— féllu í skaut Hlédísar Sveinsdóttur og Samtaka ungra bænda

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, afhenti hvatningarverðlaun Bændasamtaka Íslands, sem nú voru veitt í fyrsta sinn við setningu búnaðarþings.

Hvatningarverðlaunin hlaut annars vegar Hlédís Sveinsdóttir, sem hefur um árabíl stuðlað að margvíslegu frumkvöðlastarfi sem hefur nýst landbúnaðinum til góðs.

Hlédís er fædd og uppalin að Fossi í Staðarsveit á Snæfellsnesi og eftir að hafa lokið námi við Háskólann á Bifröst stofnaði hún fyrirtækið

kindur.is, þar sem fólki gafst kostur á því að eignast kindur, fylgjast með lífi þeirra og njóta afurða þeirra. Hlédís var í nokkur ár formaður samtakanna Beint frá býli og lagði með því sitt af mörkum við að tengja neytendur og bændur betur saman. Hún átti og rak ísbúðina „Ísland“ sem seldi heimaframleiddan mjólkurís. Þá hefur hún ásamt fleirum unnið brautryðjendastarf við uppsetningu og rekstur matarmarkaða þar sem fjölbreyttar vörur bænda eru á boðstólum.

Þá hlutu Samtök ungra bænda hvatningarverðlaunin fyrir verkefnið „Ungur bóndi á Snapchat“. Snemma á síðasta ári stofnuðu Samtök ungra bænda aðgang á samfélagsmiðlinum Snapchat undir heitinu „Ungur bóndi“. Þar birtast stutt myndskaið sem tekin eru upp við ýmsar aðstæður. Meginmarkmiðið var að gefa öðrum bændum færi á að fylgjast með því sem ungir bændur væru að bardúsa við frá degi til dags. Daglega fylgjast 3–4.000 manns með því sem fram fer á snappinu.



Nýtt byltingarkennt tæki fyrir Íslenskan landbúnað Dráttarvél með skotbómu og þrítengibeisli

156 hö Deutz vél
135 hö á aflúrtaki
Breið dekk 600/55 - 26.5

Lofthvarðandi hús
Afrétting á skrokk
Dempun á bómu



Með Þrítengibeisli
og allt að 4 (8) úrtökum



HYDROSTATIC MEÐ
ECO POWER DRIVE
allt að 18% olíusparnaður

MCDC ÞYNGDARSTJÓRNUN

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is - s. 564 1600

Fréttir

Landbúnaðarverðlaunin afhent á setningarathöfn búnaðarþings 2016 í Hörpunni 28. febrúar:

Stóru-Tjarnir og Hríshóll í Reykhólasveit verðlaunuð

„Í ár eru 20 ár liðin frá því landbúnaðarverðlaunin voru veitt í fyrsta skipti við setningu búnaðarþings,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson við afhendingu verðlaunanna á setningarhátíð búnaðarþings 2016.

„Verðlaunin hafa alla tíð verið hugsuð sem viðurkenning til aðila sem á einn eða annan hátt tengjast íslenskum landbúnaði og hafa sýnt með verkum sínum – áræðni og dugnað – öðrum til fyrirmyndar. Verðlaunin má túlka sem þakklætis- og virðingarvott frá landbúnaðarráðherra til íslensks landbúnaðar – þeirrar atvinnugreinar sem svo margir byggja afkomu síðan á – beint eða óbeint.

Val á verðlaunabegum hefur í senn verið auðvelt en einnig nokkuð snúið; fjölmargir eiga verðlaunin skilið en fáir útvaldir í hvert skipti. Þrátt fyrir þetta hefur þannig til tekist að allir hafa verið sammála um að viðkomandi verð-



Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og verðlaunahafar við afhendingu landbúnaðarverðlaunanna í Hörpunni. Mynd / HKR.

launabegar eigi viðurkenninguna sannarlega skilið.

Um allt land eru starfandi duglegir og metnaðarfullir bændur

sem sinna búum sínum – af hvaða toga svo sem þau eru – af miklum myndarskap – jafnt hvað umhirðu og góðan árangur búgreinarinnar

varðar en jafnframt og ekki síður hvað ytra umhverfi og ásýnd búsin varðar. Eftir því er tekið.

Íslenskur landbúnaður er fjölbreyttur og íslensk bændastétt þess verðug að henni sé sómi sýndur.

Verðlaunagripirnir í ár eru hannaðir og unnir af listakonunni Sigríði Helgu Olgeirsdóttur, steinleirsskúlpútur á stöpli úr íslensku birki.

Unnið er með þá hugmynd að fræið sé eins konar tákn um upphaf einhvers sem getur vaxið og dafnað, fái það réttar aðstæður. Í því samhengi getur verkið vísað út fyrir hinn hefðbundna ramma ræktunar og staðið fyrir hvers kyns frumkvöðlastarf og nýbreytni.

Að þessu sinni verða veittar tvær viðurkenningar og þær hljóta Stóru-Tjarnir í Ljósavattsskarði í Þingeyjarsveit og Hríshóll í Reykhólasveit.

Stóru-Tjarnir, Ljósavattsskarði – Þingeyjarsveit

„Byggðin við Ljósavatt í Suður-Þingeyjarsýslu á sér langa og merka sögu, allt frá því Þorgeir goði Ljósavattninga lagði til á Alþingi árið 1000 að kristin trú skyldi gilda í landi voru.

Á býlinu Stóru-Tjörnum sunnan við Ljósavatt búa hjónin Laufey Skúladóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson. Tóku þau við búi foreldra Laufeyjar, Skúla Sigurðssonar og Guðríðar Sigurgeirsdóttur árið 1992 – keyptu jörð og áhöfn.

Þau ákváðu í upphafi að stækka búið, gera það svo hagkvæmt að ekki þyrfti að vinna utan búsin til að ná ásættanlegri afkomu. Þau byggðu við gamla fjósið og breyttu geldneytafjosi og fengu með því 32 bása.

Árið 2007 stækkuðu þau búið enn frekar og byggðu 54 bása lausagöngufjós með mjaltþjóni og fódurkerfi. Kvígu- og kálfaupplendi er í eldra fjósinu.

Þegar Laufey og Ásvaldur tóku við búskapnum voru á Stóru-Tjörnum 16–20 kýr og 42.000 lítra framleiðsluréttur í mjólk. Nú eru þar ríflega 50 kýr og um 60 aðrir nautgripir og framleiðsluréttur 276.000 lítrar og innlegg í afurðastöð árið 2015 nam 382.000 lítrum.

Á Stóru-Tjörnum er stunduð markviss kynbótarækt á kúm og kindum með það að markmiði að ná fram sem bestum afurðum og efnainnihald mjólkur. Fóðrun gripanna skiptir þar miklu máli svo og uppeldið og öll velferð gripanna. Þau hafa gefið mjólkurkúnum nær eingöngu nýræktarhey, vallarfoxgras, af túnnum helst ekki eldri en 6–8 ára. Meðalnyt per. kú var á síðasta ári 7.860 lítrar.

Fjárbúskapurinn hefur gengið vel og afurðirnar um 33–35 kg eftir vertarfóðraða kind. Vænleiki

sláturlamba síðustu 6–8 ár hefur verið um 18–19 kg. Síðastliðið haust slógu þau öll fyrri met sín en þá var kjötpungi eftir á 37,7 kg og meðalpungi 20,02.

Jarðhiti er á Stóru-Tjörnum og hefur verið nýttur til húshitunar frá 1936. Einnig er á bænum 6 kw heimarafstöð, einkum nýtt til lýsingar í útihúsum og íbúðarhúsi. Hún hefur gengið óbreytt síðan 1928. Þá er silungsveiði á jörðinni.

Auk búskaparins hafa þau hjónin tekið virkan þátt í félagsmálum sveitarinnar og heimili þeirra þekkt fyrir íslenska gestrisni.

Hríshóll, Reykhólasveit

„Bærinn Hríshóll í Reykhólasveit stendur undir melhól eða hvol sem bærinn heitir eftir. Í fjallendinu fyrir ofan bæinn standa Vaðalfjöll – tveir stakir stuðlabergshnjúkar sem eru eitt helsta einkenni sveitarinnar.

Ábúendur á Hríshóli í dag eru hjónin Þráinn Hjálmarsson og Málfríður Vilbergsdóttir og sonur þeirra, Vilberg Þráinsson, og eiginkona hans, Katla Ingibjörg Tryggvadóttir.

Þráinn og Málfríður voru í sveit sem börn og 1977 létu þau draum sinn rætast og fluttu af höfuðborgarsvæðinu á Klett í Geiradal. Þar bjuggu þau til ársins 2001 með svín og sauðfé. Hríshól keyptu þau 1991 og fluttu þangað 2001.

Á árunum 1991–2001 bjuggu með þeim fyrri eigendur Hríshóls, Reynir Halldórsson og Gísella Halldórsdóttir, sem höfðu byggt upp jörðina af miklum myndarskap og hugsjón. Árið 1977 byggðu þau fjárhús og flatgryfju sem voru stærri en venja var og hugsuðu um jörðina af mikilli alúð. Hafa núverandi eigendur og bændur á Hríshóli fylgt í fótspor þeirra. Vekur snyrtimennska býlisins athygli allra sem um sveitina fara.

Árið 2009 komu þau Vilberg og Katla inn í búskapinn. Áður bjuggu þau í Reykjavík við nám, Vilberg í rafvirkjun en Katla í ferðamálafræði í Háskóla Íslands. Áður en þau fluttu á Hríshól lauk Vilberg námi á Hvanneyri sem búfræðingur. Er þau komu í Hríshól var búið stækkað úr 600 í 1.000 vetrarfóðraðar ær, byggt íbúðarhús og hlaða og flatgryfjunni breytt í fjárhús.

Jörðin Hríshóll er rúmir 2.000 ha, sumarbeitarlandi við túnfótinn og stærstum hluta fjárlins er náð heim við fyrstu smölun. Ræktað land er um 55 ha. Þá taka þau þátt í verkefninu Bændur græða landið og hefur það gefið góða raun.

Feðgarnir á Hríshóli stunda skólaakstur og gera út fjárflutningabíl á haustin. Málfríður og Katla eru í hlutastarfi á Dvalarheimilinu Barmahlíð og Málfríður rekur einnig fótaaðgerðarstofuna Flottir fætur á Reykhólum. Að auki starfar Vilberg í sveitarstjórn Reykhólahrepps.



Úrval hjólbarda á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa-, og vörubíladekk í úrvali.

Handverkfæri

20%
afsláttur af öllum dekkjum
til 31. mars 2016



Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124



MOTUL
Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)

Hjólbardaþjónusta - Smurþjónusta -
Þríf á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Viltu nýta vinnutíman á búinu betur – spara orku og aðföng?

Námskeið fyrir bændur í notkun skilvirknikerfa í búrekstri

Dagana 11-13 apríl mun Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, í samstarfi við SEGES P/S í Danmöku standa fyrir þrem heilsdags námskeiðum í notkun á LEAN og SOP í búrekstri. Námskeiðin samanstanda af áhugaverðum fyrirlestrum og verklegum æfingum. Notkun á LEAN og SOP er vel þekkt erlendis og miðar að því að auðvelda yfirsýn yfir dagleg störf, stytta vinnutíma á búinu, ná betri tökum á rekstrinu og þar með auka arðsemi búsin.

Á námskeiðinu verður útskýrt hvað LEAN og SOP er, hverskonar hugsun felst í LEAN kerfinu og hvernig notkun og uppsetning á SOP getur gjörbreytt vinnubrögðum á búum nú til dags. Rætt verður um hvernig hægt sé að nota þessi skilvirknikerfi til þess að auka og bæta skilvirkni á búum óháð búgreinum. Fjallað verður um hvernig hver og einn þátttakandi getur nýtt sér kosti bæði SOP og LEAN og þá verða gerðar nokkrar verklegar æfingar í notkun kerfanna. Í lok námskeiðsins verða umræður um möguleikana á notkun LEAN og SOP í landbúnaði á Íslandi.

Fyrirlesari á námskeiðinu er Vibeke F. Nielsen landsráðunautur hjá SEGES P/S í Danmörku. Sérsvið hennar er bústjórn og betri nýting framleiðslutækja.

Stefnt er að því að halda námskeiðin á eftirfarandi stöðum ef næg þátttaka fæst

- 11. apríl Eyjafjörður
- 12. apríl Borgarfjörður
- 13. apríl Suðurland

Hægt er að skrá sig á námskeiðið og fá nánari upplýsingar hjá Gunnfríði í síma 5165023 eða gegnum tölvupóst geh@rml.is



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



"Bóndi er bústólpi"

(því skal hann skæddur vel)

NÝJU BAENDASTÍGVÉLIN ERU KOMIN!


Há gúmmístígvél með gripgóðum sóla. Stílhrein og þægileg. Stígvélin eru við um kálfana. Endurskinsmerki á hælnum. Stígvélið er 40 cm á hæð.

Verð kr. 8.900,-
Til í stærðum 38-47



Vild

ehf. Heildverslun - Smiðsbúð 6, 210 Garðabær, S: 564-5040



Endursöluaðilar:
Baldvin og Þorvaldur, Selfoss
Fákasport, Akureyri
Fóðurblandan, Egilsstaðir
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
KM þjónustan, Búðardalur
Lífland, Akureyri
Lífland, Blönduós
Lífland, Borgarnes
Skipavík, Stykkishólmur
Varahlutaverslun Björns, Hella
Verslunin Eyri, Sauðárkrókur
Verslunin Tákni, Húsavík
Vélsmiðja Hornafjarðar
www.fjalli.is

Ný vönduð og hagkvæm smáhýsi

NormX hefur hafið framleiðslu á smáhýsum sem nýtast við allskonar aðstæður. Verið velkomin í heimsókn til okkar og kynnið ykkur málið. Sýningarhús í verksmiðju okkar í Vogum.

Smáhýsi henta vel við ýmsar aðstæður:

- Gistihús á tjaldstæðum
- Gestahús við sumarhústaði
- Sumarhús
- Geymsluhús fyrir vélsleðann og fjórhjólið
- Sæluhús
- Skíðakofi
- Bátaskýli
- Kvenna- og karla salerni á ferðamannastaði
- Garðhús
- Golfbílalúsi fyrir tvo bíla
- Miðasöluhús á íþróttavelli og ferðamannastaði



Vandað fulleinangrað tveggja herbergja hús 14.9m².

Tvíbreitt rúm og 90cm kaja fyrir ofan eru í hvoru herbergi. Dýnur fylgja bæði rúmum og kaju. Rehau gluggar og hurðir. Vandaður panell festur með ryðfríum skrúfum. Ath! Húsin eru framleidd í mörgum útfærslum.



Nánari upplýsingar veitir Kjartan Ragnarsson í síma 770 5144

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 30 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við framleiðum lok á alla potta



Snorrallaug



Gvendarlaug



Grettislaug



Unnarlaug



Geirslaug

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

STEEKUR

Margir sneru heim vegna leiðinda

Vesturferðir Íslendinga hófust 1875 með landnámi í Nýja Íslandi og næstu áratugi þar á eftir fluttu þúsundir manna til Kanada og Norður-Ameríku í von um betra líf. Flestir komu sér vel fyrir og vegnaði vel í nýja landinu.

Hið sama er ekki hægt að segja um draugana sem fylgdu fólkinu, fæstir þeirra undu hag sínum og margir hurfu fljótlega af sjónarsviðinu. Þegar grennsast er fyrir um hvað varð um draugana kemur í ljós að sumir þeirra gáfust hreinlega upp og fluttu aftur heim en aðrir tóku upp siði innfæddra drauga og fóru að hegða sér eins og vofur.

Í sumum tilfellum áttu draugarnir ekki fyrir farinu vestur og sumir gerðu tilraun til að ganga yfir Atlantshafið en gáfust upp á miðri leið vegna þreytu og sukku til botns. Þeir draugar sem komust alla leið settust margir að í nágrenni við Geysirbyggð, Riverton og Víðirbyggð.

Fljótlega eftir komu Íslendinga til Vesturheims urðu þeir þess varir að bæði skottur og mórar hefðu fylgt þeim og að draugagengið léki lausum hala í nýja heiminum.

Leirár- eða Hvítárvalla-Skotta settist að hjá fjölskyldunni að Nýja Melstað. Þrátt fyrir að verulega væri af henni dregið tók Skottu að drepa nautgrip á næsta bæ þar sem henni fannst íbúarnir ekki nógu greiðvirkir við sitt fólk. Skotta fylgdi fjölskyldunni hvert sem hún fór og var iðulega á undan þeim milli bæja. Skepnur urðu hennar oft varar og trylltust af hræðslu. Skotta var svo mögnuð að húsfreyjan á Melstað varð að skammta henni eins og öðrum á heimilinu og varð hún mjög ill ef hún fékk ekki matinn sinn.

Ábæjar-Skotta er annar kvendraugur sem flutti vestur. Í einni sögu er sagt að hún hafi upphaflega skorið sig á háls með stórum hníf sem hún hafði ávallt með sér eftir það og notaði til að drepa skepnur. Hún mun einnig hafa setið fyrir barnshafandi konum og étíð blóðið úr lakinu eftir fæðinguna.

Frægustu karldraugarnir sem vart varð við í Íslendingabyggðum vestanhafs eru Rauðafells- og Írafells-Móri, en þeir munu báðir hafa skroppið til Kanada um tíma. Báðir gáfust fljótlega upp og fluttu heim skömmu eftir að fyrsta kynslóð Íslendinga í Vesturheimi féll frá.

Menn urðu einnig nokkrum sinnum varir við sjálfan Þorgeirsbola, það heyrðist til hans baula og tvisvar sinnum, að minnsta kosti, sást til hans þar sem hann dró húðina á eftir sér og tveir draugar sátu á henni og skellið lógu.

Draugarnir sem fylgdu Íslendingunum yfir hafið voru íslenskir í húð og hár, þeir voru jarðbundnir og líkamlegir. Svo virðist sem mörgum þeirra hafi leiðst eftir að fyrsta kynslóð Íslendinga í Vesturheimi féll frá og margir draugarnir sneru aftur til Íslands eftir það.

Önnur kynslóð íslenskra drauga, eða öllu heldur íslenskir draugar sem urðu til í Kanada, líktust frekar kanadískum draugum en forfeðrum sínum. Þeir lögðu af gamla siði og tóku upp nýja. Í stað þess að fara um með hávaða og látum tóku þeir að svífa um eins og hvítar slæður og skipta sér sem allra minnst af mannfólkinu. /VH

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR

Ari Trausti Guðmundsson

Jarðfræðingur og rithöfundur



Verð – gæði – framboð – öryggi – 13. grein



Fiskur á borði, kjötstykki, mjólkurglas, brauðhleifur eða epli lenda ekki þar án margþættrar vinnu sem að einhverju leyti kann að vera ógreidd en má engu að síður meta til verðs. Hér eru Dagbjört Dilljá Einþórsdóttir og Ólafur Rúnar Ólafsson, bændur á Urriðaa í Miðfirði, sem telja vinnuna ekki eftir sér frekar en aðrir íslenskir bændur. Þar er heldur engin stimpilklukka því umhírða dýranna fer ekki eftir því hvað klukkan slær.

mætti áfram telja. Þess vegna hljótu-um við að sækjast eftir innlendum matvælum, þar sem heimatökin eru hæg, og þeim erlendu, sem við vitum að eru góð og holl. Þess vegna er landbúnaður stundaður alls staðar sem unnt er, veðurfars og aðstæðna vegna. Í raun er matvælaframleiðsla heima fyrir, þegar mannkyn stefnir í 10 milljarða, sammannleg skylda.

III Kalla má það skiljanlega hugmynd að nota greiðar samgöngur og ólíka uppskerutíma eftir hnattstöðu svo framboð marga vara verði stöðugt. Það gildir þó aðeins í „ríkum löndum“ en ekki í löndum þar sem almenningur hefur ekki efni á að nota mikið af innfluttri matvöru. Á Íslandi, fram undir 1970, var raunin sú að árstíðir

réðu miklu um matvöruframboð en nú er staðan allt önnur. Nú fæst næstum allt (þótt dýrt geti verið), allan ársins hring. Mikið af þeirri vöru kemur langt að og oft með flugi. Hitt blasir líka við að innlend vara er oft ekki til í nægu magni á uppskerutíma og eftir hann. Getum við bætt hér um betur? Vafalítið.

Enginn kaffineytandi vill vera kaffilaus og má segja það sama um margar vöruhegundir. En ýmsum öðrum vörum, t.d. ávaxtategundum og grænmeti, geta menn alveg beðið eftir og neytt þegar þær fást úr næsta nágrenni landsins.

Röksemdin: – Ef fólk vill borga, fær það vöruna hvaðan sem er – ber vott um einsýni og skamm-sýni. Einhvers staðar liggja sann-girnismörk. Hér þarf að höfða bæði

til neytenda og innflytjenda. Þegar kemur að innlendum vörum sem tímabundinn skortur er á, hlýtur að vera hægt að nota hvata og sveigjanlegar áætlanir, svo ekki sé minnst á jarðvarma (úti eða inni), til þess að auka framboð. Reynslan sýnir að neytendur velja oftar en ekki íslenskar vörur í stað sams konar erlendarar vöru.

IV Hugtakið fæðuöryggi minnir á stríðstíma eða náttúruhamfarir. Margir vilja gera lítið úr því enda höfum við varla barist við slíkt síðan í Skaftáreldum. Nú til dags, á gnægtartímum hér við Norður-Atlantshaf, vilja margir gera lítið úr fæðuöryggi. En það er ekki allt sem sýnir. Án þess að vilja mála of dökka mynd af loftslagsbreytingum eða hækkun olíuverðs eða illvígum átökum í mörgum löndum núorðið, getur verið rétt að hafa allan varann á. Matvöruskortur, í skamman eða langan tíma, getur stafað af of háum flutningskostnaði, of litlu, staðbundnu vatni, hraðri eyðimerkur-myndun, súrnun sjávar, þrálátum stormum, lokun siglingaleiða, breytingum til hins betra á einhæfri framleiðslu í þróunarlöndum og jarðvegsmengun vegna mengunarslysa, skaðlegs frárennslis og úrgangs. Listinn gæti verið miklu lengri. Hann beinir sjónum að því sama og fyrir var nefnt: Landbúnað ber að stunda alls staðar sem unnt er, veðurfars og aðstæðna vegna. Í raun er matvælaframleiðsla heima fyrir, þegar mannkyn stefnir í 10 milljarða, sammannleg skylda.

V Samruni umhverfisfræði og hagfræði er löngu staðreynd. Þar með hefur til orðið nýtt hugtak: Lífhagkerfi. Það nær yfir allar lífauðlindir, innra samhengi þeirra og áhrif á efnahag, umhverfi og félagslega þætti. Öflugt lífhagkerfi byggir á eins litlu umhverfisálagi og unnt er, góðum viðnámsþrótti vistkerfa, matvælaöryggi, opnu aðgengi að markaði, nýtingu úrgangs og nýsköpun. Bændur gegna lykilhlutverki í lífhagkerfinu, rétt eins og sjómenn eða þeir sem vinna að orkuöflun. Neytendur hafa sitt hlutverk og einnig þaknið flókna sem gengur undir heitinu stjórnmöld. Hvað hentar okkur betur en lifandi og þróttmikið lífhagkerfi?

Höfundur þakkar samflotið við lesendur í rúma sex mánuði, blaðinu fyrir góða samvinnu og Bændasamtökunum og ritstjórninni fyrir hugmyndina um að beina orðum um umhverfismál, á prentuðum síðum og vefsíðu blaðsins, að landbúnaðargeiranum og almenn- ingi.

Hótel Rangá – Allt þjóf fé gefið til góðgerðarmála

Friðrik Pálsson, hóteltjóri á Hótel Rangá, og starfsfólk hans hafa samþykkt að gefa allt þjóf fé sem þar kemur inn til góðgerðarmála.

„Það hefur aldrei tíðkast hérlandis að gestir veitingahúsa eða þeir sem kaupa aðra þjónustu þurfi að greiða þjóf fé, eins og það kallast í útlöndum, en þar er það sums staðar nánast einu launin sem starfsfólkið fær fyrir vinnu sína,“ segir Friðrik Pálsson, hóteltjóri á Hótel Rangá.

Með stórauðnum fjölda ferðamanna til Íslands hefur það færst í vöxt að þjóf fé sé greitt. Víða um heim eru menn einmitt að reyna að hverfa frá þessu kerfi, meira að segja Bandaríkjamenn, þar sem laun þjóna eru jafnvel aðeins 250 til 400 krónur á tímann. Þeir þurfa svo að vera eins og rukkarar fyrir hönd veitingahússeigandans að fá upp í launin sín.



Frá afhendingu peningastyrkjanna á dögunum á Hótel Rangá. Frá vinstri, Ingibjörg Jóhannesdóttir móttökudama, Sýlvía Rossel móttökudama, Ewa Tyl yfirþerna, Kolbrún Jónsdóttir móttökustjóri, Helga Guðrún Lárusdóttir, Bragi Þór Hansson kokkur, Magnús Þór Einarsson, formaður Dagrenningar á Hvolsvelli og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, formaður Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu og Friðrik Pálsson hóteltjóri.

Við ákváðum það fyrir nokkrum mánuðum að þiggja ekki þjóf fé. Við segjum gestunum hins vegar að við vitum að mörgum þyki ánægjulegt að leggja fram einhverja fjármuni sem virðingavott fyrir góða þjónustu. Við bjóðum þeim að leggja

fram peninga sem renna til góðra málefna og til að byrja með til björgunarsveita á svæðinu. Þetta hefur vakið afskaplega jákvæð viðbrögð meðal gesta okkar. Framlög gesta okkar fyrstu vikur ársins 2016 nema um 400.000 kr. og koma 200.000 kr.

í hlut björgunarsveitanna á Hellu og Hvolsvelli,“ segir Friðrik. Sjálfur er hann á móti þjóf fé. „Já, ég er alveg á móti því, við megum alls ekki innleiða það í íslenska ferðaþjónustu, starfsfólkið á bara að fá mannsæm- andi laun.“ /MHH

Hornafjörður: Viðurkenningar fyrir fallegt umhverfi

Viðurkenningar voru afhentar og styrkir veittir við athöfn sem sveitarfélagið Hornafjörður stóð fyrir á dögunum, en um var að ræða menningarverðlaun, umhverfisviðurkenningar og styrkir.

Tvenn menningarverðlaun voru veitt. Soffía Auður Birgisdóttir hlaut verðlaun fyrir útgáfu bókarrinnar Ég skapa – Þess vegna er ég. Bókin er um skrif Þórbergs Þórðarsonar, eins þekktasta rithöfundar landsins, en hann var borinn og barnfæddur að Hala í Suðursveit. Bjarni F. Einarsson fékk verðlaun fyrir útgáfu bókarrinnar „Landnám og Landnámsfólk“. Í brennidepli er landnámsbýlið Hólmur í Nesjum sem rannsakað var árin 1997–2011, en þar voru rannsakaðar minjar um bæ og blót.

Umhverfisviðurkenningar sveitarfélagsins voru veittar í þremur flokkum, en þeir sem tilnefndir voru hafa skarað fram úr og verið til fyrirmyndar í umhverfismálum innan sveitarfélagsins.

Halldóra Stefánsdóttir og Gísli Örn Gunnarsson, Hafnarbraut 35, hlutu viðurkenningu fyrir fallega lóð, en hún er snyrtilega römmuð inn af runna og trjágróðri, garðurinn er fjölbreyttur og gróðri smekklega raðað saman.

Svínafell í völdugu umhverfi

Fyrir lögbýli hlutu ábúendur að Svínaelli í Öræfum, en bæirnir mynda fallega heildarmynd með snyrtilegu og fallegu umhverfi. Svínaellsbæirnir standa tignarlegir undir rótum Svínaells og Öræfajökuls. Ábúendur á Svínaelli sýna þessu völdugu umhverfi virðingu og natni með snyrtimennsku í hvívetna. Ábúendur á Svínaelli eru Þorlákur Magnússon, Svínaelli 3, Inga Ragnheiður Magnúsdóttir og Benedikt Steinþórsson, Svínaelli 3, Hafdís Sigrún Roysdóttir, Jóhann Þorsteinsson, Svínaelli 1, Ármann Karl Guðmundsson, Hólmfríður Guðmundsdóttir, Svínaelli 2, Pálína Þorsteinsdóttir, Ólafur Sigurðsson, Svínaelli 1.

Gamla búð

Gamlabúð hlaut viðurkenningu fyrir snyrtilega og vel heppnaða endurgerð lóðar. Lóð og umhverfi Gömlu er grasi vaxin og snottar veggheðslur og frágangur á stígum og öðrum mannvirkjum kringum Gömlu búð fellur vel inn í umhverfi sitt og ber vönduðu handbragði gott vitni. Sveitarfélagið er eigandi að Gömlubúð en Helga Árnadóttir, sérfræðingur hjá Gestastofu í Gömlubúð, veitti viðurkenningunni móttöku. /MPÞ

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna
herbergi
**9.900
kr**

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Vantar nýja lykla?



Smíðum og forritum langflestar gerðir bíllykla

- Húskyklar
- Láshús og fylgihlutir
- Lyklakerfi
- Peningaskápar
- Silindrar
- Hurðapumpur

Neyðarþjónustan

Skútuvogi 11 • www.neyd.is • s: 510 8888
Opíð alla virka daga 8-18 laugardaga 10-14

www.n1.is facebook.com/enneinn



Hugsaðu um búnaðinn í vetur



Þjarkur samfestingur

Vnr. 9628 120020

Þunnur samfestingur með hnjúðavösum. Hentar vel fyrir iðnaðarmenn, bændur o.fl Navy blár með royal bláu á brjósti.



Gildan háskólapeysa

Vnr. 9643 12000

Háskólapeysa úr bómullarblöndu. Litir: Svartur og navy. Stærðir: S - 3XL



Micorflex regngalli

Vnr. 5790 691935*

Microflex regnkuldagalli. Blár að lit.



COFRA nitrildýfðir hanskar Flexynit

Vnr. 7151 G007 K100

Vandaðir bómullarhanskar með sterkri NITRA-X húð. Olíuþolnir og henta í allan iðnað. Litur: Grænn með svörtum lófa. Stærðir: 9, 10 og 11



Bragi regnstakkur með hettu

Vnr. A414 69118*

Lokaður að framan. Styrkingar á ermum og faldi. Stillanlegur strengur í hettu. Endurskinsmerki á ermum.



DUNLOP stígvél Purof Professional

Vnr. 9655 D460933

Hentug stígvél við margskonar aðstæður. Létt með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrifa þau. Græn. Stærðir: 37 - 48

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Grindavík s. 426 8290 • Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574

Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245

Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Hluti af vetrarverkunum



Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV

Sögunardýpt 16,5 sm



HUSQVARNA K 760

Sögunardýpt 12,5 sm



HUSQVARNA K 3600 MK II

Sögunardýpt 27 sm



HUSQVARNA K 2500

Sögunardýpt 14,5 sm



HUSQVARNA DM 230

Bordýpt 15 sm



HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Mikið um dýrðir á heimsbikarmóti íslenska hestsins innanhúss – World Tölt – í Danmörku:

Hestaíþróttir í glæsilegri umgjörð

Vinsældir innanhússmóta á íslenskum hestum eru ávallt fyrir hendi á Íslandi, sérstaklega á snjóþungum vetrum. Hérlandis keppa atvinnu- og áhugamenn á mótaroðum sunnanheiða og norðan og þykja umgjörðir mótanna til fyrirmyndar. Í Danmörku fer fram stærsta innanhússmót íslenska hestsins ár hvert, svokallað heimsbikarmót – World Tölt.

Heimsbikarmót íslenska hestsins innanhúss, World Tölt, var haldið í Óðinsvéum í Danmörku síðustu helgi febrúarmánaðar. Kringum 150 keppnisþör voru skráð til leiks í íþróttakeppni fullorðinna, sérstakri ungmenna-keppni, ásamt því að 27 stóðhestar komu fram í sérstakri keppnis-sýningu. Umgjörð keppninnar hefur frá upphafi hennar þótt til eftirbreytni, keppnishöllin Arena Fyn þykir glæsilegur vettvangur fyrir slík mót, það gæstar ekki á gesti sem geta notið sýningarinnar þrúðbúnir en ár hvert sækja um 5.300 gestir Heimsbikarmótið.

Fjöldmargir íslenskir hestamenn leggja leið sína til Danmerkur þessa helgi en einnig var hægt að fylgjast með mótnu í beinni útsendingu á netinu.

Mótið markar upphaf keppnisársins í Evrópu og ber þar alla jafna að líta sterkustu keppnisþör Norður-Evrópu auk þess sem nýjar vonarstjórnur láta á sér kræla. Þykir keppnin því gefa vísendingar um stöðu og hestakost atvinnukeppnismanna, enn fremur sem keppnin sýnir vinsældir



Endurkomu Jóhanns R. Skúlasonar og Hnokka frá Fellskoti var vel fagnað. Myndir / Marius Mackenzie



Stóðhesturinn Aron frá Møllegaard og Amalie Møller San-Pedro áttu hug og hjörtu áhorfenda í Óðinsvéum.



Hin danska Kristine B. Jørgensen á Tý frá Þverá II sigraði í fjörgangi ungmenna. Týr keppti fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramótnu í Þýskalandi árið 2013.



Frauke Schenzel fór heim með tvönn gullverðlaun. Hún sigraði slaktauma-tölt á Óskadis vom Habichtswald og fimmgang á Gusti vom Kronshof.

og styrk íslenskra hestaíþróttar á meginlandinu.

þegar Lisa Schürger á Kjalari frá Strandarhjáleigu sigraði eftir að hafa komið þriðju inn í úrslit. Anne Stine Haugen og Muni frá Kvistum, sem leiddu keppnina, urðu að láta sér lynda 2. sætið og Helena Kroghen Aðalsteinsdóttir á Kavalir frá Kleiva varð í því þriðja.

Þjóðverjar ungmennameistarar

Ungmennakeppni heimsbikarmótsins er með því móti að lönd keppa sín á milli í liðakeppni. Eitt keppnispar frá hverju liði keppa í sömu greinum og fullorðnir. Í ár voru fimm lönd með lið í keppninni. Í fjörgangi sigraði hin danska Kristine B. Jørgensen á Tý frá Þverá II. Danir fóru einnig með sigur af hólmi í tölti en þar var á ferðinni Sarah Rosenberg Asmussen á Jósep frá Skarði. Gull í fimmgangi fór til Noregs þegar Ingrid Marie Larsen á Dimmey frá Jakobsgården sigraði. Hin þýska Gianluca Ditolve á Halegg von Vinkona sigraði í slaktaumatölti og stóðu Þjóðverjar uppi sem sigurvegarar liðakeppninnar í lokin.

Stóðhestasýning í sérflokki

Stóðhestasýning Heimsbikarmótsins vekur ávallt mikla lukku meðal áhorfenda. Þar koma fram nokkrir frambærilegir stóðhestar í frjálslægri sýningu til að heilla áhorfendur sem síðar velja sína eftirlætishesta. Sýningin þykir því góður kynningarvettvangur fyrir ræktunargrip.

Í ár tóku 27 stóðhestar þátt í sýningunni, kepptu þeir í flokkum fimmgangs- og fjörgangshesta. Heimsmeistarinn Glóðafeykir frá Halakoti, setinn af Jóhanni R. Skúlasyoni, stóð uppi sem öruggur sigurvegari fjörgangshesta. Áhorfendur völdu hina dönsku Viktor frá Diisa í 2. sæti og Tívar frá Moselundgård í það þriðja.

Í flokki fimmgangshesta var spennan öllu meiri. Ungur óþekktur stóðhestur, Aron frá Møllegaard að nafni, varð eftirlæti áhorfenda. Aron er fæddur 2010 undan hæfileikahestinum Fláka frá Blesastöðum 1A, sem féll frá í fyrra, og ósýndri hryssu, Ísafold frá Tóftum, en hann var sýndur í kynbótadómi fyrst í fyrra. Kom framganga hans í Óðinsvéum honum sannarlega inn í umræðu um efnilega ræktunargrip. Ungur knapi Arons, Amalie Møller San-Pedro, hafði því ærna ástæðu til að fagna innilega að sýningu lokinni. Ágústínus frá Melaleiti, undir stjórn Sölva Sigurðssonar, hlaut annað sæti og Lettir frá Hellesylt, setinn af Dennis Hedebo Johansen var í því þriðja.

Endurkoma heimsmeistara

Mikið var um dýrðir í töltkeppni mótsins þótt sigurvegararnir, Jóhann R. Skúlason og Hnokki frá Fellskoti, hafi verið í algerum sérflokk. Jóhann og Hnokki höfðu heimsbikar mótsins í sjötta sinn. Þeir félagar hafa ekki komið fram opinberlega síðan þeir höfðu heimsmeistaratitli í tölti árið 2013 og var endurkomu þeirra vel fagnað og hlutu þeir sérstök áhorfenda-verðlaun mótsins. Unn Kroghen Aðalsteinsson og Hrafnýr frá Há koti voru í 2. sæti og Anna Björk Ólafsdóttir og Reyfr frá Melabergi urðu í þriðja sæti eftir að hafa sigrað B-úrslit.

Titilvörn hinnar þýsku Frauke Schenzel og Óskadis vom Habichtswald í slaktaumatölti, T2, reyndist örugg. Þær leiddu keppnina frá forkeppni og höfðu yfirburði í úrslitum. Jón Stenild á Eldfara frá Langtved var í 2. sæti og Sofie Panduro á Hrein frá Votmúla 1 í því þriðja.

Frauke lét einnig mikið að sér kveða í fimmgangskeppni mótsins. Hún sýndi tvö hross í forkeppni og hlaut tvær hæstu einkunnir þar. Hún mætti síðan með Gust vom Kronshof í úrslit og sigraði þau. Lisa Schürger á Bassa frá Efri-Fitjum hlaut silfur og Caspar Hegardt og Oddi frá Skeppargården varð þriðji eftir að hafa sigrað B-úrslit.

Í fjörgangi dró til tíðinda



LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA

Niðurstöður ársreiknings 2015

BREYTING Á HREINNI EIGN			
í milljónum króna	2015	2014	
Iðgjöld	622	615	
Lífeyrir	-1.372	-1.274	
Fjárfestingartekjur	3.052	1.904	
Fjárfestingargjöld	-122	-110	
Rekstrarkostnaður	-39	-37	
Hækkun á hreinni eign	2.141	1.099	
Hrein eign frá fyrra ári	28.437	27.338	
Hrein eign í árslok	30.578	28.437	


KENNITÖLUR			
	2015	2014	
Nafnávöxtun	10,4%	6,6%	
Hrein raunávöxtun	8,1%	5,4%	
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	5,5%	4,7%	
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	1,9%	2,0%	
Hlutfall eigna í íslenskum krónum	78,2%	78,7%	
Hlutfall eigna í erlendri mynt	21,8%	21,3%	
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.418	2.491	
Fjöldi lífeyrisþega	3.653	3.595	

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA			
í milljónum króna	2015	2014	
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	569	-378	
Í % af áföllnum skuldbindingum	1,9%	-1,3%	
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-418	-1.452	
Í % af heildarskuldbindingum	-1,1%	-4,2%	

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - STÓRHÖFÐA 23 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 563 1300 - LSB@LSB.IS - WWW.LSB.IS

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK			
í milljónum króna	2015	2014	
Verðbréf með breytilegum tekjum	11.986	11.034	
Verðbréf með föstum tekjum	14.636	15.055	
Veðlán	1.677	1.703	
Aðrar fjárfestingar	8	119	
Kröfur og aðrar eignir	2.296	565	
Eignir alls	30.603	28.478	
Skuldir	25	40	
Hrein eign í árslok	30.578	28.437	

Vaxandi hrein eign til greiðslu lífeyris og hrein raunávöxtun á uppleið



STJÓRN

Skúli Bjarnason, formaður
Guðrún Lárusdóttir, Sara Lind Guðbergsdóttir
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir og Örn Bergsson
Framkvæmdastjóri
Ólafur K. Ólafsson


CASTGROUP
MINILOADERS

Islyft ehf
STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is s. 564 1600

PIXY LIÐLÉTTINGAR

MÝKT – Mjög nettar með mjúkar hreyfingar og á breiðum dekkjum sem skemma ekki gras.

AFKÖST – Betri afköst og lyftir þyngri farm en sambærilegar vélar vegna stærri vökvadælu.

LIPURÐ – Snúnigradíus vélarinnar er mjög lítill

AFL – Öflugar 30 og 38 Hp Isuzu vélar

STÖÐUGLEIKI – Án nokkurs vafa með stöðugustu liðléttingum sem eru á markaðnum vegna þess að tækin eru byggð með mjög lága þyngdarmiðu. **Verð frá 2.350.000 kr + vsk.**

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

**Næsta blað kemur út
þriðjudaginn 22. mars**

SPEGLAR


Íspan
GLER OG SPEGLAR


Deerhunter

ÚTIVISTAFAFATNAÐUR



Deerhunter Attack jakki
Hlýr og léttur jakki 600 gr.
2 framvasar + 2 innrivasar
Deer-Text® Temp **Kr. 11,900**



Deerhunter Muflon jakki
Léttur fódraður jakki með brjóstvasa
2 framvasar + 1 innri vasi
3M™ Thinsulate™ fódur
Teyganlegt efni á hliðum **Kr. 13,900**

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum,
með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

TRYGG
Nøstet Kjetting as

SNJÓKEÐJUR



Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi

LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR



Ísnet Húsvík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrúkur s. 5 200 560

Hafðu samband og
kynntu þér vöruúrvalið
og þjónustuna



ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

Fréttaskýring

Nýting á mjaltapjónum í íslenskum kúabúum gæti verið mun betri:

Aðeins örfá bú eru að fullnýta afkastagetu mjaltapjónanna

— þekking bænda á búnaðinum er æði misjöfn að því er fram kemur í umfangsmikilli úttekt sem gerð var á 10 mjaltapjónafjósum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Þrátt fyrir að mjaltapjónar geti afkastað yfir 450.000 lítrum á ári þá eru einungis örfá bú sem ná þeim árangri á Íslandi samkvæmt ársskýrslu NMSM, norrænnar nefndar um mjólkurgæði, árið 2015. Fastur kostnaður á hvern framleiddan lítra úr mjaltapjónum er því gríðarlega misjafn á milli bóna.

Vekur þetta óeitanlega athygli í ljósi mikillar endurnýjunar á mjaltapjónum sem nú á sér stað á fjölmörgum kúabúum. Einnig þar sem stöðugt fjölgar þeim búum sem taka mjaltapjóna í sína þjónustu hér á landi. Í Bændablaðinu 11. febrúar síðastliðinn var svo greint frá því að Íslendingar eiga nú heimsmet í hlutfalli þeirrar mjólkur sem kemur frá mjaltapjónabúum. Koma 37,2% af mjólkinni frá slíkum búum.

Tækniundur sem kostar sitt

Þá er vert að hafa það í huga að þessi háþrúðu tækniundur sem mjaltapjónarnir eru, kosta umtalsverða fjármuni. Gróflega má segja að einn mjaltapjónn kosti á bilinu 20 til 30 milljónir króna, allt eftir búnaði. Hérlandis eru þrjár tegundir að bitast um markaðinn, Lely, DeLaval og GEA frá þýska fyrirtækinu Westfalia Warragul.

Að sögn Snorra Sigurðssonar, ráðgjafa hjá SEGES p/s í Danmörku, þá má að hluta sækja skýringuna í jafn einfaldan hlut og að of fáar kýr séu á hvern mjaltapjón. Það er samt alls ekki raunin í öllum tilvikum. Reynslan frá Danmörku sýnir að í ótal tilvikum er ástæðan fyrir slakri nýtingu þessarar mjaltatækni einfaldlega vanþekking á réttum vinnubrögðum, stillingum hugbúnaðar og grunnhönnun fjósa.

Skýringa leitað

Tilgangur verkefnis sem Snorri vann að fyrir íslenska kúabændur var að skoða hvað skýrir mismunandi nýtingu mjaltapjóna á Íslandi. Einnig hvort bæta megir nýtingu þeirra með hagnýtri ráðgjöf með sama hætti og gert hefur verið í Danmörku með góðum árangri og um leið að lækka hlutfalls fasts kostnaðar á hvern framleiddan lítra. Jafnframt að kynna fyrir íslenskum bændum og ráðgjöfum hér á landi þær aðferðir sem notaðar eru í Danmörku við ráðgjöf í tengslum við mjaltir í mjaltapjónafjósum.

Úttekt gerð á 10 mjaltapjónafjósum

Verkefnið byggði á úttektum á 10 mjaltapjónafjósum, þar sem farið var bæði yfir vinnubrögð í fjósi, hugbúnaðarstillingar og fjóshönnun svo bæta mætti nýtinguna.

Notuð var stöðluð ráðgjafaaðferð, sem notuð er við mjólkurframleiðsluráðgjöf í Danmörku á vegum SEGES. Niðurstöður þessarar úttektar auk eyðublaðanna sem hér hafa verið þýdd yfir á íslensku, og eru í Viðauka I og II, geta vonandi nýst bæði bændum, þjónustuaðilum og ráðgjöfum á



Hér er Sigurður Ólafsson, bóndi á Brúastöðum í Vatnsdal, að þrifa í kringum Lely Astronaut-mjaltapjóninn á búinu.

Mynd / HKR.



DeLaval-mjaltapjónn.



GEA-mjaltapjónn frá Westfalia.

komandi misserum í leit að bættri nýtingu mjaltapjóna hér á landi.

Búin áttu það sameiginlegt að nýting mjaltapjónanna, með tilliti til fjölda kúa, var afar slök og var meðalfjöldi mjólkandi kúa ekki nema 48,7. Fæstar kýr voru 33 og flestar 61 og staðalfrávikidi 9,4. Í Danmörku er miðað við að mjaltapjónn geti afkastað 60–65 mjólkandi kúm að jafnaði.

Í öllum fjósum var gert ráð fyrir fleiri kúm en sem nam mjólkandi kúm á þeim tíma sem búin voru heimsótt og var meðalfjöldi bása 64,3, frá 50 og upp í 74 básar.

Umferðarstjórnun

Í þremur fjósum var notast við stýrða umferð kúa en í hinum fjósum réðu kýrnar sér sjálfar. Ekki var unnt að greina af gögnunum um jákvæð áhrif þess að notast við umferðarstýringu með einhverjum hætti. Í Danmörku er almennt mælt með því að notast við frjálsa umferð við mjaltapjóna.

Þrátt fyrir umferðarstjórnina þarf að sækja kýr í öllum fjósum og er það í mjög góðu samræmi við danska

reynslu en algengt er að bændur telji að með sjálfvirkum hliðum þá minnki þessi þörf verulega. Ekki mátti sjá að það væri raunin en sem hlutfall af heildarfjölda mjólkandi kúa þurfti að sækja frá 2,5% og upp í 33,3% kúna. Í Danmörku er miðað við að þetta hlutfall haldist undir 3% og sé það herra en 5% þá sé verið að sækja of margar kýr. Í samtölum við ábúendur kom skýrt fram að fjöldi þeirra kúa sem er sóttur í mjaltir fer mjög mikið eftir bóndanum sjálfum og hver það er sem er í fjósinu á hverjum tíma. Þannig gat verið töluverður munur á skilgreiningu á því hvað væri biðkýr innan bús, eftir því við hvern var rætt. Ekki var hægt að sjá mun á nýtingu og því hve margar kýr voru sóttar og svo virtist sem að sumir bændur væru að eyða allt of miklum óþarfa tíma í að finna kýr í mjaltir. Í Danmörku er almennt miðað við að ekki eigi að vera með kýr sem bíða mjalta í lengri tíma en allt að 12 tímum.

Gróffóðrun

Á milli fjósanna var mikill breytileiki

hvað snerti gróffóðurgjöfina, allt frá því að gefa kúnum hey oft á dag og upp í að gefa þeim nýtt gróffóður þriðja hvern dag (samkeyranlegur fóðurgangur). Ekki mátti sjá af gögnunum um sökn kúa í mjaltapjóna að gjafalagið hefði teljandi áhrif, öfugt við það sem þekkist erlendis. Þess má þó geta að hvergi var staðan slík að mjaltapjónn væri fullsetinn og gæti það skýrt af hverju ekki fannst munur. Þá er reginmunur á gróffóðrun á Íslandi og erlendis þar sem kjarnfóðurgjöf í mjaltapjónum er oft að hámarki 2–3 kg yfir daginn pr. kú eða nærri þrefalt minni en hér á landi.

Þýðing gjafalags gróffóðurs hér á landi skiptir því ekki jafn miklu máli og erlendis. Í Danmörku er almennt miðað við að þar sem kýr eru mjólkðar með mjaltapjónum þá standi þeim til boða fersk gróffóðurgjöf allan sólarhringinn.

Hreinleiki kúa

Hreinleiki kúna var metinn huglægt á bilinu 1–3. Kýrnar í fjórum fjósum voru metnar mjög hreinar og einungis verulega óhreinar í einu fjósi. Hreinleiki kúa skiptir mjög miklu máli þegar nýta þarf mjaltapjónana sem best enda hefur hreinleiki bein áhrif á afkastagetu mjaltapjónanna vegna meiri erfiðleika við að finna spena séu júgur og spenar óhrein. Í Danmörku er forsenda góðra og hraðra mjalta að kýrnar séu hreinar þegar þær koma til mjalta og fáar ef nokkrar kýr flokkast með hreinleikastuðulinn „2“ eða „3“.

Rými í fjósi

Við úttektirnar var rými við mjaltapjón metið en um huglægt mat var að ræða. Einungis eitt fjós var talið uppfylla nútíma kröfur um rými við mjaltapjóna og fjögur fjósanna voru metin sem mjög þröng. Í Danmörku er miðað við að rými framan við mjaltapjón sé gott og í kringum 5 metra opði svæði sé framan mjaltapjóns.

Kvörðun kjarnfóðurgjafar

Fram kom í viðtölum við ábúendur að fáir kanna reglulega hvort kjarnfóðrið sé rétt skammtað, þ.e. í samræmi við það sem hugbúnaðurinn ætlar kúnum að fá. Reynslan erlendis frá hefur sýnt að búnaður sem skammtar kjarnfóður, hvort heldur sem er í kjarnfóðurbásam eða í mjaltapjónum, á það til að afstillast nokkuð auðveldlega. Góð þumalfingursregla er að yfirfara þetta stillingaratriði reglulega og ekki skemur en ársfjórðungslega. Þá má sjá hér síðar (í töflunni) að all nokkur breytileiki er á gefnu magni kjarnfóðurs pr. 100 kg mjólkur en það skýrist væntanlega að stærstum hluta af gæðum gróffóðursins. Ekki var unnt að meta þennan þátt, þ.e. hvað væri „rétt“ eða „rangt“.

Afar misjöfn þekking á búnaðinum

Þá var einnig komið inn á margvíslega þætti í umgengni bænda við mjaltapjónana, undirbúning fyrir mjaltir og stillingar tækjanna. Afar mikill breytileiki var á þekkingu ábúenda á einstökum stillingarmöguleikum þeirra eigin mjaltapjóna. Þannig

voru einstaka bændur „á kafi“ í kerfunum, flestir kunnu ágætlega á kerfin en aðrir með einungis grunnþekkingu á búnaðinum. Á öllum búunum kom fram að bæta mætti verulega þessa hlið kunnáttu bændanna.

Helstu niðurstöður

- Mikill breytileiki á milli kúabúa í grunnstillingum mjaltapjóna bendir til þess að þjónustufyrirtækin þurfa að skoða með hvaða hætti endurmenntun þjónustuaðila er sinnt. Ekki var hægt að finna haldþærar skýringar á miklum mun á milli bóna og svo virðist sem góð reynsla stillinga á einu búi skili sér ekki áfram á önnur bú og/eða til þjónustumannna mjaltapjónanna, sem þá gætu skilað þekkingunni áfram. Hér geta fyrirtækin, sem selja mjaltapjónana, gert mikið bæði „innanhus“ varðandi menntun þjónustumannna, en einnig við að miðla góðum reynslusögum á milli bóna. Þá má ætla að bæði ráðgjafar RML og MS hafi hér hlutverki að gegna gagnvart bændunum.
- Mikill munur var á þekkingu bændanna sjálfra á grunnmöguleikum í stillingum mjaltapjónanna og eru hér sjáanlega verulega mikil tækifæri í endurmenntun fyrir aðila eins og Landbúnaðarháskólann, RML eða jafnvel MS. Þá hljóta að vakna spurningar um gæði þeirrar kennslu og kennsluefnis sem fyrirtækin, sem selja tækin til bændanna, eru með.
- Mjög fáir bændur könnuðu hvort kjarnfóðurgjöf mjaltapjónsins væri rétt en hún afstallist stundum og því þarf að stilla af gjöfina miðað við ætlað magn reglulega. Þjónustuaðilar mjaltapjónanna hafa hér hlutverk, enda kunnu ekki allir bændurnir að gera þetta.
- Töluverður breytileiki í kjarnfóðurstillingum mjaltapjónanna gefur ástæðu til að ætla að gera megir átak í því að kynna fyrir bændum þá möguleika sem stillingar kjarnfóðurs hafa upp á að bjóða.
- Allt of oft sást að stilling á kjarnfóðurgjöf miðað við nyt var kaflaskipt og var kúum því hætt við að „ðetta“ úr einu gjafalagi í annað með tilheyrandi afurðatapi.
- Skilgreining bænda á því hvenær sækja þarf kýr í mjaltir var mjög mismunandi og einnig innan búis eftir því hver átti í hlut. Sumir bændur eru sjáanlega að nota allt af mikinn tíma í að sækja kýr og þurfa að temja sér meiri ró enda á ekki að þurfa að sækja meira en 5–6%. Jafningjafraðsla, þ.e. að koma upp spjallhópum bænda með sambærilega mjaltapjóna, gæti hér skilað miklum árangri til þess að miðla reynslu og þekkingu á milli búanna.
- Aðgengisstillingar fyrir kýr og ungar kýr á fyrsta mjaltaskeiði,

á mismunandi stöðu innan mjaltaskeiðs voru mjög ólíkar á milli búa. Ekki var hægt að greina sambengi á milli ólíkra stillinga og raunverulegrar nýtingar á mjaltapjónunum sem bendir til þess að hér sé full ástæða fyrir þjónustuaðilana að skoða nánar hvernig leiðbeiningum er háttað varðandi aðgengi kúnna og hvaða stillingar henti best hverju sinni. Ekki var unnt að greina að mikill breytileiki á stillingum gagnaðist sérstaklega á einstökum búum.

- Mikill breytileiki í lykiltölum

búanna bendir til þess að veruleg sóknarfæri séu í átt að bættri nýtingu mjaltapjónanna. Hér eru mikil sóknarfæri fyrir ráðgjafa landsins enda auðvelt að bera þessar tölur saman koma með tillögur til úrbóta.

Verkefnið kostað af Framleiðnisjóði SAM og MS

Verkefnið var kostað af Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) og Mjólkursamsölunni (MS) og var unnið í samstarfi við SEGES í Danmörku (áður Þekkingarsetur landbúnaðarins - VFL). Þá var

starfsmönnum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins boðið að taka þátt í heimsóknnum á búin ásamt þjónustumönnum viðkomandi tegundar mjaltapjóns viðkomandi bú.

Snorri vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem að verkefninu komu, sérstaklega þeim kúabændum sem tóku þátt.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



SPARAÐU MEÐ VARMADÆLU

Allt að 80% sparnaður á hitunarkostnaði

BOSCH COP 5,1 A++

LG COP 5,6 A++

VERÐLAUN fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í loft*

VERÐLAUN fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í loft*

- LG og Bosch eru leiðandi framleiðendur á varmadælum með áratuga reynslu.
- Búnaður framleiddur og prófaður fyrir norðlægar slóðir.
- Hátt sparnaðarhlutfall, allt að 80% sparnaður.
- LG loft í loft, Bosch loft í vatn og jarðvarmadælu.
- Mjög hljóðlátar.

LOFTTÆKNI
STOFNAÐ 1994
S: 546 9500 • www.lofttaekni.is

Sölu uppsetninga og þjónustuaðilar

Kópavogur - Hólmavíkur: Rafhöld ehf.

Ölver Ragnarsson rafvirkir • S: 893 3543

Stykkishólmur: Raflagnapjónusta Hilmars • S: 894 1988

Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi • S: 456 1245

Þingeyri: Viktor Pálsson pípuþvottar. • S: 456 2378

Ísafjörður: AV pípuþvottar ehf. • S: 892 4844

Hvammstangi: Tengill ehf. • S: 451 2818

Blönduós: Tengill ehf. • S: 452 4720

Sauðárkrúkur: Tengill ehf. • S: 455 9200

Akureyri: Ljósgrjafinn ehf. • S: 460 7799

Vopnafjörður: Rafþjónn ehf. • S: 824 4081 / 848 9770

Eskifjörður: Rafkul ehf. • S: 822 8567

Djúpvogur: Rafstöð Djúpvogs ehf. • S: 478 2325

Höfn: Rafhorn • S: 478 1859

Vík: Rafsuð ehf. • S: 894 3979

Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf. • S: 487 8022

Vestmannaeyjar: Geisli Raftækjavinnustofa • S: 481 3333

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 9,0 m



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf

Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is



VIÐ NOTUM FLUID FILM

Betra Púst
SÍMI: 555 7070
PÚSTVIÐGERÐIR
RYÐVARNARÞJÓNUSTA

SÉRSMÍÐI FYRIR ALLA BÍLA

Skógarhlíð 10 - 105 Reykjavík

betrapust@gmail.com - www.betrapust.is

Helstu sölustaðir á Fluid Film:

Frábær á leður - Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stoppa tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun

HÁGÆÐA SMUREFNI



www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi
fluidfilm@fluidfilm.is • www.fluidfilm.is

AB varahlutir - Funahöfða 9, Reykjavík,
Barki - Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Betra Púst - Skógarhlíð 10, Reykjavík
Brynja - Laugavegi 29, Reykjavík
Bymos - Háholt 14, Mosfellsbær
Ellingsen - Fiskilóð 1, Reykjavík
ET - Klettagarðar 11, Reykjavík
Fálkinn hf - Dalvegi 10-14, Kópavogi
Gluggar og Garðhús - Smiðsbraut 10, Garðabæ
JHM Sport - Stórhöfða 35, Reykjavík
J.S Ljósasmiðjan - Skemmuvegi 34, Kópavogi
Lásapjónustan - Grensásvegur 16, Reykjavík
Láshúsið - Bildshöfða 16, Reykjavík
Poulsen - Skeifunni 2, Reykjavík
Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar
Smurstöðin - Fosshálsi 1, Reykjavík
Stálstjörnur - Fjarðargata 1, Seyðisfirði
Verkfærasalan - Síðumúla 11, Reykjavík
Vesturröst - Laugavegi 178, Reykjavík
Vökvatengi - Fitjabraut 2, Reykjanesbæ



Feðgarnir Hildibrandur Bjarnason og Guðjón Hildibrandsson við sexæringinn Sildina í safninu í Bjarnarhöfn.

Myndir /HKr.

Í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit á Snæfellsnesi er rekin öflug ferðapjónusta allan ársins hring:

Úr hefðbundnum búskap í að rækta vinskap við ferðamenn

— Enginn þykir maður með mönnum nema prófa að smakka vel kæstan hákarlsbita hjá feðgunum Hildibrandi og Guðjóni

Bjarnarhöfn er bær og kirkjustaður í Hraunsvík, vestan Stykkishólms í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Hún var landnámsstaður Bjarnar austræna. Þar býr nú Hildibrandur Bjarnason og fjölskylda, en hann er löngu landspekkur fyrir hákarlaverkun sína og rekstur eigin minjasafns á staðnum.

Er þetta einn elsti einkarekni sýningarstaðurinn af þessum toga á landinu. Voru ferðamenn farnir að venja komur sínar þangað fyrir árið 1980. Þar lýsir Hildibrandur Bjarnason sýningargripum og hákarlsverkun ásamt syni sínum, Guðjóni.

Mikill fjöldi gesta heimsækir staðinn allt árið um kring og hefur aðsóknin verið mjög vaxandi yfir harðasta vetrartímann. Auk þess að skoða safnið geta gestir komist í tæri við hunda, endur og hænur sem vekur ekki síst kátinu barna sem barna koma. Hjallurinn þar sem Hildibrandur hengir hákarl upp til þurrkunar vekur líka forvitni og þá ekki síður meðal útlendinga en Íslendinga.

„Maður verður að hafa eitthvað fyrir alla,“ sagði Hildibrandur þegar tíðindamaður Bændablaðsins kíkti þar í heimsókn fyrir skömmu. Minjasafnið hefur verið í núverandi byggingu í Bjarnarhöfn síðan 2001. Áður var það, auk hákarlsverkunarinnar, kirkjan og umhverfið sem dró fólk einkum að staðnum. Núverandi kirkjan, sem byggð var árið 1857, hefur verið í einkaeign. Þar hafði

áður staðið bændakirkja, eða frá 1286 sem líka var lengst af í einkaeign, eða frá því prestar hættu að nota hana við reglubundið messuhald árið 1694. Hildibrandur segist þó hafa áhuga á að auka fjölbreytnina enn frekar fyrir gestina sem þangað koma.

„Það væri líka gaman að vera með geitur, það eru skemmtilegar skepnur.“ Hann segir þó vandann varðandi geiturnar hversu skyldleikaræktunin er mikil. Því hafi hann áhuga á að flytja geitur úr öðrum landshlutum

á svæðið, en til þess hafi ekki enn fengist leyfi. Ástæðan er einkum sú að þá þyrfti að flytja dýrin milli hólfa og yfir varnarlinur sem markaðar hafa verið vegna sauðfjársjúkdómavarna. Hann segist þó ekki vita til að sömu sjúkdómar hafi hrjád geitastofninn, en rannsóknir virðist þó skorta til að Matvælastofnun leggi í að heimila slíkan flutning. Segir Hildibrandur að undanfarin ár hafi verið talað um að slíkt leyfi væri alveg að koma.

„Annars er nær allt hér á safninu

úr búrekstrinum í Bjarnarhöfn og munir af okkar heimili. Meira að segja steinasafnið sem hér er er allt úr okkar landareign.“

Með sexróinn Bolvíking inni á gólfi

Á safninu getur að líta sexæringinn Sildina sem smíðaður var í Jökulfjörðum árið 1860, en skipslagið er kallað Bolvíkingur. Var skipinu m.a. róið úr Ösvör

í Bolungarvík áratugum saman. Hildibrandur segist hafa þekkt mann sem var háseti á skipinu þegar gert var út frá Ösvör um 1890. Það var Jónmundur Torfason frá Asparvík í Kaldraðarneshreppi í Strandasýslu, bróðir Torfhilldar Torfadóttur á Ísafirði. Hún lést 2011, þá 107 ára að aldri, þá elst Íslendinga. Hún var yngst ellefu systkina, en eitt þeirra, Ásgeir, náði því líka að verða 100 ára.

„Ég kynntist mannum hennar,



Málverk eftir Bjarna Jónsson af Ófeigi frá Ófeigsfirði á heimstími af hákarlaveiðum undir fullum seglum. Skipið sjálft er nú á safninu í Reykjum í Hrótafirði. Þessi mynd á vel heima á safninu í Bjarnarhöfn, því sjá má hákarl bundinn við síðu skipsins.



Sildin undir seglum máluð af Bjarna Jónssyni. Þetta skip var m.a. gert út frá Ösvör í Bolungarvík og á hákarlaveiðar frá Gjögri á Ströndum. Þar um borð var þá Bjarni, faðir Hildibrands. Var þá oft róið á sömu mið og Ófeigur fór, eða þar til fiskþurrð varð í Húnaflóanum um 1950.



Bjarnarhöfn, safnið er í hvíta stóra húsinu fyrir miðri mynd.

Einari Jólssyni, áður sjómanni á Ísafirði, sem nú er látinn. Það var þegar við lágum báðir á spítala árið 1977.“

Í þeim töluðu orðum gengur asískur ferðamaður út úr sýningarsalnum brosandi út að eyrum og Hildibrandur faðmar hann að skilnaði.

„Við hér á safninu erum ánægð þegar fólkið er ánægt sem frá okkur fer.“

Snýst um upplifun og fræðslu

Guðjón Hildibrandsson sinnir safninu með föður sínum og fræðir ferðamenn um hlutina sem þar eru, hákarlaveiðar og verkun samhliða því sem verkferlið er kynnt á kvikmynd í safninu. Hann segir að þeir feðgar reyni alltaf að vera brosandi og kátir við gestina, enda stoltir af safninu sínu.

„Hér erum við að búa til upplifun og fræðslu.“ Hafa vísindamenn einnig nýtt sér aðstöðuna í Bjarnarhöfn til rannsókna á hákarli.

Veruleg fjölgun ferðamanna

„Við höfum verið með opið allt árið en umferðin er að aukast mjög mikið yfir vetrartímann,“ segir Hildibrandur.

„Þá erum við jafnvel eini staðurinn á stóru svæði sem býður upp á slíka afþreyingu. Því er mikilvægt að standa sig. Ég vona þó að fleiri staðir fari að sjá tækifæri í því að hafa opið yfir vetrartímann.“

Var um aldir eldsneytisauðlind Íslendinga

Hákarlinn sem verkaður er í Bjarnarhöfn kemur víða að. Margir sjómenn vita af verkun feðganna og jafnvel eru grænleniskir togarar að koma með hákarla sem ánétjast í troll. Mikinn fróðleik er hægt að sækja til Hildibrands um hákarlinn, hákarlsveiðar og verkun.


Á 18. og 19. öld var trúlega blómatúmi hákarlaveiða við Ísland. Árið 1867 fengust t.d. yfir 12.000 tonnur af lifur úr hákarli við Norður- og Austurland. Var síðan unnið úr lifrinni lýsi sem notað var til að lýsa upp borgir í Evrópu. Segir Hildibrandur að Hamborg í Þýskalandi hafi t.d. verið lýst upp með hákarlalýsi frá Íslandi um áratuga skeið. Hvalveiðar Spánverja (Baska), Bandaríkjamanna og Norðmanna hér við land þjónuðu m.a. sama tilgangi varðandi lýsisöflun og yfirgnæfðu hvalveiðarnar fljótlega hákarlaveiðarnar.

Einokunarverslun Dana dró úr getu Íslendinga til fiskveiða

Hákarlaveiðar á 17. öld voru fremur litlar hér á landi og þá aðallega fyrir tilstilli Dana sem stjórnuðu versluninni, þar sem þeir lækkuðu verð á íslenskum útflutningsvörum en seldu sinn varning á okurverði til Íslendinga. Þessi einokun leiddi til fjárskorts og voru því veiðarfæri landsmanna léleg og framfarir í öllum greinum mjög litlar. Í kringum 1800 fer þó einokunarverslun Dana að hnigna og Íslendingar fara að stunda hákarlaveiðar í auknari mæli enda var eftirspurn eftir lýsi orðin mikil í borgum Evrópu. Þetta leiddi til þess að Íslendingar fóru að gera út skip sem einungis voru ætluð til hákarlaveiða en áður fyrr hafði



Marga forvitnilega hluti getur að líta á safninu úr búskaparsögu Bjarnarhafnar.



hákarlinn aðeins verið veiddur sem viðbót við þorskaflann. Það voru þó breytingar handan við hornið á aðbúnaði manna úti á sjó því þegar að aukin eftirspurn eftir lýsi varð í Evrópu fóru menn að gera út til hákarlaveiða á þilskipum.

Vestfirðingar ruddu brautina í hákarlaveiðunum

Hákarlaveiðar á þilskipum hófust fyrir alvöru í kringum 4. áratug 19. aldar og voru Vestfirðingar manna fyrstir til þess að gera út til hákarlaveiða á þilskipum. Á þessum tíma hafði verð á lýsi hækkað hlutfallslega mikið gagnvart þorski. Þilskipum á Vestfjörðum fjölgaði stöðugt á þessum árum og var svo komið að þorskveiðar virtust hafa verið aukageta skipverja. Þilskipaútgerð Norðlendinga byrjaði þó öllu síðar en fyrir vestan. Þilskipaútgerð Norðlendinga var í höndum bænda og stunduðu þau skip nær eingöngu hákarlaveiðar.

Mikil eftirspurn var á lýsi í borgum Evrópu allt fram til 1900. Upp úr því fór eftirspurnin að minnka verulega þar sem menn voru byrjaðir að nota olíu til þess að lýsa upp borgirnar í stað lýsis.

Þegar að veiðarnar stóðu sem hæst hér við land voru menn að veiða það mikið af hákarli að lifrin úr þeim náði að fylla rúmlega 12.000 tonnur árið 1867. Það voru Norðlendingar sem báru þá höfuð og herðar yfir aðra hvað hákarlaveiðar vörðuðu á landinu. Hnignun veiðanna varð þó mjög hröð. Þó er enn veitt nokkuð af hákarli í dag en sá hákarl sem veiðist er helst kæstur og borinn fram á porrablótum.

Kæsing til að gera hákarlinn neysluhæfan

Hákarlinn er brjósksfiskur og talinn hafa verið í höfunum að mestu í óbreyttri mynd í rúmlega 300 milljónir ára. Þótt hann hafi verið hér á landi um aldir vegna lýsisins, þá er hann vandmeðfarinn ef neyta á

holdsins. Hákarlinn hefur ekkert þvagkerfi og þegar hann er drepinn tekur þvagið að brotna niður í eitt af myndunarefnum ammoníaks. Það flæðir um skrokk dýrsins og styrkur þess getur verið svo mikill að ef einhver neytir kjötsins getur það leitt til alvarlegrar eitrunar eða dregið menn til dauða.

Til að gera hákarlinn hæfan til neyslu eftir að hann hefur verið drepinn hefur tíðkast hér á landi að brjóta niður eiturefni sem myndast í holdinu með því að kæsa hann. Er hákarlinn látinn gerjast í kös í einn til þrjá mánuði og síðan hengdur upp á hjall og þurrkaður.

„Þetta eru um sex til átta vikur að jafnaði sem hann er látinn kæstast í rimlakössum. Það fer þó auðvitað eftir hitastiginu úti,“ segir Hildibrandur. Hákarlinn er einungis kæstur yfir vetrartímann, en hákarl sem veiðist á sumrin er þá geymdur í frysti þar til lofthiti til verkunar er orðinn heppilegur.

Skyrhákarl og glerhákarl

Margir hafa heyrt talað um skyrhákarl og glerhákarl sem fólk neytir eftir verkun. Að sögn Hildibrands er skyrhákarl oftast hvítur að lit og skorinn úr þykkum bakstykkijum hákarlsins. Glerhákarlinn er aftur á móti það sem til fellur við verkun á þynnri kviðstykkijunum.

„Þegar ég var krakki var skyrhákarlinn á heimilinu alltaf seldur, en við krakkarnir fengum að borða glerhákarlinn. Þetta var sælgæti með skyrhræring eða súrhræring og gjarnan skammtað með honum.“

Vel lukkuð markaðssetning á skrítnum mat

Þessi verkunaraðferð þykir afar sérstök og má segja að Íslendingum hafi tekist vel upp við að markaðssetja svo skrítna fæðu á síðari árum. Þar er hlutur Bjarnarhafnarfólksins ekki lítill. Þykir útlendingum sem hingað koma sérlega spennandi að prófa að smakka þennan fisk sem



Lostætur hákarl á hjalli í Bjarnarhöfn.

angar af sterkri rotnunar- eða ýldulykt. Koma menn jafnvel fljúgandi á þyrllum í Bjarnarhöfn til að upplifa þetta og mikill fjöldi gesta af skemmtiferðaskipum kemur þar árlega í sömu erindagjörðum.

„Útlendingum og öllum sem hingað koma þykir líka gaman að sjá skýringarmyndina um verkunina og hvernig hákarlinn er skorinn til verkunar.“

Annars konar verkun í útlöndum

Neysla á hákarli er þó vel þekkt víða um heim, en á allt annan hátt en hér á landi. Er hann þá blóðgaður strax eftir að hafa verið drepinn og þvagefnaríkt blóðið þá látið renna úr honum. Er þá hægt að matreiða „kjötið“ á ýmsan hátt, án þess að finna ammóníaksbragð. Þykja minni hákarlstegundirnar bestar. Lítil hefð er þó fyrir slíku hér á landi.

Ein verkunaraðferð sem meðal annars er notuð í Bandaríkjunum og víðar felst í því að fjarlægja skrápin og dökkt hold sem liggur undir honum eftir blóðgun. Síðan er „kjötið“ skorið niður í bita og þeir þaktir hveiti- eða kormmjöli og settir í kæli. Bitana þarf helst að geyma í kæli við 0–3°C í tvo sólarhringa áður en hægt er að neyta þeirra. Með þessari aðferð sleppa menn að mestu við ammóníaksbragðið og hægt er að borða kjötið nokkuð ferskt.

Bú margra merkismanna

Margir merkismenn hafa búið á Bjarnarhöfn í gegnum tíðina. Hjörleifur Gilsson bjó á Bjarnarhöfn um árið 1200. Hann var faðir Arons Hjörleifssonar, sem getið er um í Sturlunga sögu. Þar bjó einnig maður að nafni Marteinn Narfason. Hallgrímur Bachman læknir bjó þar frá 1773 til æviloka 1811. Hann varð fjórðungslæknir árið 1776. Hann hafði numið læknisfræði af Bjarna Pálssyni landlækni og einnig erlendis. Páll Melsted (1791–1861) var sýslumaður Snæfellinga 1849–1854 og bjó lengst af þeim tíma á Bjarnarhöfn.

Á eftir honum bjó þar Þorleifur Þorleifsson (1801–1877). Hann var læknir á Snæfellsnesi á öldinni sem leið. Þorleifur var smáskammtalæknir og varð héraðslæknir. Hann var gæddur miklum hæfileikum; hann þótti mjög heppinn læknir, aflasæll formaður, mikil skytta og dugandi bóndi. En það allra merkilegasta í fari hans var þó fjarsýn- isgáfan. Margar sögur fara af því hvernig hann gat nýtt sér þennan hæfileika sinn til lækninga, sagt var að hann gæti séð það á fólki hverjir áttu von og hverjir ekki. Þórir Bergsson (1885–1970) rithöfundur, sem réttu nafni hét Þorsteinn

Jónsson, átti heima á Bjarnarhöfn ásamt foreldrum sínum 1905–1907.

Komst í eigu umsvifamannsins Thors Jensen

Thor Jensen (1863–1947) var verslunarstjóri í Borgarnesi frá 1889–1894 og á Akranesi til 1899. Flutti síðar til Reykjavíkur 1901, gerðist umsvifamikill útgerðar- og kaupmaður og stóð meðal annars að stofnun útgerðarfélaga. Hann keypti Bjarnarhöfn og allt helsta nágrenni árið 1914. Thor rak þar mikið sauðfjárbú og lét reisa þar vönduð fjárhús fyrir 600 fjár árið 1917. Voru það talin á þeim tíma veglegustu fjárhús sem byggð höfðu verið í víðri veröld. Voru þau mun veglegri en mörg íbúðarhúsin á þeim tíma. Í þeim voru steyptir kjallarar með grindum yfir og öll loft þiljuð með panel að sögn Hildibrands. Hann segir að of seint hafi verið farið að huga að því að varðveita húsin og er því ekkert af þeim uppistandandi í dag.

Árið 1921 seldi hann svo Sveini Jóni Einarssyni jörðina og keypti sjálfur jörðina að Korpúlfsstöðum og kom þar upp stærsta kúabúi á Íslandi.

Fiskleysi í Húnaflóa leiddi foreldra Hildibrands til Bjarnarhafnar

Árið 1932 keypti Bæring Elísson Bjarnarhöfnina og bjó þar myndarbúi ásamt Árþóru Friðriksdóttur, konu sinni, til ársins 1951 er hann seldi jörðina. Kaupendur voru foreldrar Hildibrands, þau Bjarni Jónsson frá Asparvík á Ströndum (fæddur á Svanshóli 1908) og Laufey Valgeirsdóttir frá Norðurfirði (fædd 1917). Ástæðan fyrir kaupum þeirra á jörðinni voru einkum möguleikar á sjávarnytjum á jörðinni og stutt að róa eftir fiski í Breiðafirði. Fóru þau að leita fyrir sér í kjölfar þess að fiskur hvarf að mestu úr Húnaflóa.

Mikil umsvif í Kumbaravogi

Í Bjarnarhöfn hafa verið mikil umsvif í gegnum aldirnar. Þarna rétt fyrir innan er Kumbaravogur. Segir Hildibrandur nafnið stafa af því að menn frá Cumberland í Bretlandi hafi sett þar upp verslun fyrir mörgum öldum. Sumir nefna einnig Íra og Þjóðverja í því sambandi.

Hansakaupmenn komu í kjölfarið og settu þar upp verslun á árabílinu 1500 til 1600. Síðan tóku Hollendingar við að sögn Hildibrands og voru þar á milli 1600 og 1700. Í kjölfar þeirra komu Danir og stunduðu þar verslun fram á miðja 18. öld. Telur Hildibrandur víst að miklar minjar liggi þar í jörðu eftir aldalöng umsvif erlendra kaupmanna á staðnum. */HKr.*

HÓLL Fasteignasala

595 9000 | www.holl.is

Skemma til flutnings.

Skemma, sem staðsett er á Eirhöfða 2 í Reykjavík, er til sölu. Burðarvirki úr límtré og húsið er klætt litaðri trapissu áklæðningu. Skemman er óeinangruð. Húsið selst í því ástandi sem það er til niðurtöku og flutnings. **Óskað er tilboðs.**

- Grunnflötur um 500 fermetrar.
- Lengd 31,6 metrar.
- Breidd 16 metrar.
- Vegghæð rúmir 5 metrar.
- Um 6,5 metrar undir mæni.
- Innkeyrsluhurð á langhlið er um 5 metrar.
- Innkeyrsluhurð á vesturenda er um 6 metrar.
- Tvennar göngudyr.




Jón Víkingur Ásrúnar Hálfðanarson

Löggiltur Fasteigna- Fyrirtækja- og Skipasali.
Löggiltur Leigumiðlari.
Iðnrekstrar- og Viðskiptafræðingur.

Símar: 595 9010 og GSM 892 1316.
jonvikingur@holl.is
www.holl.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 22. mars



Kálfamjólk

Vöxtur · Þroski · Velliðan

Fóðrun fyrstu vikunnar hefur afgerandi áhrif á vöxt og þroska kálfa. Það er því mjög mikilvægt að velja rétt frá upphafi.

Rustik

Hágæða kálfamjólk sem gefur hraðan og öruggan vöxt. Framleidd úr mjólkurpróteinum. Hentar í allar gerðir kálfafóstra.



Bastant

Gæðamjólk framleidd úr mjólkurpróteinum og sojapróteinþykkn. Inniheldur einnig Lactoferrin sem letur óæskilegar bakteríur.



Topstart

Kálfamjólk framleidd úr mysudufti og jurtafitu. Ódýrari valkostur.



Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi ehf · Oddeyrtanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · www.bustolpi.is



Laufey Haraldsdóttir, deildarstjóri ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, og Áskell Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Landsmóts 2016.

Landsmót og Háskólinn á Hólum:

Rannsóknir gerðar á efnahagslegum áhrifum

Landsmót hestamanna ehf. og Ferðamáladeild Háskólans á Hólum hafa staðfest með undirritun viljayfirlýsingar, sameiginlegan vilja til að fram fari rannsóknir á Landsmóti hestamanna 2016 sem heildstæðum viðburði.

Markmið rannsókna er m.a. að auka þekkingu á viðburðahaldi og viðburðastjórnun, einkum á sviði hestamennsku, auka þekkingu á Landsmóti hestamanna sem viðburði og efla rannsóknir í viðburðastjórnun við Háskólann á Hólum. Meðal

þess sem áhugi er á að rannsaka eru efnahagsleg áhrif viðburðarins, væntingar og upplifun gesta, heimamanna og annarra hagsmunaaðila og þáttur sjálfbærleika á mótinu.

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, sem sérhæfir sig í viðburðastjórnun og ferðamálafræði sér um skipulag og framkvæmd rannsókna í samstarfi við innlenda og erlenda sérfræðinga. Unnið er að fjármögnun verkefnisins en verkefnisstjóri er Ingibjörg Sigurðardóttir lektor. /MPÞ



Heilsugæslustöðin í Vík í Mýrdal er aðeins opin frá kl. 9.00 til 12.00 alla virka daga þrátt fyrir gríðarlegan ferðamannastraum í sveitarfélaginu allt árið. Mynd /MHH

Heilsugæslustöðin í Vík í Mýrdal:

Vilja lengri opnunartíma vegna fjölda ferðamanna

„Það var dregið úr opnun stöðvarinnar fyrir tveimur árum vegna niðurskurðar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Heilsugæslustöðin okkar miðar við þjónustu fyrir fimm hundruð manns sem hér eiga lögheimili, en alls ekki við þá sjö til átta hundruð þúsund ferðamenn sem fara um sveitarfélagið á ári með mismiklum stoppum,“ segir Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn hefur óskað eftir fundi með forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands til að fara yfir málefni heilsugæslustöðvarinnar þannig að hún verði opin lengur, en aðeins er opið virka daga á milli 9.00 til 12.00. „Hér eru gistirými fyrir um 1.200 manns og þau eru full að meira eða minna leyti níu mánuði ársins og mikil notkun utan þess tíma svo sem í febrúar

þegar allt hefur hér verið fullt. Þótt við deildum þeim fjölda sem fer hér um jafnt niður á árið þá erum við að tala um að hér séu að jafnaði á þriðja þúsund ferðamanna. Auðvitað vitum við að það er miklu stærri hluti sem hér fer um yfir sumarmánuðina. Nú í febrúar hafa dag eftir dag verið yfir 1.000 bílar á dag um Reynisfjall. Þessi gríðarlega umferð um þjóðvegina, sem alls ekki er tilbúin til að taka á móti þessari umferð hvorki hvað varðar breidd eða vetrarþjónustu, þýða að umferðarslys eru tíð. Hér voru í síðustu viku þrjár bílveltur erlendra ferðamanna sem ekki átta sig á aðstæðum. Að sjálf-sögðu þýðir þetta mjög aukið álag á okkar heilbrigðisstarfsmenn að sinna slíku,“ bætir Ásgeir við og áréttar að framboð þjónustunnar þurfi að taka mið af þeim fjölda sem heimsækir sveitarfélagið en ekki eingöngu þeim sem eiga þar lögheimili. /MHH

BÚNAÐARÞING 2016

Fjöldi mála afgreidd



Ný stjórn Bændasamtaka Íslands sem kosin var á búnaðarþingi til tveggja ára. Talið frá vinstri: Gunnar K. Eiríksson í Túnsbergi, Eiríkur Blöndal frá Jaðri, Einar Ófeigur Björnsson í Lóni II, Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum og Sindri Sigurgeirsson, Bakkakoti 2, sem var endurkjörinn formaður samtakanna. Myndir /HKr.

Ný stjórn og Sindri Sigurgeirsson endurkjörinn formaður BÍ

Sindri Sigurgeirsson, bóndi í Bakkakoti í Borgarfirði, var endurkjörinn formaður Bændasamtaka Íslands til tveggja ára á búnaðarþingi sem lauk 2. mars.

Þá var einnig kosið í stjórn og

varastjórn samtakanna. Nú er í fyrsta sinn fimm manna stjórn en áður var hún skipuð sjö stjórnarmönnum.

Í formannskjörinu hlaut Sindri 40 atkvæði, Eiríkur Blöndal 3 atkvæði og 3 seðlar voru auðir. Kosningarétt hafa 49 búnaðarþingsfulltrúar.

Auk Sindra formanns voru Gunnar K. Eiríksson í Túnsbergi, Eiríkur Blöndal frá Jaðri, Einar Ófeigur Björnsson í Lóni II og Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum kosin í stjórn.

Í varastjórn voru kosin Guðrún

Lárusdóttir í Keldudal, Oddný Steina Valsdóttir frá Butru, Jón Magnús Jónsson á Reykjum, Hrafnhildur Baldursdóttir frá Litla-Ármóti og Guðmundur Davíðsson í Miðdal.

Þórhallur Bjarnason, Fanney Lárusdóttir, Guðrún Stefánsdóttir

og Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, sem öll sátu í síðustu stjórn Bændasamtakanna, gáfu ekki kost á sér. Formaður þakkaði þeim fyrir vel unnin störf á síðustu árum í þágu bænda og íslensks landbúnaðar.

/TB



Frá setningu búnaðarþings 28. febrúar 2016 í Silfursal Hörpu. Talið frá vinstri: Ingibjörg Elsa Ingjaldsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Kristján Franklín Sindrason, Kristín Kristjánsdóttir og Lilja Rannveig Sindradóttir.



Fyrir þig í Lyfju

20% afsláttur af Novexpert

C-vítamín línan frá Novexpert veitir húðinni orku og ljóma. Boosterinn er stjörnuvaran í þessari flottu línu, ein sú öflugasta sinnar tegundar. Boosterinn lýsir upp litabletti og ör ásamt því að veita húðinni orku og jafnvægi.

lyfja.is



Afsláttur gildir til 17.mars

BÚNAÐARÞING 2016



Ræða Sindra Sigurgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, við setningu búnaðarþings 2016:

Íslenskur landbúnaður býr yfir margs konar styrkleikum

Búnaðarþing 2016 var sett í Silfurbergi í Hörpu sunnudaginn 28. febrúar.

Í setningarræðu sinni fór Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, m.a. yfir tilurð niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum. Það kerfi hefur breyst mikið í gegnum tíðina, en hefur sætt vaxandi gagnrýni. Það er þrátt fyrir að kerfinu sé ekki síst ætlað að tryggja eðlilega samkeppnisstöðu á framleiðslu íslenskra bænda gagnvart innfluttum landbúnaðarafurðum.

Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum hófust árið 1943. Þær voru liður í að draga úr verðbólgu, en einnig að tryggja bændum viðlíka laun og samþæfingar stéttir þjóðfélagsins höfðu. Landbúnaðarvörur höfðu hækkað í verði ári fyrir sem olli mikilli óánægju í samfélaginu og leiddi til verkfalla.

Niðurgreiðsla á búvörum til að halda niðri verðlagi

„Á þessum árum voru laun að miklu leyti verðtryggð og full verðlagsuppbót greidd á laun mánaðarlega samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Það var því sameiginlegur hagur stjórnvalda og neytenda að niðurgreiða búvörur til að halda niðri vísitölu og verðbólgu.“

Bændur voru á þessum tíma reiðubúnir til að ganga nokkuð langt til að böndum yrði komið á verðbólgu. Búnaðarþing samþykkti þannig árið 1944 að gefa eftir 9,4% hækkun á landbúnaðarafurðum sem átti að leggja á lögum samkvæmt. Var sú ákvörðun tekin í trausti þess að fleiri tækju þátt í viðlíka aðgerðum, líkt og síðar gerðist í Þjóðarsáttinni árið 1990. Sú varð ekki raunin, sem olli mikilli gremju meðal bænda. Þá er einnig mikilvægt að halda því til haga að við bændur lögðum okkar af mörkum við að koma þjóðinni í gegnum það erfiða ástand sem efnahagshrunið árið 2008 leiddi af sér. Annars vegar voru búvörusamningar teknir upp og hafði í för með sér niðurskurð framlaga, sem hjálpaði ríkissjóði að koma aftur undir sig fótunum. Hins vegar hækkaði verð á íslenskum landbúnaðarafurðum mun minna en á öðrum vörum og hélt þannig aftur af verðbólgunni. Bændur hafa þannig, á ólíkum tímum, tekið virkan þátt í að bæta kjör landsmanna til viðbótar við að standa undir matvælaframleiðslu í landinu.“

Stuðningur hefur dregist saman úr 5% af landsframleiðslu í 1,1%

Sagði Sindri í ræðu sinni að nú á árinu 2016 væri víða deilt í netheim-



Sindri Sigurgeirsson við setningu búnaðarþings 2016.

Myndir / HKR.

um um landbúnaðarkerfið.

„Ótrúlegar breytingar hafa orðið á stuðningskerfi landbúnaðarins frá því að menn lögðu upp í vegferðina 1943. Hins vegar sækir oft að manni sú hugsun þegar hlustað er á marga gagnrýnendur landbúnaðarins að þeir séu ekki að gagnrýna landbúnað í íslenskum samtíma heldur þeirri ímynd á því hvernig landbúnaður var fyrir á árum og varpa þeirri ímynd inn í okkar samtíma. Staðreyndin er nefnilega sú, sem við vitum hér, að gríðarlegar breytingar hafa orðið á íslenskum landbúnaði, innviðum hans, stuðningsumhverfi og viðskiptum við útlönd á liðnum áratugum. Samkvæmt skýrslum OECD hafa útgjöld til landbúnaðar á Íslandi lækkað úr 5% af landsframleiðslu á tímabilinu 1986–1988 niður í 1,1% á tímabilinu 2012–2014. Þarna er átt bæði við bein fjárframlög úr ríkissjóði og tollvernd eins og OECD metur verðgildi hennar á hverjum tíma.“

Beinn stuðningur er nú tæpir 13 milljarðar króna á ári. Metið verðgildi markaðsverndar eru rúmir 8 milljarðar til viðbótar. Værum við enn í 5% af landsframleiðslu eins og fyrir 25 árum væri samtalan tæpir 100 milljarðar. Það skal því enginn segja að ekkert hafi breyst því svo sannarlega hafa orðið mjög miklar breytingar. Þá er þessi stuðningur til landbúnaðar ekki einhver bankabónus eða dúsa, heldur gerir hann bændum kleift að selja afurðir frá

sér á verði sem er undir framleiðslukostnaði og lækka þannig verð til neytenda. Það er sjálfsagt og eðlilegt að rætt sé í samfélaginu um stuðninginn, hvernig honum á að vera hátt og hvað við viljum draga fram með honum. Sú umræða þarf þó að fara fram með sanngjörnum hætti. Það verður að fara yfir þá sögu sem að baki liggur og þær breytingar sem þegar hafa átt sér stað. Það er varla til sá staður í veröldinni þar sem að stjórnvöld hlutast ekki á einhvern hátt til um landbúnað, með stuðningi, verndaraðgerðum eða hvoru tveggja. Svo er einnig raunin hér. Ég tel raunar að landbúnaðurinn njóti mikils og almenns stuðnings meðal landsmanna. Þegar það hefur verið mælt í könnunum hefur það komið skýrt fram.

Nú eins og áður þýðir það ekki andstöðu við breytingar. Við höfum breyst og munum halda því áfram, en við skulum ganga að því verki með opin augu. Það gerðu samtök bænda í nýafstöðunum viðræðum um búvörusamninga sem gert er ráð fyrir að taki gildi um næstu áramót. Við gengum að því samningaborði á grundvelli stefnumótunar búnaðarþings og búgreinafélaganna þriggja sem hafa samninga, Landssambands kúabænda, Landssamtaka sauðfjárbænda og Sambands garðyrkju-bænda. Hinum megin við borðið voru fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Þeir komu einnig

að borðinu með áherslur frá ríkinu.“

Niðurstaðan var og er málamiðlun

„Viðræður hófust í september og lauk með undirskrift þann 19. febrúar. Niðurstaðan var og er málamiðlun milli sjónarmiða allra þessara aðila. Þetta er í fyrsta skipti sem samið er um alla samninga á sama tíma og vissulega hefur það áhrif á niðurstöðuna. Reynt var að samræma og einfalda ákveðna hluti og styrkja um leið í sessi verkefni sem eiga að nýstast landbúnaðinum í heild í nýjum rammasamningi. Bændasamtökin héldu samráðsfundi með öllum aðildarfélögum sínum á liðnu ári til að leita eftir áherslum þeirra varðandi samningana. Það hefur ekki verið gert áður. Þó að búgreinasamningum fjölgi ekki eru eftir sem áður ýmis ný verkefni í rammasamningnum sem nýstast eiga fleiri greinum. Þar eru tækifæri.“

Það má líka segja að samningsgerðin hafi farið fram fyrir opnari tjöldum en nokkru sinni áður. Þetta er fyrsti samningurinn sem gerður er á tímum samfélagsmiðla. Ekki leið á löngu þar til kominn var hópur um samningana á Fésbókinni. Umræður þar hafa í sumum tilfellum verið málefnalegar og rökstuddar tillögur komið fram. Fljótlega varð ljóst að þær tillögur sem unnið var með við samningaborðið voru talsvert rótækar. Af þeim sökum var ákveðið að efna til kynningarfunda í lok nóvember þar sem farið var yfir stöðuna eins og hún var þá. Þar kom fram ýmis gagnrýni og ábendingar sem hafði áhrif í framhaldinu.

Staðan var auk þess kynnt víða, m.a. á fundum með afurðastöðvum, stjórnmalaflokkum, hagsmunasamtökum og fleirum. Skoðanir voru og eru skiptar. Við bændur eigum að taka öllum þeim fagnandi sem vilja ræða þessi mál af sanngirni og hafa eitthvað efnislegt fram að færa. Landbúnaðurinn fær ekki þrifist nema í sátt við samfélagið og við skulum leggja okkar af mörkum til að hún geti orðið sem best. Gagnrýni bænda á samningana, var mest á meðal mjólkurframleiðenda og vegna þess var ákveðið að gera skoðanakönnun meðal þeirra. Niðurstöður hennar urðu til þess að gerðar voru breytingar á lokametrinum til að ná betri sátt. Það virðist hafa tekist ágætlega en hins vegar er eðlilegt að samningar sem leggja upp með miklar breytingar séu umdeildir.

Samningarnir sem nú liggja fyrir eru til 10 ára en gert er ráð fyrir að þeir verði teknir til endurskoðunar tvisvar á samningstím-

anum, árin 2019 og 2023. Það er nýmæli að gildistíminn sé þetta langur, en ástæða þess er að með samningunum er verið að ráðast í umfangsmiklar breytingar á starfs- umhverfi landbúnaðarins sem kallar á langtímahugsun. Endurskoðanir gera það að verkum að samningarnir verða lifandi plagg og gefa samningsaðilum tækifæri til að meta hvernig til hefur tekist og leggja mat á framhaldið. Meginmarkmið samninganna er að efla íslenskan landbúnað og skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri. Við viljum auka verðmætasköpun í landbúnaði og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Til þess að ná þessum markmiðum eru í samningum fjölbreytt atriði sem ætlað er að yta undir framþróun og nýsköpun í greininni. Enn fremur er í samningunum lögð áhersla á eflingu lífrænnar framleiðslu og stuðningur við íslenska geitfjárrækt.

Ég ætla ekki að fara sérstaklega yfir efnisatriði samninganna í þessari ræðu, enda verður það gert á öðrum vettvangi. Ég vil þó ræða tvö atriði sérstaklega. Annars vegar fylgir rammasamningnum bókun um innviði hinna dreifðu byggða. Samningsaðilar eru sammála um að ráðast í starf sem miðar að því að treysta innviði og búsetu í sveitum. Í því felist meðal annars að finna skilgreindar leiðir sem stuðla að aukinni sjálfbærni sveitanna, eflingu framleiðslu og úrvinnslu matvæla ekki síst svo að meiri virðisauki verði í byggðunum. Sérstaklega verði skoðuð uppbygging innviða, svo sem samgangna, fjarskipta og raforku. Einnig möguleika sveitanna og framlag þeirra til þátttöku í aðgerðum vegna loftslagsmála. Þá verði litið til úrræða til að treysta fjárhag bænda og greiða enn frekar fyrir ættliðaskiptum á bújörðum.

Hitt atriðið er að sá möguleiki sem verður á fjárfestingastyrkjum í svínarékt fyrri hluta samningstímans. Svínaréktin hefur hingað til ekki átt kost á beinum styrkjum en fyrir liggur að tollasamningur Íslands og ESB mun hafa veruleg áhrif á greinina, auk þess sem kostnaður hennar við nauðsynlegar aðbúnaðarbreytingar á næstu árum er umtalsverður.

Svínabændur eru afar ósáttir við þessa niðurstöðu og telja hana ganga allt of skammt til móts við vanda þeirra. Þeir munu ræða á næstu dögum um hvort þeir segi skilið við heildarsamtök bænda. Ég hef skilning á óánægju þeirra og fleiri greina með að ná ekki áherslum sínum fram, en þeim var öllum til haga haldið við samningaborðið. Við sitjum bara ekki ein við það borð.

Það voru mikil vonbrigði að fá svo lítinn skilning á þeim kostnaði sem leggst á margar greinar landbúnaðarins vegna hertra aðbúnaðarreglugerða. Samkvæmt úttekt Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins er kostnaður við nauðsynlegar breytingar á bilinu 5–7 milljarðar króna í svínarékt, alifuglarékt, eggjaframleiðslu, loðdýrarékt og hrossarékt. Að sjálfsögðu kvarta bændur ekki undan hertum reglum um velferð dýra. Við eigum að vera þar í fremstu röð. Hins vegar viljum við líka fá skilning á því að þessar breytingar eru mjög dýrar og til þess að hægt sé að hraða þeim eins og kostur þá þarf ríkið koma að borðinu með stuðning. Sama gildir um tollasamninginn frá því september 2015. Hann kom eins og þruma úr heiðskíru lofti inn í viðræðurnar. Bændur gagnrýndu hann harðlega enda hefur hann mikil áhrif á starfsskilyrði margra búgreina. Bændasamtökin fengu dr. Vífil Karlsson til að meta áhrif aukinna innflutningskvóta á innlendu framleiðsluna. Í skýrslu



Fulltrúi norsku bændasamtakanna, Kristin Ianssen, mætti við setningu búnaðarþings.

BÚNAÐARÞING 2016



Fjöldi gesta var við setningu búnaðarþings í Hörpunni.

hans er spáð allt að 1,6 milljarða tekjutapi framleiðenda á ári – mest í svínarékt. Þessi samningur og fyrri tollasamningur við ESB frá 2007 múlbinda niður alla tollvernd á kjöti frá löndum sambandsins. Henni verður ekki breytt nema með upp-töku samninganna.“

Atkvæðagreiðsla um samningana

„Bændur munu nú greiða atkvæði um samningana og Bændasamtökin halda kynningarfundum um land allt í næstu viku. Þá mun Alþingi fjalla um lagabreytingar sem þeim tengjast. Búast má við mikilli umræðu á næstu vikum og mánuðum sem er eðlilegt enda málið stórt. Bændur eru tilbúnir í þá umræðu.

Ég tel að þessir samningar séu sóknarsamningar fyrir landbúnaðinn. Vissulega geta þeir falið í sér ákveðna óvissu. Landbúnaðinum er illa við óvissu enda framleiðsluferlar langir og kollsteypur erfiðar. Í samningunum felast mun fremur tækifæri en ógnanir og bændur ættu að kynna sér þá vel og hafa trú á sóknarfærum greinarinnar. Erfitt er að segja til um hver þróunin kemur til með að verða á komandi árum. Aukin eftirspurn er úr ýmsum áttum, með áherslu á heilnæmi og gæði landbúnaðarvara, takmörkun vistspors, staðbundinn mat og hugmyndafræði slow food í stað verksmiðjuframleiðslu stórra fyrirtækjasamsteypa. Íslenskur landbúnaður á þar mörg tækifæri. Margóft hefur verið bent á að eitt af þeim fjölmörgu atriðum sem eru sérstaða íslensks landbúnaðar er að hér er sýklalyfjanotkun í algeru lágmarki.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin, Evrópusambandið og Smitvarnamiðstöð Bandaríkjanna

hafa lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta ógnin við lýðheilsu í heiminum í dag. Þrátt fyrir það eru sýklalyf víða notuð sem vaxtarhvati í landbúnaði og fram eru komnar ofurbakteriur sem geta borist í menn og eru ónæmar fyrir öllum sýklalyfjum sem eru á markaði í dag. Landbúnaðurinn á heimsvísu glímir við margar áskoranir. Fólki fjölgar stöðugt og um leið gera neytendur meiri kröfur til upplýsinga um hvaðan maturinn kemur, hvernig hann er framleiddur og við hvaða aðstæður. Þar koma ekki síst inn umhverfisþættir. Um leið hugsa neytendur meira um að nýta matvælin betur og sóa þeim ekki, sem er afar þýðingarmikið. Með loftslagssamningnum í París náðist í fyrsta sinn víðtækt samkomulag um aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum. Margir hefðu auðvitað viljað að það hefði gerst hraðar og fyrr, en þessi árangur er afar mikilvægur og mun hafa mikla þýðingu fyrir heimsbyggðina alla. Miklu skiptir að vel takist til að útfæra markmið samningsins og þær aðgerðir sem honum þurfa að fylgja. Þar þarf landbúnaðurinn að taka fullan þátt. Ein af aðgerðum í sóknaráætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum er að vinna vegvísir fyrir landbúnaðinn til að verða loftslagsvænni.

Sá vegvísir verður unninn í samvinnu við Bændasamtök Íslands. Ágætu gestir. Það er mjög eðlilegt að almenningur hafi skoðun á mál-efnum landbúnaðar og framlögum til hans. Við tökum þeirri umræðu fagnandi, við höfum ekkert að fela og erum alltaf tilbúin til að koma og upplýsa um okkar málefni. Gleymum því ekki að bændur eru líka neytendur og skattgreiðendur.

Landbúnaðarframleiðslan hefur víðtæka þýðingu fyrir landið í heild. Á hverju ári á sér stað mikil

verðmætasköpun í íslenskum landbúnaði. Árið 2014 var verðmæti landbúnaðarafurða 51 milljarður kr. Um 4.200 lögbyli eru í notkun hér á landi og tæplega 4.000 manns starfandi í landbúnaði samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Alls munu um 11.000 störf tengjast landbúnaði með einum eða öðrum hætti. Íslenskur landbúnaður er mikilvægur þáttur í virðiskeðjunni og skilar hann og viðskipti með landbúnaðarvörur miklum skatttekjum til ríkisins.

Íslenskur landbúnaður býr yfir margs konar styrkleikum. Við verðum aldrei stórfraðslu en náttúra Íslands er okkar stærsta auðlind og í henni felst hreinleiki og sérstaða sem við getum nýtt okkur betur. Við flytjum inn landbúnaðarvörur fyrir 52 milljarða á ári en flytjum út fyrir 8 milljarða. Við viljum fyrst

og fremst sinna heimamarkaðnum vel og framleiða mat sem næst neytendum, en við viljum líka nýta tækifæri til sóknar erlendis þegar þau bjóðast.

Það eru margir neytendur sem kalla eftir vörum sem eru framleiddar við þær aðstæður sem við búum við. Við spörum gjaldeyri fyrir þjóðarbúið en við viljum gjarnan taka meiri þátt í að afla hans.

Ef tækifærin eru fyrir hendi þá eigum við að grípa þau. Við erum stolt af því að vera bændur. Við erum stolt af þeim vörum sem við framleiðum. Við erum stolt af því menningarlandslagi sem við sköpum í sveitum landsins. Svo erum við þakklát fyrir stuðning og tryggð íslenskra neytenda gagnvart vörum íslenskra bænda. Búnaðarþing 2016 er sett.“

Mannbroddar

-öryggisins vegna



Skeifunni 3h II Sími: 588 5080 II dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið



www.volkswagen.is

Volkswagen Amarok

Afkastamikill vinnubíll

Amarok býður upp á einstaklega gott vinnuumhverfi, mikið innanrými og stóran pall. Frábærir aksturseiginleikar og þýsk gæði endurspeglast í þessum kröftuga pallbíli. Amarok Startline með fjarstýrðum og tímastíltum vélahitara (Webasto) og loftkælingu fæst nú á sérstöku tilboðsverði.

Amarok Startline 4Motion D/C 2.0 TDI
140 hestöfl kostar frá
5.840.000 kr.
(4.709.677 kr. án vsk)

Eyðsla frá 7,6 lítrum/100 km.



Atvinnubílar

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

BÚNAÐARÞING 2016



Ályktun um verkfall eftirlitsdýralækna

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun um að koma í veg fyrir að verkfall eftirlitsdýralækna bitni á nokkurn hátt á velferð búfjár.

Í ályktuninni segir að búnaðarþing 2016 krefjist þess að eftirlitsdýralæknar í sláturhúsum hafi ekki heimild til þess að fara í verkfall.

Framgangur:

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir við hlutaðeigandi aðila.

Greinargerð

Á síðasta ári kom upp mjög alvarleg staða hjá bændum þar sem ekki fékkst leyfi til að slátra dýrum.

Afar slæmt ástand skapaðist hjá alifugla- og svínabændum þar sem dýravelferð vék fyrir hagsmunum dýralækna í verkfalli.

Til að fyrirbyggja að slík staða geti komið upp í allri framtíð er þessi ályktun lögð fram.

Byggðastefna

Búnaðarþing 2016 hefur samþykkt ályktun um að tekist verði á við byggðaröskun og aðstaða íbúa og fyrirtækja á landinu jöfnuð hvað varðar ýmsa mikilvæga grunnþjónustu svo sem fjarskipti, raforku og samgöngur í samræmi við bókun um byggðamál í nýundirrituðum rammisamningi BÍ og stjórnvalda.

Leiðir:

Alþingi tryggi fjármagn til að standa við áætlun um ljósleiðaravæðingu Íslands. Settar verði reglur um það með hvaða hætti opinber stuðningur verði

veittur til sveitarfélaga sem eru að eða hyggjast leggja ljósleiðara.

Sama verð gildi fyrir dreifingu á raforku á öllu landinu. Þrífðsúni verði flýtt og afhendingaröryggi aukið.

Mikil aukning umferðar um vegi landsins kallar á stóruáætlun fjárveitingar til samgöngumála.

Framgangur:

Stjórn BÍ hafi forgöngu um framgang málsins við stjórnvöld og þær stofnanir sem málið varðar.

Áhrif villtra dýra á beit

Búnaðarþing 2016 hefur samþykkt ályktun þess eðlis að áhrif beitar villtra dýra á ræktarland og beiti-land verði þekkt.

Áhrifin skulu metin með vöktun og skráning beitaráhrifa villtra dýra og fugla á landsvísi í samvinnu við

samtök og stofnanir sem eiga í hlut.

Búnaðarþing 2016 beinir því til stjórnar BÍ að hún vinni að málinu, t.d. í samstarfi við Náttúrustofur landshlutanna og sækir til þess nauðsynlegt fjármagn og rannsóknarstyrki.

Nýting jarðeigna ríkisins

Í ályktun búnaðarþings um nýtingu jarðeigna ríkisins segir að markmiðið sé að tryggja búsetu og landbúnað á sem flestum jörðum í eigu ríkis og kirkju.

Leiðir:

Búnaðarþing 2016 leggur til að núverandi verklag og reglur um ráðstöfun jarða í eigu ríkis og kirkju verði endurskoðað.

Framgangur:

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir með samstarfi við kirkjuráð og fjármálaráðuneyti.



Greinargerð

Við endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi verði höfð til hliðsjónar búsetuþróun í sveitum og styrking byggðar. Skilmálar er varða ábúð þurfa að stuðla að áframhaldandi búrekstri.



Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona stýrði setningarathöfn búnaðarþings í Hörpunni.



Frá fundi búnaðarþings 2016 sem fram fór í Súlnasal Hótelis Sögu.

Myndir HKr.

Raflínur og háspennujarðstrengir

Búnaðarþing 2016 hefur samþykkt ályktun þess eðlis að gætt verði jafnræðis þegar metin eru möguleg línustæði háspennulína á hálendi og láglandi, þ.m.t. vegna svokallaðs meginflutningskerfis raforku. Að svæðisskipulag miðhálandisins haldi gildi sínu.

Leiðir:

Að svæðisskipulag miðhálandisins haldi gildi sínu og að í landsskipulagsstefnu verði sett ákvæði um að ávallt skuli taka tillit til kosta sem felast í lagningu jarðstrengja þegar lagt er mat á áhrif mismunandi kosta varðandi legu og útfærslu orkuflutningsmannvirkja óháð því hvort um er að ræða hálendi eða láglandi. Að stjórnvöld setji sér markmið um vernd mikilvægs lands á láglandi í stefnu sinni um lagningu raflína.

Framgangur:

Stjórn BÍ taki málið upp við umhverfissráðherra og iðnaðar-ráðherra.

Greinargerð

Í Árið 2010 voru samþykkt ný skipulagslög. Með nýjum lögum var komið á nýju skipulagsstigi, þ.e. landsskipulagi. Bændasamtökin lögðust á sínum tíma gegn þessu – og rökin voru þau að þetta vald væri betur komið hjá heimamönnum, það er að segja sveitarfélögunum á hverjum stað.

Engu að síður fór þetta inn í lögin og landsskipulagsstefnu er ætlað að samþætta áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun.

Nú er nýafstaðin kynning og auglýsing landsskipulagsstefnu 2015–2026. Stefnan er nokkuð ítarleg og felur í sér stefnu um skipulag á miðhálandi Íslands, um skipulag í dreifbýli, um búsetumynstur og dreifingu byggðar og stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum. Umhverfissráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu.

Landsskipulagsstefnan markar ekki stefnu um eiginlega landnotkun, þ.e. landnotkunarlákum eins og gert er í aðalskipulagi sveitarfélaga. Stefnan er meira fljótandi og almenns eðlis með nokkrum undantekningum þó. Má þar nefna t.d. orkuflutningsmannvirkjun á miðhálandi Íslands. Í Landsskipulagsstefnunni segir beinum orðum: „Við umhverfismat kerfisáætlunar verði lagt mat á áhrif mismunandi kosta varðandi legu og útfærslu orkuflutningsmannvirkja á víðerni og náttúru hálandisins. Á miðhálandinu taki slíkt umhverfismat til kosta sem felast í lagningu jarðstrengja auk loftlína.“

Hins vegar vantar inn í þingsálykt-



Ályktað var um að svæðisskipulag miðhálandisins haldi gildi sínu.

unartillöguna sambærilega setningu um jarðstrengi þegar um er að ræða orkuflutningsmannvirki á láglandi.

Í dag er í gildi svæðisskipulag miðhálandis Íslands þar sem mörkuð er stefna um landnotkun miðhálandisins. Við gildistöku svæðisskipulags miðhálandisins var mörkuð sameiginleg stefna aðliggjandi sveitarfélaga um landnotkun miðhálandisins. Gildistakan var stórt framfaraskref og mjög mikilvæg fyrir byggðir Íslands. Hvað varðar orkuflutningsmannvirki í svæðisskipulaginu að þá er skilgreint mannvirkjabelti sem þverar miðhálandi Íslands. Þar er mögulegt að leggja háspennulínu um hálendið ef þörf krefur.

Við samþykkt Alþingis á landsskipulagsstefnu mun svæðisskipulag miðhálandis Íslands vera fellt úr gildi og sú sátt sem þar hefur skapast um landnotkun mun þá tapast. Eins og landsskipulagsstefnan er uppbyggð að þá er mjög varhugavert að fella umrætt svæðisskipulag úr gildi. Orkuflutningsmannvirkin myndu, miðað við þessa stefnu, rísa að mestu á láglandi Íslands, vegna þess að sú leið yrði alltaf ódýrari en lagning jarðstrengja á hálendinu. Þessi stefna yrði afar íþyngjandi fyrir marga þá sem hafa kosið að yrkja landið og hafa sitt lífsviðurværi af því.

Í samþykkt þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína (<http://www.althingi.is/altext/144/s/1355.html>) er kveðið á um stefnu stjórnvalda varðandi raflínur í jörðu. Þar er þó ekki tekið tillit til hagsmuna landbúnaðar, eða dreifðra byggða varðandi loftlínur eða jarðstrengi hvað varðar meginflutningskerfi raforku. Þar er þannig tiltekið:

1.3. Meginflutningskerfi raforku.

Í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé

að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli eftirfarandi viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:

1. Ef línuleið er innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
2. Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.
3. Ef línuleið er við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi.
4. Ef línuleið er innan þjóðgarðs.
5. Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er af öðrum sökum en sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Í framangreindum tilvikum skal meta hve langan jarðstreng er tæknilega mögulegt að vera með á viðkomandi stað í meginflutningskerfinu, kostnað og hvaða áhrif útfærslan hefur á afhendingaröryggi og gæði raforku. Ef í framangreindum tilvikum kostnaður við að leggja jarðstreng er ekki meiri en tvisvar sinnum kostnaður við loftlínu á viðkomandi kafla skal miða við að leggja jarðstreng, nema ef ekki er talið tæknilega mögulegt að leggja jarðstreng eða ef loftlína er í umhverfismati talin betri kostur á grundvelli umhverfissjónarmiða. Við samanburð á kostnaði skal miða við núvirtan stofnkostnað. Reglan um hámarkskostnaðarmun gildir þó ekki þegar um er að ræða skilgreint þéttbýli eða friðland sem verndað er sökum sérstaks landslags eða að teknu tilliti til flugöryggis, sbr. 1.–3. tölul.

Taka skal mið af afhendingaröryggi raforku og kostnaði við að tryggja það.

Af framangreindu má ráða að hagsmuna landbúnaðar og dreifðra byggða er ekki nægilega gætt varðandi lagningu raflína. Mikilvægt er að bæta úr því.



Dömur úr Graduale Nobili sungu nokkur lög við setningu búnaðarþings við mjög góðar undirtektir. Myndir / HKr.

Íslenskir neytendur eigi kröfu til þess að vita hvaðan matvörur koma

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun þar sem segir að íslenskir neytendur eigi kröfu til þess að vita hvaðan matvörur koma og hvort þær eru framleiddar á heilnæman hátt í sátt við náttúru og samfélag.

Aðgengilegar og réttar upplýsingar eru samofnir hagsmunir bænda og neytenda og forsenda upplýstra innkaupa og blómlegrar matvælaframleiðslu.

Bændasamtök Íslands beina því til stjórnvalda að reglur um merkingar matvæla verði hertar til muna. Samtökin telja mikilvægt að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland, dýravelferð, fôður, umhverfisfótspor, hreinleika, heilbrigði, aðbúnað, starfsumhverfi, lyfja- og eiturefnanotkun.

Í greinargerð með ályktuninni segir:

Upprunaland

Neytendur eiga heimtingu á að vita hvaðan maturinn kemur og Bændasamtök Íslands vilja að gerðar verði mun strangari kröfur um að fram komi með skýrum og afgerandi hætti hvaðan varan er upprunnin, þ.e. að greint sé frá upprunalandi hennar, eða eftir atvikum frá hvaða landi aðalhræfni vörunnar er.

Dýravelferð

Neytendur eiga heimtingu á því að vita hvort matvörur sem þeim standa til boða eru framleiddar á siðlegan hátt. Bændasamtök Íslands skora á stjórnvöld að koma á sérstöku opinberu merkingakerfi fyrir allar landbúnaðarvörur, innlendar sem erlendar, á grundvelli 25. gr. laga nr. 55/2013 um velferð

dýra. Þar verði horft til aðbúnadara, lyfjanotkunar og fleiri þátta. Mikilvægt er að slíkar merkingar séu skýrar, einfaldar og áberandi svo neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir á einfaldan hátt.

Umhverfisfótspor

Neytendur eiga heimtingu á því að vita hvort þær matvörur sem þeim standa til boða séu framleiddar á umhverfisvænan hátt. Bændasamtökin leggja til að stjórnvöld feli umhverfisráðuneytinu að kortleggja kolefnis- eða umhverfisfótspor íslensks landbúnaðar í heild og sundurliðað eftir greinum. Sérstakt tillit verði tekið til umhverfisfótspors vegna flutnings á vörum, áburðarnotkun, sýklalyfjanotkun, fôðurs o.s.frv.

Verndun ræktanlegs lands

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun um að unnar verði viðmiðunarreglur um gott ræktanlegt land.

Farið er fram á að Skipulagsstofnun móti viðmiðunarreglur í samvinnu við þar til bærara aðila. Markvisst verði unnið að því á

landsvísu í gegnum aðalskipulag sveitarfélaga að gott ræktanlegt land sé varðveitt.

Stjórn BÍ taki málið upp við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga og óski eftir að settar verði viðmiðunarreglur um hvað teljist vera gott ræktanlegt land.

Fjallskil verði fullnægjandi

Búnaðarþing samþykkti ályktun um að sveitarstjórnir á landinu öllu gæti þess að fara eftir og framfylgja öllum ákvæðum sem að þeim snúa í lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni og fjallskil þannig að fjallskil verði fullnægjandi í hverju sveitarfélagi.

Stjórn BÍ er falið að kanna hvar á landinu fjallskilum er helst ábótavant og hlutist til um að sveitarfélög sem þar eiga hlut að máli framfylgi skyldum sínum með tillögum til úrbóta.

Stjórn BÍ vinni í samstarfi við

búnaðarsambönd eða búgreinafélög að því að fá upplýsingar á landsvísu fyrir haustið. Þar sem ábótavant er verði sveitarfélögum send áskorun um úrbætur.

Í greinargerð með ályktuninni segir að víða um land séu heimtur ekki nægilega góðar og verði að heimta fé fram eftir vetri. Með fækkun íbúa í sveitum er þekking á smalamennsku að minnka og auk þess hafa sum sveitarfélög fækkað dagsverkum við smölun. Þetta leiðir til vandræða.

Fyrir þig í Lyfju

lyfja.is

20 ára % afsláttur

John Frieda Full Repair línan á 20% afmælisafslætti.

Tilboð gildir til 17.mars



Benedikt Sigurðsson, aðstoðarmaður ráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, á fyrsta fundi búnaðarþings 2016 á Hótel Sögu.

Smitvarnir í landbúnaði

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun um að gert verði átak í smitvörnum vegna búfjársjúkdóma.

Í ályktuninni segir að endurskoðaður þurfi lagaumgjörð um varnir við búfjársjúkdómum, ásamt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, efla rannsóknir á sviði dýrasjúkdóma og hvetja til vitundarvakningar meðal bænda og þeirra sem þá þjónusta um mikilvægi smitvarna.

Stjórn BÍ hafi frumkvæði

Stjórn BÍ er falið að hafa frumkvæði að smitvarnaáttaki í samvinnu

við Matvælastofnun, ráðuneyti landbúnaðarmála, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Í greinargerð með ályktuninni segir að aukinn ferðamannastraumur, innflutningur dýrafurða og notaðra landbúnaðartækja eykur hættu á að smitandi dýrasjúkdómar berist til landsins. Jafnframt felur aukinn flutningur búfjár milli bæja og landshluta í sér hættu á dreifingu smitefna. Þörf er á vitundarvakningu hvað þetta varðar meðal almennings, og þjónustuaðila í landbúnaði, segir í ályktun búnaðarþings.

Schalten Sie auf volle Leistung!

ALLT AÐ 60% BETRI NÝTING VEGNA ÞJÖPPUNAR

Mikill stöðuleiki og lágur þyngdarpunktur”

Með Jumbo” nærðu betri árangri”

Rafn A. Guðjónsson · Helluhraun 4 220-Hafnarfjörður
Tel + 354 565- 2727 · Mobile + 354 892 7502 · Email: rafn@rag.is

www.fliegl.com

BÚNAÐARÞING 2016



Kolefnisjöfnun búskapar

Búnaðarþing 2016 hefur samþykkt ályktun þar sem segir að unnið verði að því að draga úr áhrifum kolefnislosunar við landbúnað.

Gera þarf útreikning á kolefnislosun landbúnaðar og áætlun um hvað þarf til þess að kolefnisjafna búskapinn. Skoða þurfi möguleika á kolefnisjöfnun.

Stjórn BÍ í samvinnu við stjórn LSE fylgi málinu eftir.

Í greinargerð með ályktuninni segir: Við eigum aðeins eina jörð

og mikilvægt er að allir beri ábyrgð í loftslagsmálum. Skógrækt er viðurkennd mótvægisáðgerð gegn uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Margir bændur eiga land sem ekki nýtist við búskapinn og gæti hentað vel til skógræktar. Með því að vinna áætlun um skógrækt á landi sínu eða í samvinnu við aðra landeigendur og framfylgja henni skapast möguleiki á sjálfbærni í búskapnum og ímynd bændastéttarinnar verður jákvæðari.

Póstþjónusta í dreifbýli

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun um að tryggja verði áreiðanlega pósthjónustu í dreifbýli alla virka daga.

Leiðir:

Fyrir liggur að afnema endanlega einkarétt hins opinbera á pósthjónustu. Þess í stað mun hið opinbera, eftir öðrum leiðum, tryggja öllum neytendum aðgang að þjónustu.



Greinargerð

Framgangur:

Stjórn BÍ hafi forgöngu um framgang málsins með samskiptum við stjórnvöld og þær stofnanir er málið varðar.

Þjónusta Íslandspósts er mjög nauðsynleg fyrir bændur og fyrirtæki á landsbyggðinni. Minnt er á mikilvægi sendinga svo sem lyfja og varahluta á þeim svæðum þar sem langt er í næsta afhendingarstað vörunnar.

Förgun áhættuúrgangs

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun um brennslu á áhættuúrgangi úr dýrum

Við endurskoðun á reglum um förgun áhættuúrgangs úr dýrum (áhættuflokkur 1) verði tryggð aðkoma samtaka bænda til að tryggja þeirra hagsmuni.

Leitað verði samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun þegar unnið verður að lausn málsins.

Í greinargerð með ályktuninni segir að eftir 1. september næstkomandi verði sláturhúsum bannað að urða úrgang úr dýrum sem telst til áhættuflokks 1 (áhættuvefir sem falla til í sláturhúsum og óflokkaðar dýraleifar á urðunarstöðvum sveitarfélaga) og þurfa frá þeim degi að senda slíkan úrgang til brennslu, að óbreyttu. Í dag er ekki völ á annarri brennslu en hjá Köllu sorpeyðingarstöð Suðurnesja og flutningskostnaður því mikill þegar úrgangurinn fellur til í öðrum landshlutum.



Erna Bjarnadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri og sviðsstjóri félagssviðs BÍ og skrifstofustjóri búnaðarþings 2016, Guðrún Lárusdóttir, kúabóndi í Keldudal í Skagafirði og Guðný Helga Björnsdóttir, kúabóndi á Bessatöðum í Hrótafirði.

Slit Framleiðsluráðssjóðs

Búnaðarþing 2016 samþykkir að Framleiðsluráðssjóði verði slitið. Eignum hans skipt milli BÍ og aðildarfélaga samtakanna í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins.

Leiðir:

Búnaðarþing beinir til stjórnar Framleiðsluráðssjóðs að

Framgangur:

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir gagnvart stjórn Framleiðsluráðssjóðs.



Jón Gíslason, bóndi á Stóra-Búrfelli í Svínadal, skammt frá Blönduósi, og forseti búnaðarþings 2016, kvaddi félagara sína á lokadegi búnaðarþings miðvikudaginn 2. mars. Þakkaði hann samstarfið á löngum ferli sem fulltrúi á búnaðarþingi. Er hann með lengstan starfsaldur þeirra sem sátu þingið að þessu sinni, eða 30 ár, og sagði tíma til kominn að láta öðrum eftir setu á þinginu.

Myndir / HKR.

Innheimta félagsgjalda

Búnaðarþing 2016 samþykkti að hefja innheimtu félagsgjalda innan Bændasamtaka Íslands.

Leiðir:

Búnaðarþing beinir til stjórnar BÍ að hefja innheimtu félagsgjalda samkvæmt ákvæðum samþykktar samtakanna frá og með ársbyrjun 2017. Félagsgjald aukafélaga skv. 8. mgr. 5. gr. skal vera 12.000 kr. á ári.

Framgangur:

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir. Stjórnin skal einnig líta til samþykktar formannafundar frá 23. nóvember 2015 þar sem mörkuð var sú stefna að innheimtu búnaðargjalds skyldi hætt.



Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

Aðild Samtaka ungra bænda að BÍ staðfest

Fulltrúar á búnaðarþingi 2016 staðfestu á þinginu aðild Samtaka ungra bænda að Bændasamtökum Íslands. Í afgreiðslu þingsins á málinu segir:

Með vísan til 1. mgr. 4. gr. samþykktar Bændasamtaka Íslands, staðfestir búnaðarþing aðild Samtaka ungra bænda að Bændasamtökum Íslands.

Búnaðarþing 2016 samþykkir eftirfarandi breytingar á samþykktum Bændasamtaka Íslands.

Í stað tölunnar 49 í 1. mgr. 11. gr. komi „50“.

Við lista yfir aðildarfélög og fulltrúa í 11. grein bætist „Samtök ungra bænda 1“.



Einar Freyr Elínarson, frá Sólheimahjáleigu í Mýrdal og formaður Samtaka ungra bænda.



Sigurður Loftsson, kúabóndi í Steinsholti í Gnúpverjahreppi, tilkynnti félögum sínum á búnaðarþingi að hann hygðist draga sig í hlé á þessum vettvangi. Sagði hann það í raun sjálfgefið þar sem hann hafi lýst því yfir 27. febrúar að hann hygðist ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku hjá Landssambandi kúabænda (LK). Aðalfundur LK verður haldinn 31. mars, en þá verða liðin 14 ár frá því Sigurður var fyrst kjörinn þar í stjórn. Hann hefur gegnt formennsku í stjórn LK síðan 2009.

Tollasamningur við ESB og nýjar aðbúnaðarreglur

Búnaðarþing 2016 mótmælir harðlega tollasamningi við ESB frá í haust.

Samningurinn er ekki í samhengi við fyrirætlanir stjórnvalda um eflingu innlendirar matvælaframleiðslu. Þingið krefst þess að stjórnvöld skipi þegar í stað starfshóp með fulltrúum bænda þar sem mat verður lagt á hvernig einstaka búgreinar geta tekist á við afleiðingar samningsins. Sérstaklega verði horft til svína-

og alifuglaræktar, enda tekjutapið gríðarlegt í þeim greinum.

Starfshópnum verði einnig gert að meta kostnað og áhrif sem nýjar aðbúnaðarreglugerðir hafa fyrir landbúnaðinn. Horfa skal til þess sem tíðkast í nágrannalöndunum þar sem stuðningur fylgir hertum kröfum.

Unnin verði fagleg úttekt á þessum atriðum. Á grundvelli hennar verði bændum sköpuð eðlileg starfsskilyrði inn í framtíðina, enda

er það forsenda þess að bændur sjái sér fært að ráðast í þær dýru og umfangsmiklu framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla reglugerðir sem settar hafa verið.

Tollasamningurinn verði ekki fullgildur fyrr en starfshópurinn hefur skilað niðurstöðum sínum og gripið hefur verið til nauðsynlegra mótvægisáðgerða af hálfu stjórnvalda.

Bændasamtökin setja málið í forgang.



Þórarinn Ingólfur Pétursson, sauðfjárbóndi á Grund, nærri Grenivík í Eyjafirði. Hann er formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Nýliðunarstuðningi í landbúnaði fagnað

Búnaðarþing 2016 fagnar auknu fjármagni til nýliðunar í nýgerðum rammamningi landbúnaðarins sem tekur til allra búgreina.

Búnaðarþing beinir því til stjórnar BÍ að unnar verði skýrar verklagsreglur hið fyrsta sem miði að því að fjármunirnir nýtist sem best.

**Límtréshús
Stálgrindarhús
Yleiningar**

**VERÐ FRÁ
1.595.000 Kr +vsk**

.....Made in Holland

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |



Sigurlaug Gissurardóttirbóndi á Brunnhóli við Hornafjörð, Salvar Baldurs-son, bóndi í Vigur við Ísafjarðardjúp, og Sólveig Bessa Magnúsdóttir, bóndi í Innri-Hjarðardal í Önuðarfirði.

Landbúnaðarháskólar

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun um að tryggja áfram öfluga og sjálfstæða landbúnaðarháskóla í landinu og treysta enn frekar sérstöðu þeirra á sviði mennta, rannsókna og starfsmála.

Leiðir:

Búnaðarþing 2016 ítrekar ályktun Búnaðarþings 2015 um Landbúnaðarháskóla.

Framgangur:

Stjórn BÍ taki málið upp við ráðherra menntamála og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

Greinargerð

Á grundvelli þess starfs sem unnið hefur verið á milli búnaðarþinga, sem BÍ hefur meðal annarra átt aðild að, verði rekstrargrundvöllur sjálfstæðra landbúnaðarháskóla eflur. Til þess komi aukin fjárfraðslur ríkis, með heimildum til ráðstöfunar söluandvirðis eigna viðkomandi háskóla til eflingar starfinu. Þá telur búnaðarþing að stórauka þurfi fjármagn til hagnýtra landbúnaðarrannsókna ef metnaðarfull áform ríkisstjórnar um eflingu matvælaframleiðslu og stór skref í umhverfismálum eiga að standa undir nafni.

**Verkfærasett
Tilboð til bænda í mars
19.560
með sendikostnaði**

www.stilling.is/KS9170779/

179 stk.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

BÚNAÐARÞING 2016



Umhverfisstefna landbúnaðarins

Búnaðarþing 2016 samþykkti ályktun um mynd íslensks landbúnaðar í sátt við umhverfið til framtíðar.

Markmið:

Setja fram skýra og heilðræna stefnu í landbúnaðarmálum þar sem sjálfbærni verður höfð að leiðarljósi.

Leiðir:

Setja fram metnaðarfulla stefnu um ábyrgan landbúnað. Stefnu í landnýtingarmálum þar sem horft er sérstaklega til þess að ganga ekki á land en nýta auðlindir þess til að framleiða og bjóða upp á hágæða vörur. Reynt verði að draga úr neikvæðum ytri áhrifum eins og framast er unnt og renna stoðum undir þá þætti sem styðja jákvæða framleiðslu.

Framgangur:

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.



Hjónin Lilja Guðrún Eypórsdóttir á Vestra-Reyni og Haraldur Benediktsson, bóndi og alþingismaður, ásamt Vigdís Hauksdóttur alþingismanni í matarboði við setningu búnaðarþings. Myndir /HKr.



Svavar Pétur Eysteinnsson, bóndi á Karlsstöðum í Berufirði og hugmynda-smiðurinn á bak við hljómsveitina Prins Póló, söng nokkur lög fyrir gesti á setningarhátíð búnaðarþings 2016 í Hörpunni.



Jazztríóið Kósí skemmti gestum um leið og þeir gæddu sér á veitingum frá afurðastöðvum og fyrirtækjum íslenskra bænda fyrir setningu búnaðarþings í Hörpunni 28. febrúar.



Ljósmynd: Sigurjón Einarsson



Endurmenntun Lbhi

Æðarrækt og æðardúnn

Í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja öðlast réttindi eða viðhalda réttindum sem dúnmatsmenn. Þá er námskeiðið einnig ætlað öllu áhugafólki um æðarrækt, m.a. þeim mörgu sem hafa hugleitt það að hefja æðarrækt.

Fös. 8. apríl, kl 10:00-17:00 hjá Lbhi á Keldnaholti í Reykjavík



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000



ÁTVINNUEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var meðal gesta við setningarathöfn búnaðarþings 2016.

Íslenskt kjarnfóður í öll mál

Kjarnfóðrið frá Líflandi er íslensk framleiðsla



- Úrvals hráefni og aðföng.
 - Framleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum.
 - Tæknivædd og nútímaleg fóðurverksmiðja.
 - Vörupróun í samstarfi við Trouw Nutrition í Hollandi.
-
- Kjarnfóðurtegundir fyrir allar aðstæður.
 - Heysýnataka og fóðurráðgjöf með NutriOpt.
 - Persónuleg og lausnamiðuð þjónusta.
 - Skilvirk fóðurdreifing um allt land.

Allar nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Líflands

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is


LÍFLAND

Gamli traktorinn



500 hestafla Schluter sérhannaður fyrir Tító

Saga þýska dráttarvélaframleiðandans Schluter hófst í München árið 1898 með framleiðslu á bensínvélum og vélum sem gengu fyrir fleiri en einum orkugjafa. Stofnandi fyrirtækisins hér Arthur Schluter. Árið 1910 keypti Schluter járnbræðslu og málmosteypu í borginni Freising sem fékk nafnið Schlüterhof og í framhaldinu fór fyrirtækið að steypa sína eigin vélahluti.

Verksmiðjur jafnaðar við jörðu

Árið 1937 hóf Schluter framleiðslu á 25 til 50 hestafla, eins og tveggja strokka, dráttarvélum sem gengu fyrir bensíni og með 15 tonna dráttargetu. Vegna skorts á bensíni í seinni heimsstyrjöldinni var motor vélanna breytt þannig að traktorarnir gengu fyrir tréspírítus. Þegar leið á stríðið voru járnbræðsla og dráttarvélaframleiðsla



Schluter svo gott sem jafnaðar við jörðu í loftárasum bandamanna á München og Freising.

Sonar stofnandans, Arthur Schluter yngri, tók við rekstri fyrirtækisins við lát föður síns árið 1949 og hóf endurreisn þess eftir stríðið. Hans fyrsta verk var að flytja höfuðstöðvar þess og alla framleiðslu til Freising.

Íhaldssemi í framleiðslu

Viðreisn framleiðslunnar tókst vel en vélarnar sem fyrirtækið framleiddi fyrsta einn og hálfan áratug eftir stríðið byggðu á sömu hönnun og traktorarnir sem það framleiddi fyrir stríðið. AS15D, fánleg 15 til 98 hestöfl, týpan frá 1953 er til dæmis keimlík DZM25 týpunni frá 1939 og var tveggja strokka og 25 hestöfl. Frá 1950 til 1964 var framleiðslan 30.000 dráttarvélar.

Stórar og kraftmiklar vélar

Um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar hóf fyrirtækið framleiðslu á stærri og kraftmeiri dráttarvélum. Allt að 320 hestöfl. Þessar vélar fengu týpuheitið Super Trac og



Profi Trac og áttu það sameiginlegt að hjólin að aftan og framan voru jafnstór og af stærri gerðinni. Auk þess sem það var stýrisbúnaður bæði að aftan og framan.

Árið 1978 framleiddi Schluter frumgerð af Profi Trac 5000 TVL týpunni sem var 500 hestöfl. Profi Trac 5000 var aflmesta dráttarvél sem framleidd var í Evrópu á þeim tíma og þótt víðar væri leitað og sérsníðuð að ósk Tító Jógslavíuforseta. Agentar kommúnistastjórnarinnar í Jógslavíu voru lengi vel

helstu viðskiptavinir Schluter.

Upphaflega stóð til að hefja fjöldaframleiðslu Profi Trac 5000 dráttarvéla fyrir ríkisrekin landbúnað í Jógslavíu en hætt var við vegna ótryggs stjórnmálaástands í landinu.

Aðeins er vitað um einn slíkan traktor í dag og mun sá vera í einkaeigu dráttarvélasafnara í Bavaríu.

Euro Trac og gjaldþrot

Eftir byltinguna í Jógslavíu árið 1989 fór að halla undan fæti hjá fyrirtækinu sem þá var undir stjórn Arthurs Schluter III. Sama ár hafði fyrirtækið sett á markað nýja týpu sem fékk heitið Euro



Trac. Ýmis tæknivandamál komu fljótlega í ljós og endurbætur á þeim urðu fyrirtækinu dýr og leiddu að lokum til gjaldþrots.

Framleiðslan var tekin yfir af Schleppertile Egelseer GmbH sem setti á markað dráttarvélar undir heitinu Euro Trac árið 1996.

/VH



Stjórn Lífeyrissjóðs bænda 2015. Fremri röð frá vinstri: Örn Bergsson, Skúli Bjarnason formaður og Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri LSB. Aftari röð frá vinstri: Sara Lind Guðbergssdóttir, Guðrún Lárusdóttir og Vigdís Sveinbjörnsdóttir.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs bænda 2015:

LSB skilaði 8,1% hreinni raunávöxtun

Á ársfundi Lífeyrissjóðs bænda, sem fram fór í Bændahöllinni 1. mars 2016, voru niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2015 kynntar.

Árið 2015 reyndist gott ár hjá Lífeyrissjóði bænda þar sem sjóðurinn náði myndarlegri raunávöxtun fjórða árið í röð. Sú niðurstaða þýðir að sjóðurinn er að ná vopnum sínum að fullu eftir bankahrunið svokallaða. Sjóðurinn á nú fyrir áföllnum skuldbindingum og tryggingafræðileg staða er nú góð. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris hækkaði um 2,1 milljarð króna á árinu 2015 og hefur hækkað ár frá ári frá árinu 2008 jafnframt því sem fjárhagsstaða sjóðsins hefur styrkst í ljósi árangursríkrar ávöxtunar á eignum sjóðsins.



Á árinu 2015 tóku gildi nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, samkvæmt þeim er lífeyrissjóðum heimilt að meta skuldbréf miðað við kaupvirði eða markaðsvirði. Í uppgjöri sjóðsins eru eignir gerðar upp miðað við kaupvirði. Markaðsvirði eignasafns er 1,3 milljörðum króna herra en fram kemur í reikningi. Ef þessi óinnleysti gengishagnaður hefði verið innleystur á árinu 2015 hefði ávöxtun ársins verið 2–4% hærri en fram kemur í reikningi sjóðsins eða allt að 12% raunávöxtun.

Stöðugur vöxtur á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 30.578 milljónum króna (mkr.) í árslok 2015, hækkaði um 2.141 mkr. milli ára eða 7,5%. Á sjö árum, frá lokum bankahrunsársins 2008, hefur hrein eign sjóðsins vaxið um 10.258 mkr. eða 51%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 31% og er því hækkun umfram breytingu verðlags 20% á tímabilinu.

Hrein raunávöxtun 8,1% á árinu 2015

Afkoma ársins 2015 var með miklum ágætum. Nafnávöxtun verðbréfa sjóðsins reyndist vera 10,4% sem samsvarar 8,3% raunávöxtun. Hrein nafnávöxtun, það er þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 10,3% sem samsvarar 8,1% hreinni raunávöxtun á móti 5,4% árið 2014. Hrein raunávöxtun hækkar um 2,7 prósentustig milli ára. Hrein raunávöxtun síðustu fimm ára er 5,5% að meðaltali á ári sem er tveimur prósentustigum umfram það viðmið sem stuðst er við í tryggingafræðilegri athugun lífeyrissjóðanna.



Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 3.052 mkr. og skiluðu allir eignaflokkar jákvæðri raunávöxtun á árinu. Hæst var ávöxtunin á skráðum innlendum hlutabréfum en raunávöxtun þeirra var 44,3%. Vægi erlendra verðbréfa í safninu var 21,8% í lok árs 2015 og var umreiknuð raunávöxtun þeirra 2,4% í skuldbréfum og 0,4% í hlutabréfum. Á undanförunum missum hefur aukin áhersla verið lögð á greiningu á fjárhagslegri stöðu við fjárfestingar, greiðslugetu og gæðamat á skuldara, sem ætti að styrkja sjóðinn enn frekar og afkomu hans þegar til framtíðar er litið.

Veitt sjóðfélagalán þrefaldast milli ára

Á árinu 2015 voru veitt níu lán samtals að fjárhæð 294 mkr., sem er 175% aukning frá fyrra ári en þá voru lánveitingar samtals að fjárhæð 107 mkr. Heildarfjárhæð útistandandi lána í lok ársins var 1.901 mkr. þegar frá hefur verið dregin 19 mkr. varúðarniðurfærsla.

Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 30 mkr. til allt að 40 ára. Ekkert hámark er vegna lána á fyrsta veðrétti að uppfylltum öðrum skilyrðum í lánareglum sjóðsins. Heimilt er að lána félagi í eigu sjóðfélaga með sjálfskuldarábyrgð hans þar sem eignarhlutur hans í félaginu er að minnsta kosti 25%. Af lánum er heimilt að greiða eingöngu vexti í allt að fjögur ár frá lántökudegi.

Tryggingafræðileg staða batnar

Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um rúm þrjú prósentustig milli ára, 3,2 prósentustig á áfallinni stöðu og 3,1 prósentustig á heildarstöðu. Áfallin staða sjóðsins var jákvæð um 1,9% af skuldbindingum í lok árs 2015, á móti 1,3% neikvæðri stöðu í lok árs 2014. Heildarskuldbindingar sjóðsins voru 1,1% umfram heildareignir í lok árs 2015, á móti 4,2% 2014. Bætt tryggingafræðileg staða skýrist aðallega af góðri ávöxtun og lágru verðbólgu undanfarinna ára.


www.vallarnaut.is
vallarnaut@vallarnaut.is S-8411200
**RUDDASLÁTTUVÉLAR**

Sláttubreidd 167cm
Aflþörf 40hp
Verð: 211.590 kr + vsk

**KEDJUDREIFARAR**

Stærðir: 4,5 - 10,5m³
Aflþörf 45 - 100hp
Verð frá: 790.000 kr + vsk

**HAUGHRÆRUR**

Stærð 2,1 og 2,4m
Afköst 16.000L á min
Verð: 688.240 kr + vsk

**HAUGSUGUR**

Stærð 5200-13600L
Drifskafi eða vökvadæla
Málað eða galvanizerað

**Haugsugur****Stærðir frá 5200-13600L**

Stærð 9546 lítra með
sjálfvirkum áfyllibúnaði
vökvadæla í stað drifskafs
14 tonna öxull
vökvabremsur, fjaðrandi
beisli. Barkar og skál fyrir
áfyllibúnað.

Verðdæmi 2.662.000 + vsk

Lambamerkin fást í tveimur útgáfum:

Tagomatic®

TagoMatic eru einföld og ódýr merki. Þau eru í einu lagi og merkingin er laser-prentuð á merkið. Þessi merki eru úr lakara næloni en Rototag merkin, svokölluð sláturmerki og hönnuð til þess að endast í eitt ár og duga vel í það. Tölurnar eru stórar og greinilegar á merkinu. Þar sem merkið er í einu lagi er fljótlegra að hlaða ísetningartöngina. - Einföld merki á frábæru verði.

**28,-** án vsk
áprentun
innifalin**Rototag®**

Rototag eru gömlu og góðu Dalton lambamerkin. Þau eru í tveimur hlutum, framleidd úr hægðna næloni. Merkingin er laser prentuð

**41,-** án vsk
áprentun
innifalin**Athugið:**

Lágmarkspöntun á öllum merkjum er nú 50 stk og fjöldi merkja þarf að standa á heilum tugum. Sama töngin gengur ekki fyrir Tagomatic og Rototag. Helmingsafsláttur af ísetningartöngum með fyrstu pöntun.

**Þ Ó R H**

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

**AÐALFUNDUR
GEITFJÁRRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS**

Verður haldinn 18. mars 2016
á veitingastaðnum Gott í Gogginn
Borgarmýri 1 Sauðárkróki kl 15:00.

Á dagskrá aðalfundar eru lagabreytingar.

Sameiginlegur kvöldverður verður kl 19:00 á sama stað.

Allar upplýsingar á vefsíðu félagsins
www.geit.is varðandi aðalfundinn
og kvöldverðinn á veitingastaðnum.

Stjórnin.

fánar

fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

MERKIS

UMHVERFISMERKINGAR

www.merkismenn

MENN

SKILTAGERÐ

544 2030

Íslenskir feðgar við jarðrækt í Afríku:

Rækta papaja og ástaraldin í Kenía

Feðgarnir Jón Viðar Viðarsson og Viðar Sigurðsson rækta matjurtir á 40 hekturum af landi í Afríkuríkinu Kenía. Þeir hafa góðan aðgang að vatni enda er það forsenda ræktunarinnar og markaður fyrir framleiðsluna er góður.

„Tengsl okkar við Kenía hófust þegar pabbi fór þangað fyrir nokkrum árum og hóf fasteignaviðskipti, það var ansi lærdómsríkt en hann ákvað að hætta því sökum skriffinnsku og spillingar. Við fluttum líka notaðar járnsmíðavélar frá Íslandi og seldum í Kenía, þegar því verkefni var lokið fórum við að leita að öðrum möguleikum.

Við skoðuðum nokkrar hugmyndir og fórum að kynna okkur landbúnað og ræktun matjurtar. Við settumst niður og fórum að reikna. Útkoman leit vel út og hrintum því hugmyndinni í framkvæmd.

Fyrsta sem við gerðum eftir það var að keyra um vænleg ræktunarsvæði og leita að landi en þar sem hvorugur okkar hafði komið nálægt ræktun áður áttum við margt ólært,“ segir Jón.

Fyrirhafnarlítill ræktun

„Sem betur fer er ræktun í Kenía tiltölulega fyrirhafnarlítill. Það vex næstum allt í landinu undir berum himni fá plönturnar nægilegt vatn og jarðvegurinn er fjölbreytilegur og yfirleitt rauður og frjósamur.“

Jón segir að þeir hafi hafið ræktunina á 20 hektara landi þar sem var góður aðgangur að vatni í ágætum brunni. „Kínverjar voru að leggja járnbrautarteina skammt frá landinu þar sem við vorum að rækta. Þeir þurftu mikið vatn í steypu vegna framkvæmdanna og þar sem þeir dældu því upp úr jörðinni lækkaði grunnvatnsstaðan og afkastageta brunnsins minnkaði. Í framhaldinu þurftum við að fara út í alls konar kúnstir til að spara vatn. Á endanum færðum við okkur um set.“

Stefna á aukna ræktun

„Landið sem við leigjum í dag er 40 hektarar að stærð og náttúrulega vaxið lágvöxnum runnum og við erum að nota um 60% af því undir ræktun í dag.

Við erum með skiptiræktun þar sem við ræktum melónur, tómata, lauk og papriku og erum að prófa okkur áfram og þróa ræktun á papaja og passionaldini, eða ástaraldini, og ætlum smám saman að færa okkur yfir í þannig ræktun. Við erum tiltölulega nýbyrjaðir að rækta ávaxtatrén og



„Melon melon“, Jón selur melónur við vegkant í Kenía.

er hluti af þeim farinn að gefa af sér en það tekur um átta mánuði frá því að papaja- og ástaraldinstrjánum er sáð þar til að plönturnar fara að gefa

ávöxt. Hugmyndin er að vera með 30.000 plöntur af hvorri tegund, eða 60.000 plöntur í heildina. Við stefnum að því að vera komnir í fulla fram-

leiðslu í árslok,“ segir Jón.

Að sögn Jóns er góður markaður í Kenía fyrir framleiðsluna og ágætis verð og oftast komi til þeirra áhuga-

samir kaupendur og kaupir af þeim uppskeruna sem þeir selja aftur víðs vegar um landið.

„Í byrjun voru oft skemmtilegir tímar í sölu en við náðum fljótt góðum tökum á henni.

Það hefur komið fyrir að við höfum þurft að setja uppskeruna á pallbíl og selja hana sjálfir. Satt best að segja er það mjög skrýtin upplifun að standa á ávaxtamarkaði í Kenía með melónu í hendinni og hrópa melon, melon,“ segir Jón og hlær.

Hafa góðan aðgang að vatni í dag

„Tómatarnir sem við ræktum eru runnatómatar þannig að það þarf ekki að binda þá upp eins og gert er í ræktun í gróðurhúsum á Íslandi. Það tekur um þrjá mánuði frá því að við sáum tómötum og paprikum þar til að plönturnar fara að gefa af sér ávexti. Melónurnar þurfa um fimmtíu daga.

Í grófum dráttum fer ræktunin þannig fram að fyrst er landið rutt, annaðhvort með höndum eða jarðýtu. Því næst er húsdýraáburði blandað saman við jarðvegin og sáð. Eftir að fræin eru farin að spira og plönturnar farnar að tosað upp úr jörðinni er gefinn áburður og úðað eftir fyrirfram ákveðnu plani og þess gætt að illgresi nái ekki að festa rætur á ökrunum.

Ræktunarlendið er við stóra á þannig að í dag höfum við nægan aðgang að vökvunarvatni.“

Jón segir að helstu vandamálin við ræktunina séu sveppasýkingar og pöddur. Auk þess sem stærri dýr sækja í ávextina og að innfæddir reyni stundum að stela ávöxtum á nóttinni.

Lítill áhugi fyrir jarðrækt

Aðspurður segir Jón að sér komi á óvart hvað áhugi fyrir ræktun matjurtar er lítill í Kenía. „Ég veit ekki hvað veldur þessu en það gæti haft áhrif að stærð býla í landinu hefur verið að minnka og verð á hektara að hækka.“

Mest vinna fer í að vökva

„Þegar mest var vorum við með fimmtíu menn í vinnu við að ryðja land. Vanalega eru þeir ekki nema tíu en það gætu einhverjir bæst við þegar landið er allt komið í ræktun. Mesta vinnan fer í að vökva enda þurfa plöntur eins og papajatré um einn og hálfan lítra að vatni á dag.

Loftslag og veðurfar í Kenía gerir það að verkum að vöxtur er jafn allt árið. Uppskeran er því jöfn allan ársins hring og að meðaltali fást tvö kíló af


Kenía

Land í Austur-Afríku með landamæri að Eþíópíu í norðri, Sómalíu í austri, Tansaníu í suðri, Úganda í vestri og Súdan í norðvestri og strönd við Indlandshaf. Höfuðborg landsins er Nairóbí.

Miðbaugur liggur í gegnum norðurhluta Kenía. Landið er hálent að stórum hluta en láglent út við strendur. Í landinu eru mörg stór og djúp stöðuvötn, þar á meðal Tanganyikavatn sem er annað dýpsta stöðuvatn í heimi.

Flestir hinna tæplega 30 milljónir íbúa landsins búa í suðurhluta þess í grennd við höfuðborgina og við landamæri Úganda hjá Viktoríuvatni. Þar eru góðar jarðir og nægileg úrkoma til að stunda akuryrkju.

Landbúnaðinum er skipt í smábú, stórbú og hefðbundin búfjárrækt. Langflestir vinna á smábúum. Smábændur rækta mikið maís, sem er uppistaða fæða íbúanna. Bændur rækta



líka baunir, maniok, durra, hirsir og kál. Þeir halda flestir líka kýr, kindur og geitur. Stórbúin eru hins vegar oftast í eigu hlutafélaga eða einstakra ríkra Keníubúa. Á stórbúum er mest

ræktað kaffi, te og ananas. Þeir sem lifa á hinni hefðbundnu búfjárrækt eru þjóðarbrotnir sem stunda að mestu sjálfpurftarþúskap. Í Kenía eru um 50 mismunandi þjóðir.



Markaður fyrir ávexti er góður í Kenía og verð fyrir uppskeruna ágætt.



Plönturnar þurfa mikið vatn og feðgarnir hafa góðan aðgang að því þar sem landið sem þeir leigja stendur við á.

ávöxtum á viku af hverri plöntu en hún getur farið upp í fjögur kíló.“

Skemmtilegt og spennandi

Jón er menntaður vélfræðingur og hefur starfað við ýmis störf, meðal annars tengd sjávarútvegi. Hann stundar nokkur fög við Háskólann í Reykjavík eins og er.

„Búskapurinn í Kenía er mikið ævintýri enda alltaf spennandi að fást við eitthvað sem maður hefur ekki gert áður. Eitt leiðir mann að öðru og ég er búinn að kynna mikið af skemmtilegu fólki í tengslum við ræktunina.

Mér hefur einnig þótt spennandi að fylgjast með hvernig markaðurinn í Kenía virkar. Það kom mér líka á óvart þegar ég uppgötvaði að það er hægt að rækta rúm 40 tonn af melónum á hektara og það fyrsta sem ég hugsaði var hvernig í ósköpunum við ættum að geta selt allt það magn. Í framhaldi af því kom mér svo á óvart hversu miklu innlandsmarkaðurinn í Kenía tók við.

Okkur langar seinna að auka við ræktunina og jafnvel flytja ávextina út en flöskuhálsarnir eru margir til að svo geti orðið.“

Heillaður af ræktun

„Ég kann ótrúlega vel við mig í ræktun og mér finnst eitthvað fallegt við hana. Ég hefði aldrei getað trúað því



Viðar Sigurðsson ásamt starfsmönnum að tína melónur.


að ég gæti heillast svona mikið af ræktun og landbúnaði. Allt frá því ég

kom heim hef ég verið að velta fyrir mér öllum þeim ónýttu tækifærum

sem felast í ræktun hér á landi. Ísland er stórt og hér er nóg af vatni og orku.



Landið sem feðgarnir leigja er 40 hektarar að stærð og náttúrulega vaxið lágvöxnum runnum. Þeir nota um 60% af því undir ræktun í dag.



Það tekur um átta mánuði frá því að papaja er sáð þar til að plönturnar fara að gefa ávöxt.

Ég sé fyrir mér að með því að styðja betur við þessa þætti landbúnaðarins ætti vel að vera hægt að rækta meira af matjurtum sem er verið að flytja inn í dag með ærnum tilkostnaði,“ segir Jón Viðar Keníabóndi að lokum. /VH

RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ!

TOYO TIRES
driven to perform

BFGoodrich
TAKE CONTROL

MAXXIS

FÁÐU AÐSTOÐ VIÐ VAL Á JEPPADEKKJUM
HJÁ SÖLUAÐILUM OKKAR UM LAND ALLT

Grjótháls 10, Fiskislóð 30 og Tangarhöfða 8, Reykjavík
Lyngás 8, Garðabæ
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ
S: 561 4200
www.nesdekk.is

NESDEKK

Hjólbarðaverkstæði
Bílabúðar Benna,
S: 590 2045
www.benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ

Natural Health Labs
Magnolia Officinalis
Cortex phellodendri
Dietary Supplement 60 Capsules

MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu

GMP

Hrafnhildur Ólafsdóttir starfar við sjálboðavinnu í Rauða Kross búðinni

„Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofði betur í mörg ár.“

Bætt heilsa og betri líðan með **Natural Health Labs** 100% náttúruleg bætiefni

BALSAM
balsam.is

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

URSUS

URSUS

ÚRLLUBINDIVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

TIL Á LAGER OG TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU

STJÖRNUBLIKK

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201
stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

Árshátíð sauðfjárbænda 2016



Árshátíð Landssamtaka sauðfjárbænda verður haldin föstudaginn 8. apríl næstkomandi í Súlnasal Hótelis Sögu. Hátíðin hefst með fordrykk kl. 19, en borðhald kl. 20. Veislustjórar eru Sævar Sigurgeirsson og Snæbjörn Ragnarsson úr Ljótu hálfvitunum og fleira verður til skemmtunnar. Hljómsveitin Bland leikur fyrir dansi.

Matseðill:

Forréttur:

Humar, jarðskokkar, vínber & dill

Aðalréttur:

Lambahryggur & bógur, lauk-kartafla, rauðrófa, soðgljái

Eftirréttur:

Súkkulaðibrownie & krem, jarðaber, vanilluís

Tekið er við miðapöntunum á skiptiborði Bændasamtakanna í síma 5630300.

Hægt er að panta borð fyrir hópa (að lágmarki 8 manns). Að gefnu tilefni er tekið fram að pöntun á gistingu felur ekki í sér pöntun á miða og öfugt.



„The project Skagaströnd Review“: Gamla og nýjar ljósmyndir

„The project Skagaströnd Review“ er rannsókn- og þróunarverkefni sem ljósmyndarinn Andrea Weder hefur unnið að undanfarið og felst í útgáfu ljósmyndaverks sem kallast Skagaströnd Review N0 1.

Verkið samstendur af nýlegum ljósmyndum Weber og eldri myndum sem eru í vörslu Ljósmyndasafns Skagastrandar og tengjast starfi Listamiðstöðvarinnar Nes frá stofnun hennar árið 2008. Framsetning myndanna í tímaritsformi er nýstárleg þar sem gömlum og nýjum tíma er skeytt saman á listrænan hátt. Verkefnið var að hluta unnið í Listamiðstöðinni Nes á Skagaströnd.



Andrea Weder.

Andrea Weber er fransk-þýskur ljósmyndari og hönnuður frá Háskólanum í Essen í Þýskalandi og École Nationale Supérieure des Beaux Arts í París. Hún hefur komið reglulega til Íslands frá árinu 2009 og dvalið nokkrum sinnum í Listamiðstöðinni Nes á Skagaströnd og er listrænn stjórnandi og verkefnastjóri hennar í dag. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í fjölda samsýninga hér á landi og erlendis. /VH

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300
— **Næsta blað kemur út
þriðjudaginn 22. mars**

Alþjóðleg þrjónahátíð á Blönduósi

Fyrir allmörgum árum fékk félagið Spuni Védís Jónsdóttur til að hanna lopapeysu fyrir Húnavatnssýslu fyrir húnvetnska þrjónara. Útkoman sýndi ísbirni í landslagi með þúfur, fjöll og stjörnur. Falleg peysa og einnig fylgdi munstur af vesti með.

Textílsetrinu var afhent mynstrið til dreifingar en kostnað við

prentun á uppskriftum verða þrjónarar að bera.

Helgina 10.–12. júní nk. verður haldin Þrjónagleði 2016 á Blönduósi og er hún fyrsta alþjóðlega þrjónahátíðin sem haldin hefur verið á Íslandi. Þar verða m.a. sölubásar og hugmyndin er að húnvetnskir þrjónarar safnist saman, þrjóni peysur og vesti með þessu mynstri og selji á hátíðinni. /MÞÞ



...frá heilbrigði til hollustu

Margs konar hestahald í atvinnuskyni er nú tilkynningar- og úttektarskylt

Reglugerð um velferð hrossa kveður á um úttektarskyldu Matvælastofnunar á margs konar hestahaldi í atvinnuskyni.

Ábyrgðarmönnum slíkrar starfsemi ber að tilkynna starfsemina til Matvælastofnunar eigi síðar en 30 dögum áður en hún hefst og einnig ber að tilkynna starfsemi sem hófst fyrir gildistöku reglugerðarinnar. Tilgangurinn er að treysta smitvarnir og viðbrögð við smitsjúkdómum og að auðvelda eftirlit með velferð hrossa. Eftirfarandi ákvæði gilda um tilkynningar- og úttektarskylda starfsemi:

1. Landsmót hestamanna

- Öll hross skulu undirgangast heilbrigðisskoðun skv. fyrirkomulagi sem samþykkt hefur verið af Matvælastofnun
- Sértæk viðbragðsáætlun, samþykkt af Matvælastofnun, ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm

2. Íslandsmót í hestaíþróttum

- Öll hross skulu undirgangast heilbrigðisskoðun skv. fyrirkomulagi sem samþykkt hefur

verið af Matvælastofnun

- Sértæk viðbragðsáætlun, samþykkt af Matvælastofnun, ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm

3. Tæknivædd þjálfunarstöð

- Þeir sem reka tæknivæddar þjálfunarstöðvar fyrir hross og/eða starfsmenn þeirra skulu auk grunnþekkingar á eðli og þörfum hrossa, geta sýnt fram á þekkingu á þjálfunarlífeðlisfræði hrossa eða sambærilega menntun
- Stöðugt eftirlit skal vera með hrossum meðan á þjálfun þeirra stendur í vélknúnum tækjum eða í öðrum búnaði þar sem hross geta enga björg sér veitt, fari eitthvað úrskeiðis, s.s. í sundlaugum
- Þar sem hross eru þjálfuð á vatnsbrettum eða í sundlaugum skal gæta sérstakra smitvarna. Hindra skal að sjúkdómsvaldandi bakteríur vaxi í vatni sem notað er við slíka þjálfun með grófhreinsun vatnsins og klórur eða annarri efnameðhöndlun og halda yfir það dagbók



- Í dagbókina skal einnig skrá hvaða hross eru þjálfuð með þessum hætti og heilbrigði þeirra. Dagbókin skal aðgengileg eftirlitsaðilum samkvæmt reglugerð þessari í allt að tvö ár

4. Endurhæfingarstöð fyrir hross

- Endurhæfing hrossa vegna álagssjúkdóma eða annarra veikinda á endurhæfingarstöð

skal eingöngu eiga sér stað að lokinni sjúkdómsgreiningu og samkvæmt tilvísun frá dýralækni

5. Tamningastöð

- Tilkynningarskylda

6. Hestahald þar sem framkvæmd er blóðtaka úr hrossum til framleiðslu afurða

- Tilkynningarskylda

7. Hestaleiga

- Umráðamanni hestaleigu ber að skrá tíðni og tímalengd notkunar á hverju hrossi
- Dagbókin skal aðgengileg eftirlitsaðilum samkvæmt reglugerð þessari hvenær sem þurfa þykir

8. Reiðskóli

- Umráðamanni reiðskóla ber að skrá tíðni og tímalengd notkunar á hverju hrossi.
- Dagbókin skal aðgengileg eftirlitsaðilum samkvæmt reglugerð þessari hvenær sem þurfa þykir

Frestur til að skila inn tilkynningum um framangreinda starfsemi til Matvælastofnunar er til 4. apríl 2016.

Opnuð hefur verið rafræn leið í gegnum þjónustugáttina á heimasíðu Matvælastofnunar, umsokn.mast.is merkt 2.10 Tilkynningarskylda starfsemi með hesta.

Sigríður Björnsdóttir,
dýralæknir hrossasjúkdóma

Lesendabás

Bótaþegarnir

Snemma árs 2009 dæmði Samkeppnisstofnun Bændasamtöks Íslands til greiðslu sektar, 10 milljónir króna, vegna ólöglegs verðsamráðs bænda. Tilefnið var að á búnaðarþingi 2008 höfðu menn skipst á þeim almæltu tíðindum að í hinum stóra heimi færi verð búvara hækkandi.

Og þá datt auðvitað einhverjum í hug að segja að kannski gæti það líka gerst á Íslandi.

Til grundvallar dómnum lá sú grundaða niðurstaða að bændur væru fyrirtæki – ekki menn sem mættu tala saman um hvað sem væri. Síst af öllu um peningamál sín og lífskjör!

Skyldu forystumenn bænda sjá svo til að þeir ættu ekki slíkt samtal framvegis. Þeir ættu að framleiða hver í kapp við annan og gera það þegjandi.

Forseti ASÍ viðrar sömu sjónarmið nú um stundir; hann segist í forundran yfir forsætisráðherranum sem líki saman kjarasamningagerð launafólks og búvörusamningagerð. Honum virðist Sigmundur leggja að jöfnu fólk (launafólk) og vörur.

Í huga Gylfa eru bændur vara, ekki menn.

Og Gylfi er alls ekki einn um þessa skoðun. Véfréttin í Brussel er alveg sama sinnis og þá þarf maður ekki frekari vitna við, alla vega ekki ef maður er krati.

Þá ...

Frumkvöðlar samevrópskrar jafnaðarhugsunar á tuttugustu öld voru líka býsna sleipir í að flokka hafra frá hismi í mannkynslórunni.

Evrópusinninn H. Himmler fór á fjórða áratug aldarinnar í rannsóknarferð til Póllands. Í skýrslu til foringja síns lét hann í ljós þá skoðun að ekki mætti ofbjóða genísku vinnueðli pólsku þjóðarinnar með of mikilli uppfræðslu. Það gæti komið sér vel að þeir kynnu að pára nafnið sitt, en þarflaust að þeir kynnu að lesa. Þeim hentaði best að vinna mikið og hugsa fátt. Reyndar væru þeir svo heimskir að þeir væru bara eiginlega ekki menn heldur Pólverjar.

Þeim sem kenna sig við jafnaðarstefnu hefur lengi verið ljóst að jöfnuðurinn verður að takmarkast við menn af viðurkenndri tegund.

Frá stríðslokum hafa íbúar Vestur-Evrópu notið þeirra lífsgæða að éta nokkurn veginn ókeypis.

Fyrst var það gert með því að niðurgreiða verð matvöru á vinnslu eða sölustigi samhliða mikilli tæknivæðingu í framleiðslu. Sú aðferð reyndist hafa slæmar aukaverkanir auk þess að kosta full marga skattpeninga. Öllu betur reyndist að greiða þessa fjármuni beint í búreksturinn, ekki síst þar sem vinnsluðnaðurinn var á fjárhagslegri ábyrgð bænda í gegn um samvinnufélög. Auk þess er nægju-semi talin til dyggða hjá þeirri stétt.

Hér á landi var þessi breyting gerð í upphafi tíunda áratugarins með því að taka upp „beinar greiðslur“ til bænda í stað niðurgreiðslna af ýmsu tagi á heildsölu eða vinnslustigi búvara.

Með þessu fyrirkomulagi eru bændur einir gerðir ábyrgir fyrir matvöruverðinu því kaupmaðurinn er yfirleitt ekki talinn með. Ástæðan er sú að það er bóndinn sem með þessu móti er kominn í stöðu bótaþegans, ekki kaupmaðurinn.

Þvert á móti. Hann stundar þá göfugu skylmingalist sem kallast „frjáls samkeppni“ ...

Og nú ...

Að vera bótaþegi er að tilheyra lægstu stéttinni. Stéttaskipting snýst ekki endilega um kjör eða tekjur. Hún snýst öllu meir um sjálfræði, valkosti, frelsi til að velja og ráða eigin lífi og til að verjast drottnunarartilburðum hinna hærri stétta. Um virðingu og sjálfsmat.

Stétt bótaþega samanstendur af öllum þeim skara fólks sem vegna heilsubrests, fötlunar, öldrunar eða samfélagslegra aðstæðna af ýmsum toga er stutt til framfærslu af samfélaginu.

Nafnið segir reyndar allt sem segja þarf um hugarfarið sem að baki býr: BótaÞEGI.

Endurgjaldið er alltaf það sama: Frelsi.

Bændur hafa í þessari stétt nokkra sérstöðu. Þeir eru fullvinnandi menn og fullfrískir. Þeim hefur hins vegar verið bannað að lifa af vinnu sinni, bannað að mynda félög með sér í því skyni eða ræða slíka hluti. Fyrir það fá þeir greiddar bætur. Allt of háar auðvitað!

Til að viðhalda bótaþörfinni er skattheimtu beitt af mikilli nákvæmni til að hirða upp allar hugsanlegar tekjur af framleiðslunni sjálfri. Öflugar ríkisstofnanir hafa risið, rjáfurfullar af sérfræðingum.

Þær geta pantað regluverk að vild úr ráðuneytnum og rukkað bændur að viðlögðum hörmungum fyrir eftirlit og leyfisveitingar og við að uppfylla reglur og kröfur sem eru hafnar yfir allan áskilnað um tilgang.

En framvegis

Bændur góðir!

Við eigum ekki heima á þessum stað! Við eigum ekki að þurfa að sitja undir svigurmælum ofaldra dekurbarna Evrókratismans sem telja okkur ekki til manna. Við eigum ekki að vera leikföng og féþúfa sérfræðingastofnana eins og MAST. Við eigum að lifa af starfi okkar og framleiðslu og ekki að þurfa á neinum bótum að halda.

Það er ekki okkar sök ef neytendur í Evrópu eru ekki borgunarmenn fyrir mat sínum.

Við eigum að vera ríkir á bestu landbúnaðarsvæðunum og sæmilega haldnir á þeim verstu.

Til þess að svo verði verðum við að ná samstöðu yfir álfuna eða ef því er að skipta yfir alla jarðarkringluna um að brjóta á bak aftur þau ólög sem beitt er gegn okkur.

Bændasamtök í hverju landi eiga að hafa afl til að birta lágmarksverð búvara og njóta til þess stuðning starfsbræðra sinna annars staðar.

Við íslenskir erum smæstir allra bænda. Það er vel við hæfi að frumkvæðið komi frá okkur.

Ég skora á Bændasamtökin að hefja það verk. Fyrsta skrefið gæti verið kjaramálaráðstefna íslenskra bænda. Þar á eftir á Norðurlöndum. Og svo koll af kolli. Bindumst sam-tökum um að keppa ekki hver við annan með undirverði á heimamörkuðum hver annars.

Sé þetta ólöglegt er það enn nauðsynlegra. Og þetta er hægt!

Í trausti þess ætla ég að samþykkja búvörusamningana og þarf ekki að lesa þá.

Þeir eru sagðir vondir af mönnum sem ég veit af langri reynslu að á ekki að trúa.

Kári Þorgrímsson
bóndi, Garði Mývatnssveit.

Bændablaðið

á [bbl.is](#) og líka á [Facebook](#)



The Power of Dreams

ÖFLUGUR VINNUFÉLAGI

TRX 500FA

- Honda 5-speed DCT sjálfskipting og ESP rafmagnsskipting
- Rafstýrt aflstýri „Powersteering“
- Sjálfstæð afturfjöðrun með 216mm stillanlegri dempun
- AP Suretrac™ mismunadrif sem tryggir léttari eiginleika og minni snúningsradius
- TraxLok® 2/4WD drif.



KR. 1.766.000 án vsk

kr. 2.190.000 með vsk



www.honda.is

Erum með fullkomið þjónustu-verkstæði fyrir öll Honda fjórhjól



Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](#)

Við bjóðum

heildarlausn í dekkjum

Hjá BJB færðu réttu dekkinn fyrir öll tækin: Fólkspíla-, pallbíla- og jeppadekk, kerrudekk og fjórhjóladekk. Vertu í hópi þeirra öruggu á gæðadekkjum frá BJB.



Fólksbíla-, jeplinga- og jeppadekk







Fólksbíla-, jeplinga- og jeppadekk



Jeppa og pallbíladekk





Dráttarvéla-, vagna- og vinnuvéladekk...



Leitið upplýsinga um gerðir/stærðir og fáid verðtilboð. Sendið tölvupóst á: piero@bjb.is



Póstþjónusta BJB ehf. | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | [www.bjb.is](#) | S: 565 1090



Aukin þjónusta

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufraeðingur



Nú eiga eikur leikinn

Af riflega sexhundrað tegundum sem taldar eru til ættkvíslar eika, *Quercus*, í ætt beykitrjáa (Fagaceae) vaxa aðeins tólf á því svæði sem við köllum Evrópu, flestar þeirra í suður- og suðausturhlutanum. Afgangurinn dreifist um laufskógabelti Asíu og Norður-Ameríku. Í Mexíkó einu og sér eru um 150 eikartegundir sem ekki finnast annars staðar. Á syðstu svæðunum eru tegundirnar sigrænar. En á norðurslóðum eru allar eikur bara sumargrænar með lauf sem sölnar hvert haust.

Tvær í okkar nágrenni

Í Vestur- og Norður-Evrópu vaxa aðeins tvær tegundir án aðstoðar manna. Báðar mynda þær stór og mikil tré. Tilsýndar eru þær mjög líkar, svo líkar að lengi vel var haldið að um aðeins eina tegund væri að ræða og því var enginn greinarmunur á þeim gerður þar til hinn þýsk-tékkneski greifi og grasafræðingur Heinrich Gottfried von Mattuschka (1734–1779) skilgreindi vetrareikina sem sérstakt afbrigði af sumareik í Sléíuflóru sinni sem kom út á árunum 1776–1777. Þýski grasafræðingurinn Franz Kaspar Lieblein (1744–1810) steig svo skrefið til fulls í flóru sinni yfir gróðurinn í Röhn-fjöllunum á mörkum Bæheims, Hesse og Tübingen, Flora Fuldensis, sem kom út árið 1784, og taldi vetrareikina vera sjálfstæða tegund og gaf henni nafnið *Quercus petraea* sem útleggja má „klappareik“. Sú skilgreining stendur enn.

Sumareik og vetrareik

Sumareikin, *Quercus robur*, sem úttlegst eiginlega „hin máttuga eik“ og Carl von Linné nefndi svo í riti sínu Species Plantarum 1753 – bókinni sem talin er upphafsbók nútíma grasafræði og að því tvínafnakerfi sem síðan er notað um flestar lífverur. Að stórum hluta vaxa sumareikur og vetrareikur hver innan um aðra í Vestur-Evrópu. Sumareikin er þó upphaflega komin austar og norðar að. Útbreiðslusvæði hennar er samfellt frá Mið-Evrópu, norð-



Gömul eik við Svaneholm á Skáni.

ur að suðurströnd Finnlands við Kirjálabotn. Þaðan um Álandseyjar og um alla Suður-Svíþjóð og yfir til vesturstrandar Noregs. Hún nær að ströndum Atlantshafs yfir Bretlandseyjar og niður til Pýreneafjalla. Auk þess teygir hún sig í blettum austur um Litlu-Asíu, norður um Úkraínu og um miðbik Rússlands. Vetrareikin, aftur á móti, hefur dreifst frá sunnanverðu Svartahafi til vesturs yfir Balkanskaga, um Pólland yfir til Skáns og Oslófjarðar í norðri. En svo til suðurs og vestur yfir öll lönd Vestur-Evrópu niður í dali og hliðar Pýrenaefjalla. Á Bretlandseyjum nær hún yfir Írland og Stórabretland norður að Skotlandi. Í Eistlandi eru þéttustu frumskógar sumareikur í Evrópu. Annars staðar hafa eikur átt í vök að verjast, eins og síðar verður vikið að.

Hvor er hvað?

Dags daglega gera menn engan mun á hvort athyglisverðar eikur séu vetrar- eða sumareik. Það er ekki fyrr en farið er að rýna í smáatriði að greina má nokkurn mun. Fyrst og fremst eru það vetrarbrumin sem best er að nota til að aðgreina þær. Á vetrareikinni eru þau grönn,

ydd og að mestu leyti jafnstór. Á sumareik eru vetrarbrumin sverari, snubbótt og miðbrumið áberandi stæra en hliðarbrumin. En þetta er samt ekkert sérlega afgerandi, svo að næmustu grasafræðingar eiga fullt í fangi að greina tegundirnar í sundur á þessum eiginleikum. Og ekki auðveldar lögun laufanna neitt heldur, þó hefur vetrareikin yfirleitt blöð sem breiðust eru að neðan og með framvísandi flipum og blaðstilkurinn lengri og grennri en á sumareikinni. Á sumareik eru blaðstilkur stuttir og þykkir, blöðin venjulega mjóst neðantil en breikka fram og fliparnir vísa út frá miðju. En þessi munur er ekki heldur einhlítur. Það er fyrst þegar kemur að aldinunum, akörnunum, sem munurinn fer að verða greinilegur. Vetrareikin ber akörnin í klösum á löngum stilk og þau eru grannlegin og typt. Sumareikin ber fá, sver og snubbótt akörn á stuttum blómstilk. En eins og mörg reklatré sem stíla upp á vindfrævon þá á víxlfrjóvgun milli tegundanna sér iðulega stað. Afkomendurnir draga dóm af báðum foreldrum. Þeir eiga líka frjó afkvæmi sem geta líkst öðru hvoru frumforeldrinu. Og bendingarnir geta haft frjóskipti við frumtegundirnar. Því verður fjölbreytileikinn mikill og margvislegur. Alveg nægur til að æra óstöðugan. En nokkuð örugg greining er að ef eikin vex í Skotlandi, Vestur-Noregi, Smálöndum Svíþjóðar eða sænska skerjagarðinum, Álandseyjum, í Finnlandi ellegar Eystrasaltslöndunum, þá er næsta víst að um sumareik er að ræða. Einn leiðarþráður enn er sá, að ungar vetrareikur halda sölnuðu lafinu að mestu allan veturinn. Af því dregur hún nafn sitt. Sumareikin, aftur á móti, fellir öll lauf þegar vetur gengur í garð. En til að einfalda málið á textinn hér

að neðan við báðar tegundirnar án aðgreiningar.

Langhlauparar

Frá alda öðli hefur eikin verið talin eðlust trjáa og viður hennar verðmæstastur við hjá þeim þjóðum sem búa svo vel að eikarlundir og eikarskógar hafa vaxið sjálfsánir á lendum þeirra. En eikum er samt ekki eðlilegt að mynda þetta skóga, heldur vex hún yfirleitt í bland við önnur lauftré sem skýla henni í uppeldinu og halda uppi fjölbreytilegri rótamottu í skógarbotninum. Eikur eru langhlauparar. Í æsku, þ.e. fyrstu 25–50 árin, hefja þær sig samt nokkuð hratt af stað og helga sér rými sem þær hleypa ekki öðrum tegundum inn í fyrr en þær eru nokkuð öruggar um sinn framtíðarstað. Þá byrja þær að slaka á og fara að setja meira í gildisvöxt en hæðarvöxt, þótt þær tolist nú alltaf eitthvað uppvið þar til þeim finnst hæðin vera orðin mátuleg. Það tímabil tekur um 100 til 300 ár. Síðan hefst um þriggja alda blómaskeið og eikin stendur keik og státin, bætir við sig á alla kanta. Oft stendur tréð eftir eitt og sér í miðjum akri eða við aðalveg, hlíft við plógum og jarðýtum sem sett hafa verið í að brjóta nýtt land undir ræktun eða samgöngur. Menn fella ekki stórar eikur. Þær eru heilög tré. En sexhundrað ára gamlar eikur byrja smátt og smátt að sýna eilimerki. Þær geta þá verið all gildar, 8 til 15 metrar að ummáli, en iðulega orðnar nokkuð holar að innan. Elstu eikur sem vitað er um hafa náð 1500 til 2000 ára aldri.

Her- og kaupskip heimta sitt

Kóngum fyrri tíma var líklega ekkert heilagt og sennilega ekki kaupmönnum heldur, því að í upphafi fimmtándu aldar fóru menn að byggja stór skip sem siglt gátu um öll heimsins höf. Fyrst mest suður fyrir Afríku, inn á Indlandshaf og alla leið til Japanseyja. Auðvitað þurfti gott timbur í skipin og eina timbrið sem þótti hæfa var eik. Eikarviðurinn var sterkur og harður. Hann fór vel í sjó og tók ekki á sig hrúðurkalla, trjámaðk eða hegranef, enda vel varinn af náttúrulegum sítunarsýrum sem héldu aftur af þessum ófögnuði sem dró úr skriði og endingu skipanna. Þarna erum við í upphafi landafundatímanna. Skip Kristófers Kólbússar voru úr eik. Einnig skip Hansakaupmanna og Austurindíaskipin. Eftirspurnin á eikarviði snarjókst svo að mjög gekk á evrópska eikarskóga. En það var ekki nóg. Nú voru kóngar Evrópu farnir að kíta, eins og svo oft fyrr, og fundu upp á því að líklega væru sjóorrustur og innrásir frá hafi heillavænlegasta leiðin til

að gera upp sín mál. Enda hafði nú kunnáttan um púður, pístólur og kanónur borist til þeirra frá Kínaveldi. Allir kóngar, sem eitthvað þóttust vera, byrjuðu að koma sér upp miklum flota tígulegra orustuskipa. Úr eik auðvitað. Og með kanónum við borðstokkin. Sjaldan komu þessi skip að miklu gagni, þannig séð. En þau voru mikil stöðutákn. Þó var það einn af þessum kóngum, Gústaf II Adólf hét hann og var Svíakóngur, sem lét byggja mikinn flota orustuskipa sem hann notaði til að herja á nágretta sína, einkum Dani og Pólvirja sem honum var einhvern veginn afar illa við. Hann lét líka smíða hið fræga orustuskip Vasa, sem sökk nýsmíðað á bólakaf niður á 32 metra dýpi í Stokkhólms höfn við sjósetninguna hinn 10. ágúst 1628 og með því fórust um þrjátíu sálir. Vasa var lyft upp úr sjávardjúpinu þrem öldum síðar og er nú til sýnis í Vasasafninu í Stokkhólmi. Mikið skip og skrautlegt, en á við rýrnunarvanda að etja, því þótt eikin haldi sér vel á sjávarbotni þá byrjar niðurbrot viðarins nokkuð snögg eftir að súrefni fer að leika um hann. Á tímum Gústafs II Adólfs þurkaðist eik svo til út í öllu Svíaríki. Aðeins voru eftir nokkrar stórar eikur sem ekki hentudu til skipasmíða. En áður en Gústafi II Adólfi hefndist fyrir ágang sinn á sænska eikarskóga. Þótt hann kæmist til Póllands með mikinn her og héldi þar úti „mjög lukkulegum“ hernaði og var sjálfur í fararbroddi helsta árásarfylkisins, þá var hann svo nærsýnn að hann varð viðskila við herfylki sitt og álpaðist – í þoku og púðurreyk – inn í raðir óvinanna og var skotinn bæði í bak og fyrir. Þar með var það stríð buið spil. En kóngurinn var sendur líflaus heim til sín í einföldum trékassa sem slegið var utan um hann. Þar fékk hann að sjálfsögðu konunglega útför og gengið var frá jarðneskum leifum hans eins og kóngi bar. Síðan hafa Svíar verið fríðsöm þjóð. En sænskir eikarskógar hafa ekki verið svipur hjá sjón eftir þetta brölt Gústafs II Adólfs, þótt nokkuð hafi verið gert til að endurreisa þá.

Eikur á Íslandi

Á síðustu árum hefur borið við að fólk hefur tekið með sér eikarakörn sem það hefur rekist á í ferðum sínum um nágrannalöndin að haustlagi. Það er gott mál, ef fólk athugar að þvo vel af þeim með mildu sápuvatni áður en þeim er sáð eða sleppt út í náttúruna til að ekkert óhreint berist með þeim. Akörnin (eikarfræin) þurfa að fara strax í sáðmold eða vikurblandaða mold úr gamalgrónum birkiskógi. Eitt í hvern djúpan pott, t.d. rósapott eða gataða mjólkurfernu. Um 3–4 cm moldarlag þarf að vera ofan á akarninu. Þetta er haft á frostlausum stað við 14–18°C í mánuð eða svo áður en pottarnir eru settir út í reit og hafðir þar í vari allan veturinn. Það er nauðsynlegt að mýs komist ekki í sáninguna. Þess vegna er mælt með að girða pottana af með mús-heldu neti allt í kring eða að hafa þá í geymslukössum úr plasti sem hægt er að smella lokinu á. Um vorið spíra akörnin og best er að láta plönturnar standa óhreyfðar fyrsta árið. Næsta vor má setja þær á uppeldisbeð eða gróðursetja þær í gróinn skóg, gjarna innan um birki eða víði, eikur geta hagnýtt sér svepparót slíkra tegunda. Og þær þurfa gott skjól og vel framræst land. Á Íslandi er nú að finna nokkur allvel stálpuð eikartré, svo að eikarrækt á Íslandi er ekki borin von.



Quercus robur – sumareik, dæmigerð blöð og akörn.



Quercus petraea – vetrareik, dæmigerð blöð og akörn.

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús naut - svín - hross - sauðfé



AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)



G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

Orkubúskapur er framtíðar búskapur

GEPPERT vatnstúrbínur (50-15000kW)

- Austurrísk gæða framleiðsla
- Yfir 120 ára reynsla
- Meira en 4000 vatnsvirkjanir í fjórum heimsálfum
- Pelton túrbínur afl að 15 MW
- Francis túrbínur afl að 15 MW
- Diagonal túrbínur afl að 5 MW
- Kaplan túrbínur afl að 5 MW

Ráðgjöf, tilboð og nánari
upplýsingar hjá einkaumboðsaðila:

Björn Gunnarsson Sími 896-0600
bgunn@centrum.is www.stalflex.is

STALFLEX



GEPPERT vatnstúrbínur (50-15000kW)

JEPPADEKK



DEEGAN

MTZ

BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON

jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Stærðir 32" - 54"

Icetrack ehf. Sími 773 4334

netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is



Slit-diskar í atvinnutæki
Vinnuvélar - Lyftarar - Dráttavélar - Vörubílar

- Bremsur
- Kúplingar
- Gírkassar
- Drif





Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Vogue

fyrir heimilið

bíður uppá alhliðalausn fyrir
hótelherbergið eða gistiheimilið.



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Þú getur treyst Beta

- hin heimspektu Beta verkfæri og fyrirtækjavörur
fást nú á hagstæðu verði hjá lönvélum



Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDNVELAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

IDNVELAR



Donaldson
Filtration Solutions



Reki ehf. er stoltur umboðsaðili
fyrir Donaldson á Íslandi.

Eigum hverskyns síur fyrir flest
tæki í landbúnaði á lager.

Reki ehf. Höfðabakka 9 110 Reykjavík

Sími: 562 2950

Fax: 562 3760

E-mail: bjorn@reki.is

Vefsíða: www.reki.is

REKI



**LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA**

Landssamband kúabænda 30 ára Aðalfundur – Fagþing - Árshátíð – Fimmtudagur 31. mars. Íslensk erfðagreining

Kl. 10:00 Setning aðalfundar LK 2016, kosning starfsmanna fundarins, kjörbréfa- og uppstillingarnefndar
Kl. 10:15 Skýrsla stjórnar. Sigurður Loftsson, formaður LK og Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK
Kl. 11:00 Ávörp gesta og umræður um skýrslu stjórnar
Kl. 11:55 Fyrirmyndarþúi Landssambands kúabænda 2016 veitt viðurkenning.

Kl. 12:00 Léttur hádegisverður í boði styrktaraðila

Kl. 12.30 Setning á Fagþingi nautgriparæktarinnar Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs í nautgriparækt
Kl. 12.35 Verðlaun fyrir besta nautið í árgangi 2008. Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður nautgriparæktar, RML.

Málstofa 1. Nautgriparækt á tímamótum

Kl. 12.45 Nautgriparækt í Hollandi, loftlagsáhrif nautgriparæktar og erfðateknirannsóknir á fódurnýtingu. Kees Koning, forstöðu- maður Dairy Campus, Leeuwarden, Hollandi.
Kl. 13.20 Úrval á grunni erfðamarka í nautgriparækt. Emma Eyþórsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands og Jón Viðar Jónmundsson, Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins.

Málstofa 2. Nautakjötsframleiðsla

Kl. 13.50 Niðurstöður Möðruvallatilraunarinnar á þáuleldi nautkálfa til kjötfraðslu. Þóroddur Sveinsson, Landbúnaðarháskóla Íslands
Kl. 14.15 EUROP-matskerfi í nautakjöti. Stefán Vilhjálmsson, MAST og Óli Þór Hilmarsson, Matis.
Kl. 14.40 Kaffihlé

Málstofa 3. Bútaekni

Kl. 15.00 Fóðrunartækni fyrir nautgrip. Unnsteinn Snorri Snorrason.
Kl. 15.20 Tæknilausnir á geymslu búfjáraburðar. Bjarni Árnason, RML
Kl. 15.40 Fyrirspurnir og ráðstefnuslit.
Kl. 16.30 Aðalfundi LK fram haldið á Hótel Sögu. Niðurstöður kjörbréfa nefndar lagðar fram, almennar umræður, skipan í nefndir, málum skipað til nefnda og nefndastörf.
Kl. 19.00 Kvöldverður.

Kl. 10-16 Veggspjaldakynning, vöru- og þjónustukynning styrktaraðila í Tjarnarsal ÍE

Föstudagur 1. apríl. Hótel Saga v/Hagatorg

Kl. 8.00 Nefndastörf
Kl. 11.30 Kosning formanns.
Kl. 12.00 Hádegisverður
Kl. 13.00 Afgreiðsla mála
Kl. 15.00 Kaffihlé
Kl. 15.20 Afgreiðsla mála/Kosningar
Kl. 16.30 Önnur mál
Kl. 17.00 Fundarlok

Laugardagur 2. apríl.

Kl. 13.00-17.00
30 ára afmælishátíð Landssambands kúabænda
í verslunarmiðstöðinni Smáralind

Árshátíð Landssambands kúabænda á Hótel Sögu.
Húsið opnar kl. 19.00

Miðapantanir vegna árshátíðar eru gerðar í síma **460 4477** og bóka má gistingu á Hótel Sögu í síma **525 9900**

Utan úr heimi



Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku (Kvægkongres) var haldið um síðustu mánaðamót.

Myndir / Merete Martin Jensen, mcr@seges.dk – Louise Nathansen Thuesen, lot@seges.dk

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2016 – fyrsti hluti

Um mánaðamótin sl. var haldið hið árlega Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku (Kvægkongres) en tilgangur ráðstefnunnar er bæði að vera eins konar uppskeruhátíð þarrendra kúabænda en einnig að miðla nýjustu þekkingu til bænda og annars fagfólks.

Á þessu árlega tveggja daga fagþingi eru alltaf tekin fyrir bæði pólitísk og fagleg málefni nautgriparæktarinnar og hefur fagþingið stækkað að umfangi á hverju ári nú í allmörg ár. Í dag er fagþingið trúlega það umfangsmesta á sviði nautgriparæktar í norðurlhuta Evrópu og sést það einnig á aðsóknartölunum en í ár voru nærri 2.900 skráðir þátttakendur á fagþinginu, sem er mesti fjöldi sem hefur sótt þetta fagþing frá upphafi.

Fjöldi erlendra gesta

Kvægkongres hefur notið vaxandi vinsælda erlendra gesta undanfarin ár og hafa gestirnir eðlilega komið frá Norðurlöndunum eða verið dönskumælandi, enda hafa langflest erindin verið á dönsku. Vegna aukinnar aðsóknar erlendra gesta undanfarin ár, var fagþingið nú sett upp þannig að haldin voru allmörg erindi á ensku og mæltist þessi nýbreytni vel fyrir, jafnt hjá hinum erlendu gestum en einnig heimamönnum enda margir danskir



kúabændur með erlenda starfsmenn sem áttu einnig erindi á fagþingið.

12 málstofur

Að þessu sinni var dagskrá þingsins skipt í tólf ólíkar málstofur (sjá nánar síðar) og voru flutt 65 mismunandi fagleg erindi þessa tvo daga, þar af nokkur endurflutt vegna mikils áhuga þátttakenda á þeim.

Margar málstofur voru haldnar á sama tíma og því þurftu áheyrendur að velja á milli. Vegna þessa er allt fagefni fagþingsins sett á vefinn, svo hver og einn geti þannig glöggvað sig á hinu fjölbreytta efni sem tekið er fyrir hverju sinni. Verður hér farið í stuttu máli yfir þessar helstu málstofur en allt fagefni frá ráðstefnunni, bæði hinar faglegu greinar og þau erindi sem byggja á þeim, er opið og aðgengilegt á heimasíðu ráðstefnunnar: www.kvaegkon-

gres.dk. Að vanda var mögulegt að kynna sér í kaffi- og matarhléum margt af þeirri fjölbreyttu þjónustu sem ráðgjafar- og þróunarfyrirtækið SEGES hefur upp á að bjóða á sviði nautgriparæktar, en það er einmitt SEGES sem stendur fyrir Kvægkongres ár hvert.

Auk SEGES voru fleiri fyrirtæki á staðnum að kynna þjónustu sína, s.s. söluaðilar mjaltatækja, dýralæknafyrirtæki og fleiri aðilar sem þjónusta nautgriparækt í Danmörku.

1. Hagfræði og stefnumörkun

Í þessari málstofu var lögð áhersla á að hlúa að samkeppnishæfni danskrar nautgriparæktar en lágt afurðaverð síðustu mánuði hefur komið illa niður á dönskum kúabúum enda er stór hluti afurðanna fluttur á erlenda markaði. Heimsmarkaðsverð bæði á mjólk og nautgripakjöti á því raun-

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Kokkajakkar og buxur

Pola 95°C þvott, halda alveg lit og þarf ekki að strauja!

Svartir verða svartir út árið og næsta ár líka!

Fást í dökkbláu og svörtu.

Praxis.is
Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opíð virka daga frá kl. 11:00-17:00, lokað laugardaga.





Kvæðkongres hefur notið vaxandi vinsælda erlendra gesta undanfarin ár og hafa gestirnir eðlilega komið frá Norðurlöndunum eða verið dönskumælendi, enda hafa langflest erindin verið á dönsku. Vegna aukinnar aðsóknar erlendra gesta undanfarin ár var fagþingið nú sett upp þannig að haldin voru allmörg erindi á ensku.

verulega við á hinum danska afurðamarkaði og búa bændurnir því bæði við sveiflukennt verð en einnig oft afar lágt verð eins og nú hefur verið um hríð.

Eitt erindið sneri beint að því hvernig starfsumhverfi danskra kúabænda er, en ljóst er að í hverju landi þá ráða þarlend stjórnvöld miklu um það hve vel bændunum tekst að mæta samkeppni. Dönsk kúabú hafa hingað til staðið sig afar vel í samkeppninni enda eru kúabúin með mestar meðalafurðir í Evrópu sem og með þeim stærstu að jafnaði eða um 180 árskýr. Þó kom fram að bæta má verulega samkeppnishæfnina, sér í lagi þegar horft er til fjármögnunarmöguleikanna, sem og strangra ytri krafna til umhverfismála.

Af mörgum áhugaverðum erindum í þessari málstofu, alls 10 talsins, má nefna sérstaklega erindi sem sneri að því hvernig megi draga úr framleiðslukostnaði mjólkur. Einkar áhugavert efni en meðal framleiðslukostnaður mjólkur í Danmörku er nú 57 íkr/kg en útlit er fyrir að afurðastöðvaverðið í ár verði í kringum 51 íkr/kg og því dagljóst að sá bóndi sem framleiðir mjólk á meðalkostnaðarverði mun tapa á framleiðslunni. Það eru þó allmargir sem geta framleitt mjólk með hagnaði þrátt fyrir lágt afurðastöðvaverð og fóru þau Susanne Clausen og Arne Munk, sem bæði starfa hjá SEGES, yfir þær leiðir sem eru flestum færar til þess að draga úr framleiðslukostnaði og byggðu erindi sín á hagtölum frá nýliðnu ári.

Fram kom m.a. að það sem þeir eiga sameiginlegt sem eru með lægstan framleiðslukostnað er að þar er kostnaðurinn við gróffóðurframleiðsluna einnig lágur. Lykilorðin hér til þess að spara við framleiðsluna voru:

Magn gróffóðurs pr. ha, gróffóðurgæðin, vélakostnaður og framleiðslukostnaður gróffóðurs. Þá skiptir einnig verulegu máli að lágmarka kostnað við aðkeypt fóður en að halda jafnframt afurðasemi kúnna hárrí. Mikil áhersla var lögð á að nýta hinn fasta kostnað og ná að framleiða sem mestar afurðir á hverja krónu í föstum kostnaði. Auk þess lögðu þau áherslu á það að ætli kúabóndi sér að lækka framleiðslukostnað mjólkurinnar þá þarf hann að setja sér skýrt og mælanlegt markmið. Sé það gert, er raunverulega hægt að meta það hvort árangur náist eða ekki.

2. Mjólk og mjólkurgæði

Eins og undanfarin ár var þessi málstofa afar vel sótt enda snýst kúabúskapur að miklu leyti um að framleiða hágæða mjólk. Málstofan var byggð upp þannig að hægt var að fylgja kúnni frá legubásnum og til mjalta og til baka á ný. Þannig sneri eitt erindi að hreinleika kúa, vinnubrögðum við legubása og um helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar umhverfi kúa í fjósum er annars vegar. Í stuttu máli sagt snýst þetta allt um að halda kúnum hreinum hvenær sólarhringsins sem er og halda óhreinindum alltaf frá kúnum.

Líkt og í málstofunni um hagfræði og stefnumörkun fjölluðu mörg erindi í þessari málstofu, alls sex talsins, að því hvernig bæta megi samkeppnisstöðuna og einn stærsti kostnaðarliðurinn á kúabúum dagsins í dag er kostnaðurinn við að mjólka kýrnar, hvort sem það er gert með mjaltapjóni eða hefðbundnum hætti.

Fjallað var sérstaklega um það hvernig megi stytta mjaltatímamann sérstaklega en því styttri sem mjaltatíminn er, því fyrr komast kýrnar aftur inn í fjós til þess að éta og framleiða mjólk. Auk þess sparar það vinnutíma og slit á búnaði.

Mörg ráð voru gefin í þessu sambandi en nefna má sérstaklega hönnun gönguleiða kúnna til og frá mjaltastöðunni, söghæð mjaltakerfis og val á spenagúmmíum. Líklega vegur þó einna þyngst að breyta jafnframt flæðistýringunni fyrir aftökubúnað mjaltatækjanna. SEGES hefur gefið út nýja viðmiðun í þessu sambandi en séu kýr mjólk-aðar tvisvar á dag ætti flæðið við aftöku að vera 5–700 ml/mínútu en 7–900 ml/mínútu séu kýrnar mjólk-aðar þrisvar á dag. Þessar leiðbeiningar eiga við öll þekkt kúakyn í Danmörku.

Enn eitt erindið í þessari málstofu sem var einkar áhugavert var erindi tveggja bænda sem eru með mjaltapjóna en bændurnir fóru yfir það hvernig þeim hefur tekist að ná að framleiða hágæða mjólk og að fá þannig nánast alltaf úrvalsmjólkur-álág fyrir mjólk sína. Afar skemmtileg erindi sem óhætt er að mæla með skoðun á en samandregið má segja að áherslan liggi fyrst og fremst á mikilli reglusemi og snyrtimennsku í einu og öllu. Sé þetta forgangsrið-unin þá skila kýrnar úrvalsmjólk í mjólkurtankinn.

3. Ráðgjöf

Í þessari málstofu var einungis flutt eitt erindi en í því var farið yfir þróun ráðgjafarstarfseminnar í Danmörku en síðustu 10 ár hefur ráðgjöfum fækkað um heil 17% vegna breytinga á búum landsins. Á sama tíma og ráðgjöfunum hefur fækkað verulega hefur sérhæfing hvers ráðgjafa aukist til muna enda kalla stór kúabú á sérhæfða ráðgjöf en ekki er á færi eins ráðgjafa að sinna hefðbundnu dönsku kúabúi í dag. Að hverju kúabúi standa margir sérhæfðir ráðgjafar í nautgriparækt: einn í fódrun, einn í fóduröflun, einn í kynbótum, einn í hagfræði, einn í mjaltatækni og mjólkurgæðum og svo mætti áfram telja. Samhliða þessari þróun í ráðgjöf til bænda eru bændur dagsins í dag, sem eðlilegt er, miklu kröfuharðari en áður en það hefur gerst samhliða sérhæfingunni í ráðgjöfinni.

Eðlilega gerir bóndi meiri kröfur til ráðgjafa sem einungis starfar á þröngu sviði en til ráðgjafa sem er að gutla í öllu ferli mjólkurframleiðslunnar. Þessar auknu kröfur bændanna sjálfra hafa ekki hentað öllum ráðgjöfum í landinu og því sumir hellst úr lestinni en aðrir eflst til muna. Í þessu eina en umfangs-

mikla erindi var farið yfir framangreinda þróun og rætt um hvernig breyta þarf ráðgjöfinni til þess að mæta hinum kröfuhörðu bændum.

Nú er í auknum mæli horft til þeirrar manngerðar sem bóndinn er og starfsmenn hans. Hver og einn hefur sína sérstöðu og það liggur fyrir að beita þarf mismunandi tækni við að gefa ólíkum bændum sömu

ráðin. Þessi tækni við ráðgjöf hefur verið notuð af mjólkurgæðaráðgjöfunum í Danmörku nú í á þriðja ár með afar góðum árangri.

Fleiri málstofur

Í næsta Bændablaði verður fjallað um fleiri málstofur ráðstefnunnar. Þeir sem ekki geta beðið þeirrar

umfjöllunar má benda sérstaklega á að bæði útdrættir og flest erindi, þ.e. afrit af glærum fyrirlesara, má hlaða niður af heimasíðunni www.kvaegkongres.dk

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Ráðgjafi hjá SEGES P/S
Danmörku

Göngur eða hjólreiðar?

Langar þig ÚT að hreyfa þig?

Ferðaskrifstofan Íslandsvinir býður upp á fjölbreytt úrval göngu- og hjólaferða til Ítalíu, Austurríkis, Frakklands, Slóveníu, Króatíu og Noregs.

Kíktu inn á www.islandsvinir.is til að fá allar nánari upplýsingar um ferðirnar okkar sem eru spennandi valkostur fyrir þig sem vilt koma út að hreyfa þig!



Íslandsvinir
ferðaskrifstofa

Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 9500 | www.islandsvinir.is | info@explorer.is





Endurmenntun Lbhl

Meðferð varnarefna í landbúnaði
Í samstarfi við Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitið og Farskólann
Hvaða úrræði eru möguleg til að berjast við þær óvæður sem við er að eiga í ræktun?
Hefst 15. mars á Sauðárkróki
Hefst 6. apríl á Reykjum, Ölfusi

Nautgriparæktarkefið Huppa
Í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Notkun á skýrsluhaldsforritinu Huppu og gæðastýring í ræktunarstarfi nautgripa
Haldið 17. mars á Selfossi
Haldið 17. mars á Sauðárkróki
Haldið 18. mars á Akureyri
Haldið 18. mars á Hvanneyri

Húsgagnagerð úr skógarefni
Hvernig er hægt að smíða úr því efni sem fellur til við grisjun?
Hefst 18. mars á Snæfoksstöðum

Tálgun - ferskar viðarnytjar
Lærðu að táлга, þurrka og pússa nytjahluti og skrautmuni úr ferskum við
Hefst 1. apríl á Reykjum, Ölfusi

Trjáfellingar og grisjun með keðjusög
Hvaða tré á að fella, hvernig á að grisja skóg og hvernig er öruggast að fella tré?
Hefst 5. apríl á Reykjum, Ölfusi

Girðingar
Allt um uppsetningar á net- og rafgirðingum
Haldið 15. apríl hjá Lbhl á Hvanneyri

Torf- og grjóthleðsla
Íslensk byggingaarfleið, byggingar úr hefðbundnu íslensku efni, torfi og grjóti
Hefst 6. maí á Reykjum í Ölfusi



Áhrif heygæða á afurðir og heilsufar sauðfjár

— grein 2: orkujafnvægi áa

Í grein 1 í þessum greinaflokki (Bændablaðið, 25. febrúar 2016, bls. 52) var því haldið fram að þegar jarðrækt og fóduröflun er eins og best verður á kosið geti heimaaflið gróffóður og beit farið mjög langt með að uppfylla allar fódurþarfir á íslenskum sauðfjárbúum.

Þar var farið yfir áhrif orkugildis heyjanna á fódunarvirði þeirra, þ.e. hversu mikilli orkuþörf gróffóðrið eitt og sér getur staðið undir. Það traust sem við leggjum á gróffóðrið byggir m.a. á tveimur skilyrðum: a) að nýta eðlilega getu ánnu til hringrásar forðafitu (bötun og aflagn-ing) og b) að teknu tilliti til þessarar getu og gæða heyjanna á hverjum tíma, að bæta upp það sem á vantar með viðbótarfóðri.

Hinu síðartalda verða gerð skil í næstu grein (grein 3) en nú er sem sagt komið að því að fjalla aðeins betur um hringrás forðafitunnar á sauðfénu, hvað er eðlilegt, æskilegt og varasamt í því efni.

Niðurbrot forðafitu hjá sauðfé eftir burðinn

Á 1. mynd má sjá hvernig mjólkurframleiðsla áa (lítar/dag) ræðst annars vegar af fitubirgðum á skrokki ánnu (5 til 20 kg) og hins vegar af orku úr fóðri (lítill ~ 1,7 FEm/dag; meðal ~ 2,1 FEm/dag; mikill ~ 2,5 FEm/dag) í upphafi mjaltaskeiðs. Myndin byggir á breskum rannsóknunum (Robinson, 1990) á ám sem voru nálægt 70 kg þyngd að meðaltali og mjólkðu tveimur lömbum. Hæð súlnanna sýnir nytina og tölurnar neðst í súlnunum fituniðurbrot af holdum í grömmum á dag. Í hverjum fódunarflokki voru fjórir hópar áa með mismikil hold á skrokknunum, tölurnar fyrir ofan súlnurnar í hverjum fódunarflokki sýna fitubirgðirnar (5 til 20 kg).

Gott holdafar fyrir burð = innistæða sem taka má út af

Hjá ánum í fódunarflokknum lengst til hægri á 1. mynd (mikill fóðrun) eru orkuþarfir uppfylltar með fóðrinu, fituniðurbrot er sáralítið og sambærilegt hjá feittum ám og horuðum. Og það sem meira er, mjólkurframleiðslan er er óháð fitubirgðunum, er í öllum tilfellum um 3,5 lítrar á dag. Hjá ánum í fódurflokknum lengst til vinstri á myndinni (lítill fóðrun) er nytin hins vegar mikið háð holdafarinu, horuðustu ærnar brjóta niður 105 g fitu og mjólka rúma 2 lítra á dag en þær feittustu brjóta niður 360 g af fitu og mjólka um 3 lítra á dag. Í fódurflokknum á miðri mynd (meðal fóðrun) er nytin töluvert háð holdafarinu en feittustu ærnar mjólka þó um það bil 3,2-3,3 lítra á dag.

Góð fóðrun eftir burð – innistæðan endist lengur

Þó að 1. mynd sýni vel hve gríðarlega mikla orku til mjólkurmyndunar ær geta tekið af holdum, þá sýnir hún líka að full mjólkurafköst nást ekki nema fóðrun eftir burðinn sé einnig góð. Því betri sem fóðrunin er, því lengur fram á mjólkurskeiðið endast holdin á ánum. Oft er möguleiki á afturkipti í næringarefnaframboði þegar fé fer af ræktuðu landi á úthaga, þá er betra að enn sé eftir innistæða í holdabankanum til að brúa bilið.


Áhrif neikvæðs orkujafnvægis á heilsufar eru háð holdafari

Eins og 1. mynd sýnir er hraði fituniðurbrots í réttu samhengi við holdafar ánnu. Fitusöfnun í lifur verður ekki nema fituniðurbrotið sé



Heyjað á Reykjum í Hrutafirði.

Mynd / HKR.



Mynd 1: Áhrif holdafars og fódurstyrks á mjólkurframleiðslu áa (Robinson, 1990).

nokkuð hratt. Því eru feitu ærnar í meiri hættu á að þróa með sér fitulífur en þær mögru, sem hins vegar eru enn líklegri til að þróa með sér bein einkenni glúkósa-/orkuskorts, sem lýst var í grein 1.

Afurðatekjur eru háðar holdafari við burð

Reiknaðar fódurþarfir tvílembu fyrstu vikurnar eftir burð eru 2,4 FEm dag; sambærilegt við það sem kallast mikill fóðrun á 1. mynd. Um fóduráætlanagerð má lesa í 4. kafla bókarinnar Sauðfjárrækt á Íslandi, ýmsar forsendur sem notaðar eru hér eru betur rökstuddar þar en rúm er til að gera í þessum pistli. Við reiknum með að meðan ærnar eru á gjöf fyrst eftir burðinn gætu þær innbyrt 2,3 kg þe/dag af úrvalsgróffóðri sem hefði orkustyrk 0,85 FEm/kg þe. Það gefur orku sem nemur $2,3 \times 0,85 = 1,95$ FEm/dag. Ef við bætum við 150-200 g af kjarnfóðurbloðu er orkustyrkurinn nálægt því sem var í meðalfóðrun skv. 1. mynd. Ef heygæðin eru lakari og jafnvel ekkert kjarnfóður gefið er fóðrunin nær því sem taldist lítill fóðrun á 1. mynd. Við bæði litla og meðal fóðrun skv. þessu skiptir þá miklu máli hvert holdafar ánnu er við burðinn upp á það að gera hver nytin verður og þar með vöxtur lambanna.

Vaxtarhraði lamba skv. íslenskum og erlendum rannsóknum er nálægt 200 g/dag á hvern lítra mjólkur sem lömbin innbyrða. Tvílembingar undan á sem mjólkar 3 lítra á dag vaxa þá um 300 g/dag hvort lamb en hjá á sem mjólkar 2 lítra á dag vex

hvor tvílembingur um 200 g/dag. Ef munurinn á vaxtarhraða lamba milli þessara tveggja áa er þessi 100 g/dag í 100 daga þá þýðir það 10 kg munur í lífpunga. Sem er a.m.k. 4 kg fallþunga á lamb og þá 8 kg á tvílembuna. Ef hvert kg gefur 800 kr í tekjur (afurðaverð + stuðningsgreiðslur) þá er verðmæti þessa munar 6.400 kr/tvílembu.

Rétt er að taka fram að það er mjög háð gæðum sumarþeirrar hversu mikill munurinn á vaxtarhraða lamba hjá vænum ám og mögrum er og hversu lengi hann helst. Dæmið sem hér er tekið er rétt að túlka með þessum fyrirvara.

Hvað má kosta að byggja upp holdin?

Framangreindur munur í vexti, og þar með afurðatekju, gæti eingöngu verið kominn til vegna mismunar í holdafari ánnu við burð, munar sem gæti numið 15 kg af fitu sem er munurinn á grindhóðri á og vel feitri. Til þess að framleiða 15 kg af fitu á skrokki kindar þarf um 84 mjólkurfóðureiningar (FEm). Hver slík fóðureining má þá kosta $6.400/84 = 76$ krónur. Þetta er ekki fjarri því sem fóðureining í kjarnfóðri kostar.

Ef heygæði eru eðlileg er hins vegar hægt að ná þessu fitustigi án kjarnfóðurgjafar. Almenn reiknum við með að hver fóðureining í gróffóðri sé töluvert ódýrari en í kjarnfóðri. Búreikninganiðurstöður ársins 2013 á vefsíðu Hagstofu Íslands sýna breytilegan kostnað við gróffóðuröflun á bilinu 20-25 kr/FEm, sem er í

raun viðbótarkostnaðurinn (án vinnu) við hverja fóðureiningu sem aflað er sé gert ráð fyrir að fastur kostnaður breytist ekki þó magn og/eða gæði uppskeru breytist. Þó að þessir útreikningar séu nokkuð lauslegir ættu þeir að duga sem rökstuðningur fyrir hagkvæmni þess að miða vetrarfóðrun að því að byggja upp hold á ánum með gróffóðri þannig að þær hafi nóg hold til að mjólka af og mæta þannig eðlilegu neikvæðu orkujafnvægi í upphafi mjaltaskeiðs og einnig sveiflum í beitargæðum á úthaga að sumrinu.

Hvernig er heppilegast að byggja upp holdin?

Það þarf sennilega ekki svona talnaleikfimi til, enginn vafi leikur á því að gott holdafar áa við burð er nokkuð sem stefnt er að á íslenskum sauðfjárbúum. Og enginn stefnir heldur að því að ærnar tálgi svo af sér hold að þær falli nokkurn tíma í horaðasta flokkinn skv. 1. mynd hér að framan.

Hins vegar segja bæði innlendir og erlendir rannsóknir okkur að holdatap á mjólkurskeiði uppá 5-10 kg af fitu er eðlilegt og óskaðlegt, ef það á sér stað með hóflegum hraða sem að öllu jöfnu á að vera hægt að tryggja með stigbatnandi fódurgæðum á seinni hluta meðgöngunnar og góðri fóðrun og beit eftir burðinn. Þessu fitutapi þarf svo að ná til baka á tímabilinu frá réttum og þar til 2-4 vikum fyrir burð, þegar eðlilegt er að holdasöfnun stöðvist og holdatap hefjist í hóflegum mæli rétt í lok meðgöngunnar eins og síðar verður víkið að.

Við gætum gefið okkur að þetta tímabil holdsöfnunar sé frá 20. september til 10. apríl, sem er rúmlega helmingur ársins eða ca. 200 dagar. Ef við reiknum með að ná þurfi upp 10 kg í töpuðum fituforða þá þarf fitusöfnunin að nema 50 g/dag að meðaltali yfir þennan tíma. Mikið er fengið með því að haustbeitin sé það góð að holdsöfnun sé rífleg á henni, sú bötun er ódýrust svo lengi sem hún gengur ekki of nærri beiti-landinu. Í öllu falli er mikilvægt að ærnar séu komnar í meðalhold og ríflega það og séu jafnframt í framför um það leyti sem þær festa fang. Holdsöfnunin má vera hægari á meðgöngunni en það fer þó allt eftir

því hvaða marki er náð í holdsöfnun við upphaf hennar.

Hæfileg gróffóðurgæði á sauðfjárbúi

Í 4. kafla bókarinnar Sauðfjárrækt á Íslandi er farið í gegnum fóduráætlanagerð á sauðfjárbúi. Ein megin niðurstaðan þar er að gott geti verið að flokka heyforðann á búinu í þrjá gæðaflokka, og miða við tvö lömb eftir fullorðnar ær, eitt lamb eftir lambgimbrar, góðan þroska ungviðisins, almennt góð hold við burð og góða fóðrun í allt að fjórar vikur eftir burð (inni/úti eftir atvikum). Þá verður æskileg skipting heyforðans í gæðaflokka um það bil svona:

- Úrvalshey – flokkur A (~0,85 FEm/kg þe) – 31%
- Gott hey – flokkur B (~0,80 FEm/kg þe) – 42%
- Samilegt hey – flokkur C (~0,75 FEm/kg þe) – 27%
- Þessi hlutföll eru ágæt til viðmiðunar en burðartími o.fl. þættir hafa að sjálfsögðu áhrif á þau.

Hvað ef gróffóðurgæðin eru ekki í samræmi við kröfur?

Tökum dæmi: ef allt heyið á búinu er sem nemur einum gæðaflokki neðar, þ.e. orkustyrkurinn væri 0,05 FEm/kg þe lægri en æskilegt væri skv. fyrrgreindu plani, hvaða áhrif hefur það á holdsöfnun? Samkvæmt því sem kom fram um fódunarvirði í grein 1 (Bændablaðið, 25. febrúar 2016, bls. 52, 1. tafla) mundi þetta þýða 0,15 FEm/dag minni orkuinn-töku. Það er svo hægt að reikna yfir í það að holdsöfnun verði minni sem nemur um 25 g af fitu á dag, sem á 200 dögum eru um 5 kg af fitu sem vantar uppá birgðirnar. Ef við bætist að verkun er léleg gæti átið skv. því sem áður var rakið verið a.m.k. 10% minna en ella sem gæti þá með svipuðum útreikningum þýtt að holdsöfnun yfir veturinn væri mjög lítill, og aflagn-ing hæfist fyrir á meðgöngunni og yrði meiri en æskilegt væri.

Lokaorð

Hér að framan hefur aðallega verið dvalið við áhrif gróffóðurgæðana á holdafar og afurðir fjárens. Jafnframt hefur verið gerð tilraun til að meta slík áhrif til fjár. Slíkt þarf þó ekki til að sannfæra bændur um áhrif góðrar fóduröflunar á afkomuna, sú vitneskja er fyrir hendi þó ekki sé hún alls staðar færð í tölur með þessum hætti. En einmitt það hversu mikil fjárhagsleg áhrif áföll í fóduröfluninni geta haft í för með sér, jafnvel án þess að til komi óvenjuleg vanhöld, er góð ástæða fyrir því að flestir reyna allt sem þeir geta til að heyja vel, bæði hvað varðar gæði og magn.

En náttúran getur sett strik í reikninginn, sauðfjárræktin á ennþá mjög mikið undir náttúruöflunum eins og fjölmörg dæmi á undanföllum árum sýna (kalár, eldgos, þurrkasumur, rigningasumur, hriðarbyljir á ólíklegustu árstímum). Góð búmennska hjá íslenskum sauðfjárbónda felst ekki síst í því að vera eins vel undir duttlunga náttúrunnar búinn og hægt er. Þar er alltaf eitthvað nýtt hægt að læra.

Helstu heimildir

Jóhannes Sveinbjörnsson 2013. Fódurþarfir og fóðrun sauðfjár. 4. kafla (bls. 74-96) í: Sauðfjárrækt á Íslandi. Uppheimar 2013. Robinson, J.J., 1990. Nutrition in the reproduction of farm animals. Nutrition Research reviews 3: 253-276.

Grænfóðurtilraunir á Hvanneyri vorið 2015

Eins og undanfarin ár var sáð í grænfóðurtilraunir á Hvanneyri vorið 2015. Eins og menn muna var vorið afar kalt, en þó varð tilraunalandið nægilega þurrt til vinnslu í byrjun maí. Ákveðið var að sá tvisvar, 6. maí og hálf-um mánuði seinna, sem varð 22. maí. Í tilraununum var sáð þeim stofnum af rýgresi og vetrarrepju sem voru á markaði.

Allt gekk mjög hægt í byrjun. Eftir fyrri sáðtímann tók það repjuna 3 vikur að sýna minnsta spírunarvott en rýgresið 4 vikur. Þetta ætti að vera uppskriftnin að því að vetrarrepja „breytist“ í sumarrepju og blómstri mjög fljótt. Sú varð þó ekki raunin, það var aðeins sá gamli og góði Barcoli sem blómstraði, en þó ekki meira en oft hefur verið, og a.m.k. ekki áberandi meira eftir fyrri sáðtímann en hinn seinni. Illgresi (mest skurfa) var ekki til trafala að marki, en reyndi þó greinilega mest á Akela, sem er mjög lágvaxið, og Dasas sem er viðkvæmast af rýgresinu.


Uppskeyra repju

Við fyrri sáðtímann var repjan slegin 27. ágúst en 4. september eftir þann seinni. Uppskeyra stofnanna, sem og hvernig hún skiptist í stöngla, blaðstíla og blöðkur er sýnd á 1. mynd. Reynslan kennir að kýr á randbeit nýta blöðkurnar og í einhverjum mæli blaðstíla, en stönglar troðast undir. Það skal tekið fram að við seinni sláttutímann var einn Barcolireitur afbrigðilega uppskerumikill; án hans var meðalupskeyra Barcoli mjög lík annarra afbrigða.



Uppskeyra rýgresis

Heildarupskeyra rýgresisstofna og skipting í 1. og 2. slátt er sýnd á 2. mynd. Dasas er áberandi lakast eftir fyrri sáðtímann; var nokkurn tíma að komast uppúr illgresi(skurfu). Bartigra er uppskerumest þótt ekki muni miklu.


Eftir fyrri sáningu eru aðeins 35 dagar milli sláttar, og meðalspretta á dag 60–70 kg þe/ha, en eftir seinni sáðtímann liðu 45 dagar milli sláttar



Mynd 1. Uppskeyra repjustofna 2015 og skipting í líffæri.



Mynd 2. Uppskeyra rýgresis 2015. S= sumarrýgresi, V= vetrarrýgresi, 2X tvílitna.



og meðalsprettan á dag 40–50 kg þe/ha. Það er í stíl fyrri reynslu að því fyrir sem rýgresi er slegið, því örari endurvexti má búast við; þar kemur líklega hvort tveggja til, minni inngeslun og lægra hitastig.

Rýgresi heldur áfram að spretta fram eftir hausti, 23. september var kominn dálítill hjýjungur eftir slátt 4. september. Hann virtist mestur á Barmultra og einföld uppskerumæling gaf 3,5 hkg þe/ha. Á þessu góða hausti hélt sprettan sýnilega áfram, en var ekki mæld.

Lærdómurinn

Ef draga á ályktun um repju er sú helst að þar sem aðrir stofnar blómstra miklu síður en Barcoli ætti notkun hans að hverfa, en Delta og Hobson að taka við ef vænta má illgresis, en Akela að auki ef land er illgresislaust. Sömu leiðis að kuldatið eftir sáningu valdi ekki blómgun þessara stofna. Þess vegna er óhætt að sá vetrarrepju snemma til að hafa beit fyrir kýr miðsumars. Þegar repjan

var slegin eftir seinni sáðtímann var blaðmassinn 2,5–3 tonn af þurrefni á hektara (250–300 g/m²) líkt og áður hefur verið mælt. Meira en helmingur uppskerunnar mun troðast undir við randbeit kúa, og spurning hvort ekki er vert að prófa svokallaða 0-beit, slá repjuna og gefa á fóðurborð, ekki síst sem hluti heilfóðurs.

Dasas var seinast til að komast uppúr illgresi af vetrarrýgresi eins og oft hefur sýnt sig og Swale af sumarrýgresi. Þessir stofnar eru

tvílitna en aðrir ferlitna. Tvílitna stofnar eru almennt fingerðari en ferlitna.

Af rýgresi næst hvort sínum megin við 7000 kg þe/ha. Í báðum tilraunum ber Bartigra hæst. Tilraun A var slegin seinna en skyldi vegna bleytutíðar, en reynslan er að það sem á vantar í fyrra slætti skilar sér í þeim seinni. Það er engin ástæða til að draga sáningu rýgresis og í öllum venjulegum árum má slá tvisvar (eða slá og beita) og fá að auki einhverja beit að hausti.

Lesendabás

Gæðastýring í sauðfjárrækt og sjálfbær landnýting

Ég, eins og fleiri, er hugsi yfir nýjum samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, sem er hluti af búvörusamningnum, og hvernig hann muni þjóna bændum, landi og þjóð.

Alls verða greiðslur til sauðfjárbænda á næsta ári tæpir 5 milljarðar – í lok samnings um 4,5 milljarðar. Nær allur þessi stuðningur er beintengdur við fjárfjölda, það er að segja, bóndinn fær ríflega 10.000 kr. í stuðning fyrir hverja vetrarfóðraða kind. Um helmingur greiðslna er nú svokallaðar beingreiðslur, um þriðjungur svokölluð gæðastýring sem er: „Álagsgreiðslur sem greiðast á allt framleitt kindakjöt frá framleiðendum sem uppfylla kröfur um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu“ o.fl. (nýr búvörusamningur – grein 4.). Þetta álag er því einnig beintengt við fjárfjölda. Því fleira fé, því hærri gæðastýringargreiðslur sem er óheppilegt því aukinn fjárfjöldi eykur að sjálfsgöðu álag á beitiland.

Sú stofnun sem ég starfa hjá hefur það hlutverk að skila umsögn til Matvælastofnunar um hvort landnýting hjá framleiðendum sé sjálfbær, þ.e.a.s. að beit sé stillt í hóf svo ekki sé gengið of nærri gróðri og jarðvegi og að auðnir þar sem gróður



Guðmundur Halldórsson.

er að berjast við að nema land séu ekki beittar. Alloft hafa verið gerðar athugasemdir við að landnýting sé ekki sjálfbær, en í reynd hefur ekkert bú misst gæðastýringargreiðslur þrátt fyrir slæmt ástand beitilands. Fyrir stofnun sem hefur þá lagalegu skyldu að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs er þetta alvarleg staða. Það er svipað og að heilbrigðiseftirliti væri ekki heimilt að loka matvælavinnslu þar sem heilbrigðiskröfum er ekki fullnægt.

Þurfa sauðfjárbændur að hafa áhyggjur af þessari stöðu? Ég tel að



Uppgrætt land norðan við Gunnarsholt.

Mynd / Ásgeir Jónsson.

svo sé. Sé hugmyndin með búvörusamningnum sú að gæðastýringu verði framfylgt í raun með faglegum hætti, sem hlýtur að vera ætlunin, blasir við erfið staða fyrir margan bóndann. Að missa gæðastýringarálag í dag er alvarleg tekjuskurðing – árið 2025 verður staðan enn erfiðari. Þá mun búið missa um 6.000 kr. tekjur á hverja vetrarfóðraða kind verði gæðastýringargreiðslur stöðvaðar. Það er tap upp á um 3 milljónir kr. á ári í hreinum tekjum fyrir 500 kinda bú, sem er nærri því að vera meðalbú. Það er hætt við að margir bændur myndu

kikna undan slíku. Hinn möguleikinn er að gæðastýringin verði áfram í reynd marklaus. Sá kostur þjónar ekki bændum til langframa. Nú er í gangi söluáttak sem hefur að megininntaki að íslenskt lambakjöt sé framleitt á sjálfbæran hátt. Ef gæðastýring, sem á að tryggja sjálfbæra framleiðslu, er ekki virk þá er tómt mál að tala um sjálfbærni í þessu samhengi. Þetta er pattstaða sem þjónar ekki bændum, ekki landinu og ekki þjóðinni.

Eru til aðrar leiðir? Já, þær eru til. Um allt land blasa við brýn landbótaverkefni. Vaxandi álag frá ferða-

mönnum kallar á úrbætur og uppbyggingu, það þarf að endurheimta votlendi, það þarf að græða upp rofið land, það þarf að binda kolefni í jarðvegi og gróðri og svo mætti lengi telja. Öll þessi verkefni eru í sveitum landsins og krefjast fólks sem þekkir landið, kann til uppgræðslustarfa og á vélar sem til þarf. Í búvörusamninginn þarf að setja ákvæði um að bóndi sem missir gæðastýringarálag eigi þess kost að breyta búháttum og sækja tekjur í vinnu við brýnar landbætur. Þannig mætti slá margar flugur í einu höggi. Það yrði bylting í verndun gróðurs og jarðvegs, skapaðir nýir atvinnumöguleikar í sveitum landsins og dregið úr hættu á offramleiðslu lambakjöts.

Að lokum þetta. Neysla landsmanna á lambakjöti hefur dregist saman um áratuga skeið. Nú hefur verið hafið áttak til að snúa þessari þróun við og styrkja markaðssókn erlendis. Sú sókn byggir á því að íslenskt lambakjöt sé einstök hágæða vara, framleidd á umhverfisvænan hátt. Þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram ríma vel við það.

Guðmundur Halldórsson
Höfundur er starfsmaður
Landgræðslu ríkisins

Viltu verða bóndi?

Í mörg horn þarf að líta er búskapur er hafinn. Er um ætliðaskipti að ræða eða kaup á búi á almennum markaði?

- Hvernig fer ætliðaskiptaferlið fram?
- Hefur verið gerður samningur?
- Hver er aðkoma fráfarandi bónda o.s.frv.?
- Ef um kaup er að ræða, hvernig skal fjármagna kaupin?
- Hverjir eru framtíðarmöguleikar búans, og svo framvegis?

Margar spurningar vakna í upphafi. Hér verður rætt um ætliðaskipti.

Fjölskyldur forðast oft að skipuleggja ætliðaskipti því þær vilja ekki hætta á ósætti vegna mismunandi gilda til virðis og framtíðar búans. Jafnvel er reiknað með því að ágreiningur innan fjölskyldunnar leysist af sjálfu sér þegar gengið er frá skattalegum og lögfræðilegum þáttum. Alvarleg vandamál geta komið upp ef ferlið hefst aldrei.

Ekki er öllum ljóst hvað það er sem þarf að taka tillit til þegar ætliðaskipti eru rædd innan fjölskyldunnar. Oft á tíðum er viss afneitun til staðar. Mikilvægi þess að greina gildi og markmið hvers og eins er því gífurlegt í ætliðaskiptaferlinu, því fjölskyldan og búreksturinn er háð hvort öðru. Ef það er gert gengur ferlið mun betur fyrir sig þegar farið er að funda um framkvæmd ætliðaskiptanna. Þó má búast við spennu eða árekstrum vegna mismunandi hlutverka og misjafns mats á verðgildi. Ferlið gengur mun betur fyrir sig ef allir hlutaðeigandi fá tækifæri til að bera kennsl á þarfir sínar og tjá þær. Hlutaðeigandi eru fráfarandi bændur og tilvonandi bændur ásamt afkomendum og erfingjum þeirra fráfarandi.

Þegar væntingar allra eru komnar fram er kominn grundvöllur fyrir því að finna réttu leiðina sem hentar við ætliðaskiptin. Engin ein leið er rétt, í hverju og einu tilfelli þarf að finna þá leið sem hentar. Fjárhagur aðila er misjafn og því mismunandi „réttar“ leiðir sem fjölskyldan sættist á. Ekki er nóg að hugsa eingöngu um þátt nýliðans því fráfarandi bændur þurfa ekki síður að huga að því hvernig lágmarka skuli kostnað vegna ætliðaskiptanna.

Oleystir árekstrar geta haft mikil áhrif á langúmaárangur og lífvænleika búrekstrarins sem og ferlið við ætliðaskiptin. Eldri kynslóðin gæti komist að þeirri niðurstöðu að sama hvað sé gert, verði alltaf einhverjir af yngri kynslóðinni óánægðir. Eldri kynslóðin ætti ekki að láta þetta stöðva ferlið við að komast að niðurstöðu og taka ákvörðun um



Heyskapur í Hofsárdal í Vopnafirði.

Mynd / HKr.



ætliðaskiptin. Munum að þau sem mynda eldri kynslóðina hafa unnið hörðum höndum að því að auka virði búrekstursins – hann er eign þeirra og það er þeirra að ráðstafa henni eins og þau álíta best.

Markmiðasetning

Markmiðasetning er því gífurlega mikilvæg þegar ætliðaskipti eiga sér stað á búi. Hver og einn þarf að greina skoðanir sínar vegna ætliðaskiptaferlisins og málefna sem tengjast því. Má þar nefna framtíð fjölskyldubúsins, væntingar til ætliðaskiptanna, stjórnun búrekstursins, öryggi beggja kynslóða og áhyggjur.

Markmið hvers og eins þurfa að vera gerð persónulega, með fjölskyldu og vegna rekstrar búans, bæði sem lang- og skammtíma-markmið. Búrekstrinum er einnig hægt að skipta upp í fjögur svið og taka ákvörðun út frá hverju sviði,

sem eru; dagleg starfsemi, stjórn fjármála/fjárhags, markaðsmál/sala afurða og framleiðsla. Með slíkri sundurliðun geta komið upp fleirir og möguleikar við ætliðaskiptin sem ekki sást áður.

Þegar hlutaðeigandi aðilar hafa samþykkt fyrirkomulagið er mikilvægt að vinna að samningi sem ekki einungis fráfarandi og tilvonandi bóndi samþykkja, heldur einnig systkini og aðrir erfingjar. Ætliðaskipti fela í sér breytingar

fyrir alla aðila beggja kynslóða. Að hafa alla hlutaðeigandi aðila virka í ferlinu getur hægt á því en jafnframt aukið líkur á að allir vinni að sömu langtíma markmiðum í stað þess að mæta sínum þörfum á hverjum tíma. Með því að vinna með þessum hætti minnka líkurnar á því að ósætti skapist innan fjölskyldunnar, meðan á ætliðaskiptum stendur og seinna meir.

Ætliðaskipti á búi

Á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) eru aðgengileg vinnublöð – „Ætliðaskipti á búi“ sem leiðir fólk í gegnum slíka markmiðasetningu með gátlistaformi.

Bæklingarnir „Ætliðaskipti“ og „Kaup á almennum markaði“ sem eru aðgengilegir á vef RML vísa á margar gagnlegar vefsíður vegna búrekstrar. Þeir aðstoða jafnvel við að opna huga manns við að greina tækifærin og finna lausnir á þeim hindrunum sem geta komið upp við upphaf búskapar. Einnig aðstoða ráðunautar RML með það.

Búskapur er búrekstur og því ber bóndi sömu skyldur og ef um annan fyrirtækjarekstur væri að ræða. Ýmsar eru skyldurnar sem búrekstri ber að hlýta. Á vef RML má einnig nálgast rafræna vegvísa fyrir sauðfjár-, nautgripa- og hrossarækt er leiða nýliða skref fyrir skref í gegnum umsókna- og tilkynningaferlið við upphaf búrekstrar.

Rekstraráætlun mikilvæg

Mikilvægi þess að vinna rekstraráætlun og jafnvel viðskiptaáætlun fyrir búreksturinn er sjaldan of oft kveðin. Með því er hugmyndum komið á skriflegt form og dæmið sett upp og athugað hvort reksturinn getur gengið upp eða ekki. Rekstraráætlun gefur til kynna hver staðan er hverju sinni og sýnir hverjir framtíðarmöguleikar búreksturins eru. Við vinnslu rekstraráætlunar eru sett markmið sem eru mikilvæg í hverjum rekstri og komið auga á vandkvæði og fjármögnunarbörf í tíma, svo hægt er að setja sér markmið um hvernig eigi að bregðast við því. Rekstrarsvið RML eru sérfræðingar í rekstraráætlunum fyrir búrekstur.

Upplýsingar

Rafræna vegvísa og nánari upplýsingar er að finna á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is undir Búseta í sveit. Einnig er hægt að hafa samband við Guðnýju Harðardóttur, ráðunaut RML, gudnyh@rml.is sími: 516-5021.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Loftræsting og hreint loft í útihúsum

Í spjalli við Guðmund Hallgrímsson sem hefur undanfarna mánuði verið að skoða með bændum býli þeirra og fara yfir úrbætur í kjölfar heimsóknar sagði hann mér að víða væri loftræstingu í útihúsum ábótavant.

Við framleiðslu á mjólk og kjöti þarf að gæta hreinlætis og að loftræsting sé góð. Víða er auðvelt að gera úrbætur, rétt eins og á flestum reyklausum vinnustöðum og þeir sem reykja verða að reykja utan dýra. Af sömu sökum þarf að huga að notkun liðléttinga inni í útihúsum með velferð dýranna að leiðarljósi og lágmarka reyk frá vélum. Slæm

loftræsting hlýtur að bitna á velferð dýra frá útblæstri véla jafnt sem manna sem dýra.

Vantar rafmagnsliðléttinga

Oft hefur komið upp í hugann hjá mér, þegar ég hef verið að skoða smávélar og tæki, að það vanti tilfínnað vinnuvélar inni á fóðurgöngum sem knúnar eru með rafmagni. Eitthvað virðist eins og að framleiðendur vinnuvéla leggi lítið upp úr að



framleiða liðléttinga fyrir landbúnað sem knúnir eru rafmagnsmótor.

Hins vegar veit ég til þess að væntanlegir eru liðléttingar frá nokkrum framleiðendum á næstunni, en á meðan notast er við bensín eða dísilknúin tæki þarf að huga vel að loftræstingu eða lofta vel út á meðan tækin eru í notkun.

Lausn og hugvit

Í spjalli við sölumann smávéla um rafmagnsliðléttinga veltum við fyrir okkur af hverju ekki væri meira af rafmagnstækjum fyrir landbúnað. Þá datt

okkur í hug tæki sem mikið er notað í sendiferðabílum og flutningabílum sem eru rafmagnslyftarar fyrir vörubretti. Svona lyftarar geta verið í notkun í marga klukkutíma á rafmagnshleðslunni, lyftigetan er mikil og með því að smíða á vörubretti kassa eða annað sem til þarf í þá vinnu sem vinna þarf. Með þessu er allavega hægt að losna við óhollan útblástur inni í húsunum. Eflaust má nota tæki til vinnu sem ætluð eru í aðra notkun en að fóðra skepnur, en á meðan lítið er um heilsusamleg vinnutæki á fóðurgangana þá endilega hugið að loftræstingu með velferð dýra og manna í huga.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Bergur keypti jörðina af afa sínum, Guðgeiri Sumarliðasyni, í janúar 2015. Lúcia kom svo að Austurhlið í nóvember. Þegar Bergur tók við voru eingöngu kýr á bænum, en hann flutti svo kindur frá Borgarfelli að Austurhlið um vorið.

Býli: Austurhlið í Skaftártungu, Vestur-Skaftafellssýslu.

Staðsett í sveit: Framarlega í Skaftártungu, Skaftárhreppi.

Ábúendur: Bergur Sigfússon, fæddur 1994, og Lúcia Jóna Sigurbjörnsdóttir, fædd 1995.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við erum nú bara tvö ennhá, með tikurnar Tátu og Blesu.

Stærð jarðar? Um 380 hektarar.

Gerð bús? Blandað.

Fjöldi búfjár og tegundir? 27 kýr ásamt öðrum nautgripum og 80 vetrarfóðraðar kindur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar á mjöltum og öðrum gegningum, svo er nú bara árstíðabundið hvað verið er að gera milli mjalta. Vinnudagurinn endar svo á því að gefa í fjósið fyrir svefninn.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það eru nú öll bústörf skemmtileg ef vel gengur, en leiðinlegast af öllu eru flórsköfuviðgerðir.



Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Fleiri kýr, þá á líka að vera búið að stækka og bæta aðstöðu í fjósinu. Eins á að fjölga fénu.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við teljum þau í ágætum höndum.

Hvernig mun íslenskum landbúnáði vegna í framtíðinni? Vel, ef rétt er haldið á spöðunum.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Við teljum að markaðssetja þurfi íslenskar búvörur sem gæðavöru og selja á háu verði.



Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk og rabarbarasulta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambafille.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar fyrstu kindurnar komu að Austurhlið, en hér höfðu ekki verið kindur í tæp 30 ár.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Nýnorræn matargerð í öllu sínu veldi

Hér eru uppskriftir að nýnorrænum hætti þar sem hráefnið er valið eftir árstíðum og blandað er saman gömlum og nýjum matreiðsluhefðum. Food and Fun-matarhátíðinni er nýlokið en kokkurinn Martin Marko Hansen frá Danmörku var gestakokkur á Smurstöðinni í Hörpu.

Eftirfarandi uppskriftir eru runnar undan hans rifjum að hluta til.

Hægeldaður kjúklingur með byggottto, skessujurtasalsa og súrsuðum lauk

- › 1 kjúklingur (um 1800–2000 g)
- › 1 bragðlítill olía
- › 1 grein rósmarín
- › 2 stillkar garðablóðberg
- › 3 stk. hvítlauksgeirar

Súrsaður perlulaukur

- › 12 stk. perlulaukur
- › 220 ml (1 bolli) eplaedik
- › 50 g sykur
- › 110 ml (½ bolli) vatn

Skessujurtasalsa

- › ¼ búnt skessujurt eða önnur bragðmikil kryddjurt
- › ¼ búnt steinselja
- › ½–1 skarlottulaukur
- › 30 g af eplaedik
- › 30 g saxað hveitibrauð
- › 50 g góð olía

Byggotto

- › 100 g af perlubyggi (eða annað korn)

- › 2 lítrar (7 bollar) kjúklingasoð (vatn og kraftur)
- › 35 g ferskur rifinn ostur
- › 10 g af smjöri
- › 2 msk. bragðmikill ostur
- › ½ búnt af graslauk
- › salt og pipar

Aðferð:

Kjúklingur

Bútið niður kjúklinginn og setjið smá salt á kjúklingabringurnar. Takið þær til hliðar á disk.

Nuddið kjúklingalærin vandlega með smá salti og pipar og setjið í ofnfast fat með mikilli olíu. Hitið ofninn upp í 120 °C, setjið lærin inn og lækkið strax niður í 80°C og látið vera í um 1 klukkustund. Látið standa og kólna í olíunni í um 30 mínútur eða þar til á að framreiða réttinn.

Súrsaður perlulaukur

Skerið efst og neðst af flysjuðum lauknum. Sjóðið edik, vatn og sykur í litlum potti og setjið laukinn í þækilinn. Eldið í um 1 mínútu. Hyljið pottinn með plastfilmu og setjið til hliðar þangað til þarf að nota laukinn.

Skessujurtasalsa

Takið allar jurtirnar og setjið þær í matvinnsluvél með öðrum innihaldsefnum. Vinnið saman í stutta stund svo úr verði gróft salsa. Kryddið með salti, pipar og smá hunangi.

Byggotto

Setjið bygg ásamt kjúklingasoði í pott. Látið sjóða og fjarlægjið hvíta froðu sem myndast ofan á vökvanum. Lækkið niður hitann og látið byggjið sjóða rólega í um 15 mínútur, eða þar til það er mjúkt viðkomu. Hyljið með plastfilmu og setjið til

hliðar.

Saxið graslaukinn fint. Setjið í skál með osti, smjöri og bragðmiklum osti, t.d. Tind eða Ísbúa.

Þegar gesti ber að garði

Setjið kjúklingabringu á pönnu með smá olíu á miðlungs hita. Steikið þar til skinnið er gullinbrúnt og stökkt – það tekur um 5–10 mínútur. Snúið kjúklingabringunum og gefið þeim 1–2 mínútur á hinni hliðinni og takið þær síðan af hitanum og látið liggja á pönnunni (stórar bringur þarf að setja í ofn í stutta stund).

Takið lærin úr olíunni og rífið kjötið af beinunum.

Hitið byggjið upp. Hrærið saman kjötinu af lærunum ásamt rifnum osti, smjöri, sterka ostinum og graslauknum. Þetta gefur réttinum ljósa og rjómakennða áferð í stíl við ítalskt risotto. Verið varkár að ofsjóða ekki byggjið og kjötið. Bragðbætið með salti og pipar.

Framreiðið með perlulauk og jurtasalsanu.

Skerið hverja kjúklingabringu í 2 stykki langsum og setjið ofan á byggjið.

Skyr fromage með karamelluðum graskersfræjum og rauðum súrum:

- › 2 blöð af matarlími (lagt í bleyti í kalt vatn)
- › 300 g hrært skyr
- › 50 g sykur
- › 30 g af eplasafa til að leysa upp



Aðferð:

leggið matarlím í kalt vatn.

Hellið skyri og sykri í skál og hrærið saman þar til sykurinn er uppleystur.

Hitið eplasafann í litlum potti og takið af hellunni. Kreistið vatnið af matarlímshlöðunum og setjið það í heitan eplasafann og látið þau bráðna. Látið pottinn standa á



Hægeldaður kjúklingur með byggottto, skessujurtasalsa og súrsuðum lauk.

- › matarlímið
- › 250 ml (1 bolli) rjómi
- Karamelluð graskersfræ**
- › 40 g graskersfræ
- › 2 msk. hunang
- › 10 g af smjöri
- › 1 klípa salt

Skraut

- › ½ knippi rauðar súrur (eða garðsúrur)

eldhúsbörðinu á meðan rjóminn er léttþeyttur.

Hrærið skyrblöndunni varlega við eplasafa- og matarlímshlöðuna

Blandið rjómanum varlega saman við. Setjið í skálar eða súpubolla og kælið þar til stifnar.

Karamelluð graskersfræ

Ristið graskersfræ létt á þurri pönnu þar til þau eru gullinbrún og stökk og byrjuð að poppast.


Setjið svo hunang, smjör og salt á pönnuna og hrærið vel með tréslEIF. Blandan klessist lítillega. Haldið áfram þar til fræ fá slétta áferð. Færið á disk með smjörpappír og látið þau kólna.

Takið skálar með skyrfromage úr kæli.

Tillaga að framreiðslu

Gott er að smjörsteikja ávexti eða ber með smá sykri eða hunangi og dreypa yfir 1–2 tsk. af vökvanum sem kemur við steikingu.

Stráið karamelluðu graskersfræi yfir og skreytið að lokum með súrum.



Veðráttuteppi Handverkskúnnar 2016

Hugmyndin að þessu skemmtilega teppi vaknaði þegar ég var að vafrá um internetið og sá svona heklun teppi. Við mæðgur í Handverkskúnnar ákváðum að slá til og gera veðráttuteppi. Við stofnuðum hóp á Facebook sem heitir Veðráttuteppi Handverkskúnnar 2016 og erum við nú um 1.100 meðlimir sem erum að þrjána eða hekla teppi.

Leikurinn gengur út á að taka hitastig á þeim stað sem þú ert staðsettur, alltaf á sama tíma dagsins í 1 ár, og þrjána eða hekla eina umferð í þeim lit sem við á. Hópurinn er mjög virkur og svakalega gaman að fylgjast með öllum fallegu teppunum og sjá mismun þeirra eftir staðsetningu viðkomandi.

Zikk zakk garðaprójnsteppe

Stærð u.p.b.: 1,20X2 metrar

Garn: Kartopu Basak (sjá útsölastaði í auglýsingu hér til hliðar)

Þrjónastærð: Hringþrjónn 80-100 sm, nr 4,5-5mm

Fitjið upp 289 lykkjur og þrjónið garðaprójnn þannig:

Umferð 1 (réttan): Takið 1 lykkju óþrjónaða,*slá-



ið uppá þrjóninn, þrjónið 16 lykkjur slétt, takið 2 lykkjur saman óþrjónaðar (eins og þrjóna eigi þær slétt saman) þrjónið 1 lykkju slétt, steypið óþrjónuðu lykkjunum yfir, þrjónið 16 lykkjur slétt, sláið uppá þrjóninn, þrjónið 1 lykkju slétt* Endurtakið frá *-* út umferðina og endið á 16 lykkjur slétt, sláið uppá þrjóninn, 1 lykkja slétt


Umferð 2 (rangan): Takið 1 lykkju óþrjónaða, þrjónið 17 lykkjur *þrjónið 1 lykkju brugðið, þrjónið 35 lykkjur slétt*endurtakið frá *-* út umferðina og endið á 1 lykkja brugðin, 18 lykkjur slétt.

